FRÍTT
# FRÉTTABLAÐIÐ
296. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 16. DESEMBER 2016



Fjöldi sjómanna kom í land í gær en verkfall sjómanna hófst í fyrradag. Lítil bjartsýni er í viðræðum sjómanna við útgerðirnar og reiknað er með að skipin liggi við landfestar fram á nýtt ár. Framkvæmdastjóri SFS hefur sagt að verkfallið geti valdið ófyrirsjáanlegu fjárhagslegu tjóni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Þórlindur Kjartansson skrifar um klappstýrur „uppgjörsins“. 21
**SPORT** Markahæsti Íslendingurinn í sögu enska boltans. 20
**MENNING** Karlakór Reykjavíkur syngur jólalög um helgina 40
**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● FÓLK ● LÍFEYRISSJÓÐIR




## Handteknir eftir langa rannsókn

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn lögreglu á innflutningi fimm manna á fjórum kílóum af amfetamíni og miklu magni af sterum var umfangsmikil og hafði staðið yfir í nokkrar vikur þegar mennirnir voru handteknir og úrskurðaðir í gæsluvarðhald.

Mennirnir eru allir fæddir á bilinu 1982 til 1993. Tveir mannanna eru háskólanemar en í starfsnámi hjá líftæknifyrirtæki í Reykjavík. Lögreglan rannsakaði meðal annars vinnuaðstöðu mannanna hjá fyrirtækinu. Einn er fasteignasali, einn er sölumaður fæðubótarefna. Þá er fimmti maðurinn starfsmaður hjá póstdreifingarfyrirtæki.

Heimildir Fréttablaðsins herma að rannsókn lögreglu beinist að því hvort efnin hafi verið send hingað til lands í gegnum það tiltekna póstdreifingafyrirtæki og starfsmanni fyrirtækisins verið gert að veita efnunum viðtöku. – snæ / sjá síðu 4

**»** Mennirnir eru fæddir á bilinu 1982-1993.




# Traust á Hæstarétti hríðfellur í desember

Um 73 prósent svarenda vilja að hlutabréfaeign dómara verði rannsökuð. Traust til Hæstaréttar minnkar eftir fréttir af eignum forseta Hæstaréttar.

**STJÓRNSÝSLA** Næstum þremur af hverjum fjórum svarendum í nýrri könnun finnst rétt að hefja opinbera rannsókn á hlutabréfaeign héraðs- og hæstaréttardómara fyrir hrun. Þetta sýna niðurstöður nýrrar skoðanakönnunar Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis. Spurt var: Finnst þér að hefja eigi opinbera rannsókn á hlutabréfaeign héraðs- og hæstaréttardómara fyrir hrun? 72,5 prósent þeirra sem afstöðu tóku svöruðu spurningunni játandi en 27,5 prósent svöruðu neitandi.

Greint var frá því í fréttum í síðustu viku að Markús Sigurbjörnsson, forseti Hæstaréttar, innleysti á annan tug milljóna úr Sjóði 9 í Glitni á síðustu viðskiptadögum fyrir hrun. Hann hafi átt í umfangsmiklum hlutabréfaviðskiptum á árunum fyrir hrun en ekki vikið sæti sem dómari í svokölluðum hrunmálum. Einnig hefur verið greint frá því að fleiri dómarar við Hæstarétt hafi átt eignarhluti í bönkunum sem féllu á haustmánuðum 2008.

Málið virðist þegar hafa haft áhrif á traust almennings til Hæstaréttar. MMR kannar reglulega traust almennings til dómstóla. Í könnun sem gerð var í nóvember 2015

### Á að rannsaka hlutabréfaeignir dómara fyrir hrun?



Spurt var „Finnst þér að hefja eigi opinbera rannsókn á hlutabréfaeign héraðs- og hæstaréttardómara fyrir hrun?“

### Traust almennings til Hæstaréttar

| | Mikið/frekar mikið traust | Lítið traust |
|---|---|---|
| Des. 16 | 32,3% | 34,7% |
| Nóv. 16 | 45,4% | 20,7% |
| Nóv. 15 | 40,8% | 24,3% |

Spurt var „Hversu mikið eða lítið traust berð þú til Hæstaréttar?“

segjast 40,8 prósent bera mikið eða mjög mikið traust til Hæstaréttar. Í nóvember síðastliðnum var það hlutfall komið upp í 45,4 prósent. Aftur var kannað dagana 7. til 14 desember en þá var traustið komið niður í 32,3 prósent. Á sama tíma hefur hlutfall þeirra sem segjast bera lítið eða mjög lítið traust til Hæstaréttar aukist. Það var 24,3 prósent í nóvember fyrir ári, fór niður í 20,7 prósent í nóvember síðastliðnum en var núna í desember komið upp í 34,7 prósent.

Hæstiréttur hefur ákveðið að frá byrjun árs 2017 verða upplýsingar um hagsmunatengsl dómara aðgengilegar á heimasíðu réttarins. Tekið er fram að við ákvörðun um efni þessara upplýsinga sé tekið mið af því sem dómurum beri að tilkynna nefnd um dómarastörf. Einnig verði litið til reglna Alþingis um hagsmunaskráningu þingmanna.

Könnun Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis var gerð dagana 12. til 14. desember. Hringt var í 1.268 manns þar til náðist í 791 samkvæmt lagskiptu úrtaki dagana 12. til 14. desember. Svarhlutfallið var 62,4 prósent. Af þeim sem svöruðu tóku 77,7 prósent afstöðu til spurningarinnar. – jhh






## Veður




Spáð er suðvestan hvassviðri eða stormi með skúrum eða éljum. Hvassast verður á svæðinu frá norðanverðum Faxaflóa og norður og austur að Skjálfanda. Einnig er spáð éljum á fjallvegum á þessum slóðum. SJÁ SÍÐU 36

# Rósir springa út í Kópavogi



Rósir eru farnar að springa út hjá hjónunum Pálma Sveinssyni og Ölfu Malmquist en þau eru með rósir í garðinum sínum í Kópavogi. Veður hefur verið óvenju milt þennan veturinn og er það ástæða þess að blóm sem almennt blómstra að sumri til eru farin að springa út. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Norn ákærð fyrir norðan

**SAKAMÁL** Fjórir einstaklingar hafa verið ákærðir í Nornamálinu svokallaða, þegar konur úr mótorhjólaklúbbnum MC Nornum og vinir þeirra réðust í sameiningu að manni á Akureyri í júlí í fyrra með þeim afleiðingum að hann þríribeinsbrotnaði og fékk áverka á höfuð eftir spörk. Fórnarlambið lést degi eftir að það lagði fram kæru í málinu.

Þrír karlmenn og fyrrverandi kærasta mannsins eru ákærð í málinu fyrir árásina sem er talin alvarleg. Var árásin framin þann 19. júlí í fyrra eftir gleðskap mótorhjólaklúbbsins. – sa



Þremenningarnir voru sakfelldir fyrir rekstur á spilavítinu Poker and Play í Skeifunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Þyngri dómur vegna spilavítis

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur þyngdi í gær dóm yfir Kristjáni Georg Jósteinssyni sem var sakfelldur fyrir rekstur spilavítisins Poker and Play í Skeifunni á árunum 2010 til 2012. Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi manninn í eins árs fangelsi, þar af níu mánuði á skilorði. Hæstiréttur ákvað að þyngja dóminn í 18 mánaða fangelsisvist, en 15 mánuðir frestast haldi maðurinn skilorð í tvö ár.

Óskar Aðils Kemp og Anzela Jósteinsdóttir voru sömuleiðis dæmd fyrir brot gegn almennum hegningarlögum. Þáttur þeirra í brotunum var þó mun veigaminni en Kristjáns og hlutu þau því níu mánaða skilorðsbundinn fangelsisdóm. – þh

## Hótaði að dreifa nektarmyndum

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur dæmdi í gær Anton Yngva Sigmundsson í tveggja ára fangelsi fyrir blygðunarsemisbrot gegn 15 ára dreng og fyrir tilraun til nauðgunar með því að hóta að dreifa nektarmyndum af brotaþola, ef hann hefði ekki kynmök við sig.

Héraðsdómur hafði dæmt Anton í fimmtán mánaða fangelsi en Hæstiréttur þyngdi refsinguna í tvö ár vegna þess hve gróf brotin voru. „Þessa aðstöðu notfærði síðan ákærði til að leitast við að knýja brotaþola til kynmaka við sig. Ákærði á sér ekki málsbætur,“ segir í niðurstöðu meirihluta réttarins. – þh

» Hæstiréttur þyngdi dóminn í tvö ár vegna þess hve gróf brotin voru.

# Þúsundir þurfa aðstoð vegna bágs efnahags

**Um tvö þúsund umsóknir um aðstoð hafa borist Mæðrastyrksnefnd og Fjölskylduhjálp í desember. Forsvarsmenn samtakanna segja stóra hópa undanskilda meintu góðæri í landinu. Leigumarkaður leiki landsmenn einnig grátt.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Ástandið nú í góðærinu er síst betra en rétt eftir hrun og margir sem búa við mjög kröpp kjör,“ segir Ásgerður Jóna Flosadóttir, formaður Fjölskylduhjálpar Íslands. Í sama streng tekur Aðalheiður Frantzdóttir, framkvæmdastjóri Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur, sem segir leigumarkaðinn fátæktargildru og hægt væri að stemma stigu við fátækt með félagslegu leiguhúsnæði.

„Þeir sem eru allra verst settir nú eru öryrkjar og eldri borgarar. Þetta er fólk sem hefur ekki mikið milli handanna og hefur ekki efni á að halda jól,“ segir Ásgerður Jóna. „Við erum að hjálpa um 700 fjölskyldum og á bak við það eru rúmlega 2.000 einstaklingar í brýnni þörf fyrir hjálp okkar.“

Að mati Fjölskylduhjálpar Íslands er ástandið nú mun verra en af er látið og uppgangurinn sé ekki hjá öllum.

Fjölskylduhjálp verður með úthlutanir fyrir jólin bæði í Reykjavík og í Reykjanesbæ. Ásgerður segir einstaklingana sem koma til Fjölskylduhjálparinnar vera fasta í viðjum fátæktar. „Við skoðum staðgreiðslu og framtöl til að átta okkur á þörfinni. Við erum búin að vera með þetta ferli í mörg ár. Þá sjáum við hverjir þurfa og hverjir þurfa ekki,“ segir Ásgerður.

„Það er góðæri hjá hellingi af fólki, en eftir sitja stórir hópar okkar samfélags,“ segir Aðalheiður Frantzdóttir hjá Mæðrastyrksnefnd. Nefndin hjálpar um fjögur þúsund manns en 1.200 umsóknir hafa borist nefndinni fyrir þessi jól og mun hún hjálpa þeim öllum með bæði matargjöfum og jólagjöfum fyrir börn og annað sem þarf til að halda jólin.

„Nú er ekki mikið um atvinnuleysi en hjá okkur fjölgar námsmönnum og öðrum sem eiga ekki til hnífs og skeiðar vegna leigumarkaðarins á höfuðborgarsvæðinu,“ segir Ásgerður. „Væri til alvöru félagslegur leigumarkaður gætum við fækkað þeim sem þurfa hjálp hjá okkur um 60 prósent. Einnig eru þeir sem eru fátækir að verða fátækari en áður var – þeir sem til okkar koma.“

sveinn@frettabladid.is



Mæðrastyrksnefnd úthlutar jólamat til fátækra á hverju ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Við erum að hjálpa um 700 fjölskyldum og á bak við það eru rúmlega 2.000 einstaklingar í brýnni þörf fyrir hjálp okkar.



Ásgerður Jóna Flosadóttir, formaður Fjölskylduhjálpar Íslands




Fylgstu með á facebook –
Lindex Iceland
Love
Brjóstahaldari,
2795,–
Visit your Ultimate Gift Shop
LINDEX
we make fashion feel good

# Óska ráðgefandi álits og að saksóknara verði gerð réttarfarssekt

**DÓMSMÁL** Verjendur í markaðsmisnotkunarmáli Glitnis fóru fram á það í gær að óskað yrði eftir ráðgefandi áliti EFTA-dómstólsins varðandi túlkun á ákvæði í lögum um verðbréfaviðskipti. Munnlegur málflutningur um efnið fór fram í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Áður hefur verið sakfellt fyrir brot gegn lagagreininni sem rataði í íslensk lög gegnum Evróputilskipun. Telja verjendur að fyrri niðurstöður Hæstaréttar séu á skjön við þann skilning sem lá að baki ákvæðinu og því er óskað eftir ráðgefandi áliti.

Í málinu eru Lárus Welding, fyrrverandi forstjóri Glitnis, og Jóhannes Baldursson, fyrrverandi framkvæmdastjóri markaðsviðskipta, ákærðir fyrir markaðsmisnotkun og umboðssvik. Að auki eru þrír fyrrverandi starfsmenn bankans einnig ákærðir. Áður hafa starfsmenn Kaupþings og Landsbankans verið sakfelldir fyrir sams konar brot. Í máli verjenda kom fram að uppi væri réttmætur vafi um fordæmisgildi dómanna meðal annars í ljósi þess að tveir dómenda af fimm í Landsbankamálinu áttu hlutabréf í bankanum.

Í ræðu sinni sagði Björn Þorvaldsson saksóknari að Reimari Péturssyni, verjanda Jóhannesar Baldurssonar og formanni Lögmannafélagsins, væri „uppsigað“ við Hæstarétt og með málflutningi sínum vægi hann með „ómaklegum og ómerkilegum“ hætti að dómstólnum. Verjendur brugðust ókvæða við þessum orðum og lét Reimar færa í þingbók að hann færi fram á að Birni yrði gerð réttarfarssekt sökum þessa ummæla.

Úrskurður varðandi ráðgefandi álitið verður kveðinn upp í komandi viku. – **jóe**


Björn Þorvaldsson í dómsal áður en málflutningur hófst. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Minni tekjur af olíu í Noregi

**NOREGUR** Frá því að verð á olíu hrundi árið 2014 hafa yfir 40 þúsund manns misst vinnuna í Noregi samkvæmt úttekt Aftenbladet. Erna Solberg, forsætisráðherra Noregs, segir erfitt að segja til um hvort framtíðarfjárfestingar í olíuiðnaðinum verði arðbærar. Það er mat hennar að hagvöxtur verði í öðrum atvinnugreinum.

Að sögn Solberg verða tekjurnar af olíunni minni í framtíðinni. Undirverktakar í olíuiðnaðinum muni berjast í bökkum næstu árin. – **ibs**

## Mikil hækkun tekna síðustu ár

**VIÐSKIPTI** Heildartekjur voru hæstar í Garðabæ og í Skorradalshreppi á árinu 2015 samkvæmt nýrri samantekt Hagstofunnar. Heildartekjur eru samsettar af atvinnutekjum, fjármagnstekjum og öðrum tekjum. Í Garðabæ og Skorradalshreppi var meðaltal heildartekna um 4,9 milljónir á árinu 2015.

Á síðustu 25 árum hafa tekjur hækkað mikið á landinu. Mest er hækkunin í Skorradalshreppi en tekjur þar hafa hækkað um 93 prósent á tímabilinu. Í Tálknafjarðarhreppi hafa þær þó aukist minnst eða aðeins um 23 prósent á tímabilinu.

Atvinnutekjur einstaklinga voru lægstar í Helgafellssveit í fyrra eða um 1,7 milljónir. Hæstar voru þær í Fjarðabyggð, um 5 milljónir. – **þh**

**Hæstu heildartekjur eftir sveitarfélögum 2015**




# Margra vikna rannsókn leiddi til handtöku fimm manna

**Gæsluvarðhald fjögurra manna sem grunaðir eru um smygl á amfetamíni og sterum rennur út í dag. Mennirnir eru á þrítugs- og fertugsaldri. Tveir þeirra hafa stundað vaxtarrækt. Húsleit var gerð á vinnustöðum mannanna. Rannsókn málsins stóð yfir í nokkrar vikur áður en þeir voru handteknir.**

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn lögreglu á innflutningi fimm manna á fjórum kílóum af amfetamíni og miklu magni af sterum var umfangsmikil og hafði staðið yfir í nokkrar vikur þegar mennirnir voru handteknir og úrskurðaðir í gæsluvarðhald. Eins og fram kom í tilkynningu frá lögreglu í gær var einum manninum sleppt en gæsluvarðhald hinna fjögurra manna rennur út í dag.

Mennirnir eru allir fæddir á bilinu 1982 til 1993. Tveir mannanna eru háskólanemar en í starfsnámi hjá líftæknifyrirtæki í Reykjavík. Lögreglan rannsakaði meðal annars vinnuaðstöðu mannanna hjá fyrirtækinu. Einn er fasteignasali, einn er sölumaður fæðubótarefna. Þá er fimmti maðurinn starfsmaður hjá póstdreifingarfyrirtæki. Heimildir Fréttablaðsins herma að rannsókn lögreglu beinist að því hvort efnin hafi verið send hingað til lands í gegnum það tiltekna póstdreifingafyrirtæki og starfsmanni fyrirtækisins verið gert að veita efnunum viðtöku. Mennirnir fimm eru allir íslenskir ríkisborgarar en einn þeirra er af erlendu bergi brotinn.

Eins og áður segir hafði lögregla fylgst með mönnunum um nokkurra vikna skeið. Ekki fæst uppgefið hvernig lögregla komst á snoðir um málið en heimildir Fréttablaðsins herma að í aðgerðum lögreglu hafi efnunum meðal annars verið skipt út fyrir gerviefni og sendingunni síðan leyft að fara áfram til viðtakanda. Þá hafi upptökutæki eða staðsetningartæki verið komið fyrir í sendingunni svo lögregla gæti fylgst með hvert henni var ætlað að fara.


Mennirnir eru grunaðir um að flytja inn fjögur kíló af amfetamíni og töluvert magn af sterum. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**Ég bind þó vonir við það að gæsluvarðhaldsvist verði ekki framlengd.**


Sveinn Andri Sveinsson, verjandi eins sakborninganna

**5**

**menn voru upphaflega handteknir í tengslum við rannsókn á málinu en fjórir þeirra úrskurðaðir í gæsluvarðhald.**

Að minnsta kosti tveir mannanna fimm hafa keppt í vaxtarrækt en í tilkynningu frá lögreglunni kom fram að töluvert magn af sterum hefði verið í sendingunni.

Gæsluvarðhald mannanna rennur út í dag. Sveinn Andri Sveinsson, verjandi eins mannanna, segist ekki vilja tjá sig um málið á meðan það er enn í rannsókn. „Ég bind þó vonir við það að gæsluvarðhaldsvist verði ekki framlengd,“ segir Sveinn.

snaeros@frettabladid.is





FJÖRU VERÐLAUNIN TILNEFNING
ÍSLENSKU BÓKMENNTAVERÐLAUNIN Tilnefning
„Frábær hrollvekja! ... Æsispennandi ... “
GH / VIKAN
„Flinkur penni og lætur vel að skrifa fantasíur ...“
HB / HUGRÁS

www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39



ÞEGAR GÓÐA VEISLU GJÖRA SKAL
Allt fyrir jólasteikina
15% AFSLÁTTUR
Verð frá 6.799KR V.á 7.999KR
Allir pyrex pottar og pönnur með 15% afslætti
15% AFSLÁTTUR
WESTMARK
9.799KR
Easy Whip.PLUS
Rjómasprauta
15% AFSLÁTTUR
Verð nú 5.031KR V.á 5.919KR
Gasbrennari
15% AFSLÁTTUR
Tangir 2 stærðir
Verð frá 1.504KR V.á 1.769KR
15% AFSLÁTTUR
Verð nú 3.356KR V.á 3.949KR
Function kjöthitamælir
15% AFSLÁTTUR
Verð nú 1.002KR V.á 1.179KR
Brýni
15% AFSLÁTTUR
Silicon steikarmotta
Verð nú 2.974KR V.á 3.499KR
WESTMARK
15% AFSLÁTTUR
Verð nú 1.189KR V.á 1.389KR
WESTMARK
3 stærðir
15% AFSLÁTTUR
Verð frá 3.399KR V.á 3.999KR
ROASTER RÔTISSOIRE
Steikarpottur
15% AFSLÁTTUR
WESTMARK
Verð nú 2.039KR V.á 2.399KR
Kanna sem aðskilur fitu frá soði
Spautupoki 5 stúta
Tilboðið gildir til 31.desember. Allt úrval í Skeifu, Smáralind, Kringlu og Garðabæ minna í öðrum verslunum.
Með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl.
Gjafakort HAGKAUP
Gjafakort HAGKAUP
Tilvalin jólagjöf
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



**Dönsk börn í jólaskapi.** NORDICPHOTOS/AFP

## Þriðjungur hlynntur kirkjuferðum

**DANMÖRK** Þriðjungur stjórnenda í dönskum grunnskólum vill að hlutverk kirkjunnar í skólunum verði meira í jólamánuðinum. Í könnun á vegum Kristilega dagblaðsins, sem 284 skólastjórnendur tóku þátt í, sögðu 136 að skólinn ætti að vera hlutlaus í trúmálum en 99 töldu að hlutverk kirkjunnar ætti að vera meira. 49 skólastjórnendur svöruðu ekki.

Brian Arly Jacobsen, félags- og trúfræðingur við Kaupmannahafnarháskóla, segir það athyglisvert að svo margir vilji þátttöku kirkjunnar. Mögulega sé það vegna þess að nú geti menn rætt um trúmál á opinskáan hátt og að kennarar séu orðnir meðvitaðir um hlutverk trúarinnar í samfélaginu. **– ibs**

**» Í könnun, sem 284 skólastjórnendur tóku þátt í, sögðu 136 að skólinn ætti að vera hlutlaus en 99 vildu meiri þátttöku kirkjunnar**

## Stillti sér upp í tilefni afmælis Hamas



Palestínsku hryðjuverkasamtökin Hamas fögnuðu 29 ára afmæli í fyrradag. Samtökin hafa barist fyrrir því að einangrun Palestínumanna á Gasasvæðinu verði aflétt. Þessi hermaður Ezzedine al-Qassam hersveitarinnar stillti sér upp ásamt vopni sínu í tilefni dagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Vindmyllur á Mosfellsheiði til skoðunar

**Aðili sem ekki er reiðubúinn að segja til nafns skoðar forsendur fyrir uppsetningu á vindmyllugarði á Mosfellsheiði og hefur leitað til forsætisráðuneytisins og þriggja sveitarfélaga varðandi framgang málsins. Talsmaður verkefnisins er landsþekktur sem orkubloggari.**

**ORKUMÁL** Ketill Sigurjónsson, lögfræðingur og kunnur áhugamaður og bloggari um orkumál til margra ára, er talsmaður óþekktra aðila sem vilja reisa vindmyllugarð á Mosfellsheiði.

Ketill hefur sent forsætisráðuneytinu, Mosfellsbæ, Ölfusi og Grímsnes- og Grafningshreppi erindi fyrir hönd þeirra sem standa að verkefninu. Málið hefur verið tekið fyrir hjá Mosfellsbæ en þar sem Ketill óskaði trúnaðar vegna viðskiptahagsmuna fylgdu málinu engin gögn fyrir almenning að skoða við umfjöllun nefnda og ráða bæjarins. Fréttablaðið fékk þó bréfið afhent með því að strikað var fyrir upphæð áætlaðrar fjárfestingar í verkefninu.

„Um er að ræða óvenju umhverfisvæna aðferð til raforkuframleiðslu, enda fylgja henni hvorki miðlunarlón, stíflur né brennisteinsmengun. Umhverfisáhrifin eru því með allra minnsta móti,“ segir í bréfi Ketils sem segir um áhugavert tækifæri að ræða.

Mögulegt könnunarsvæði nær inn fyrir lögsögu allra þriggja fyrrnefndra sveitarfélaga. „Nánari staðsetning vindlundar innan svæðisins ræðst af margvíslegum þáttum sem þarfnast nánari athugana og rannsókna.

Við Fréttablaðið segir Ketill um verkefni til margra ára að ræða. Stærð vindmyllnanna ráðist af þeirri tækniþróun sem orðin verði ef og þegar orkuverið verður byggt.

„Ef verkefnið dregst lengi er líklegt að tækniþróunin myndi verða til þess að mannvirkin yrðu jafnvel enn þá stærri en þau eru í dag. En

**„Ég myndi ekki fara að vinna með einhverjum vafasömum.**



Ketill Sigurjónsson, talsmaður vindmylluverkefnis á Mosfellsheiði

miðað við það sem gengur og gerist í dag má ætla að þetta verði 80 til 90 metra há mannvirki.“

Aðspurður um staðarvalið segir Ketill svæðið áhugavert út frá hagkvæmni. „Þar spila saman annars vegar veðurfarsaðstæður og nálægð við flutningsnet og svo atriði sem er erfiðara að mæla – sem eru þessi sjónrænu áhrif sem svona mannvirki valda fólki,“ útskýrir hann. Nesjavallaleið liggur í gegn um svæðið. „Þetta er alls ekki úr allri sjónlínu frá fólki en það sést ekki í þetta frá þéttbýlinu.“

Að sögn Ketils er málið enn til athugunar hjá sveitarfélögunum þremur og forsætisráðuneytinu sem fer með eignarhald á þeim hluta svæðisins sem fellur undir þjóðlendur. „Mér sýnist þessar sveitarstjórnir taka mjög faglega á málinu,“ segir hann um stöðuna.

„Það mundi verða sett upp vindmælistöð sem mælir vindinn í mjög mikilli hæð til að staðreyna hversu góð skilyrðin eru,“ segir Ketill um næsta skref.

Ketill vill ekkert segja um hverjir standi að baki verkefninu. „Það verður ekki gefið upp fyrr en málið kemst aðeins lengra,“ segir hann. „Ég myndi ekki fara að vinna með einhverjum vafasömum,“ bætir hann við aðspurður hvort um áreiðanlega aðila sé að ræða.

Varðandi stærð verkefnisins bendir hann á tvö vindmylluverkefni Landsvirkjunar; við Búrfell og Blöndu sem eru annars vegar 100 MW og hins vegar 200 MW virkjanir. Hann bendir einnig á fyrirtækið Biocraft sem skoðar uppsetningu á 45 MW vindorkuveri í Þykkvabæ. Það mál er nú í umhverfismati. „Þetta verður að minnsta kosti upp á tugi megavatta.“

**gar@frettabladid.is**





„Sterkt verk“
EGILL HELGASON / KILJAN

„Þetta er bók um það hvernig þú bregst við lífinu ... Funheitur höfundur, hún Álfrún. Það er nautn að lesa þessa bók alveg út í gegn.“
EIRÍKUR GUÐMUNDSSON / KILJAN

„Hér er ekki verið að teygja lopann, heldur kemur höfundur sér beint að efninu og vandar afar vel til verka.“
VERA KNÚTSDÓTTIR / VÍÐSJÁ



www.forlagid.is | Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39




Lilja Pálsdóttir, útibússtjóri Norðurturni
Kári Tryggvason, viðskiptastjóri einstaklinga
Karl Sólnes Jónsson, viðskiptastjóri fyrirtækja

# Nýtt útibú í Norðurturni

## – hlökkum til að hitta þig á nýjum stað

Stór hluti bestu bankaþjónustunnar felst í öflugri hraðþjónustu þar sem þú getur klárað málin örugglega. Hönnun og virkni nýs og sameinaðs útibús Íslandsbanka í Norðurturni er miðuð að betra aðgengi, nýrri tækni, öflugri fjármálaráðgjöf og góðri þjónustu.

Hraðþjónusturáðgjafar Íslandsbanka eru til þjónustu reiðubúnir að aðstoða þig svo mestur tími fari í að klára úr kaffibollanum þegar þú heimsækir okkur.

Við tökum vel á móti þér í Norðurturni,
starfsfólk Íslandsbanka




ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN 2013-2015
EUROMONEY AWARDS FOR EXCELLENCE 2013-2016
The Banker Bank of the Year 2014, 2016 ICELAND

Íslandsbanki

# Segja fjárlögin vera svik

**FJÁRLÖG** Bæjarráð Ísafjarðarbæjar krefst þess að staðið verði við gefin fyrirheit um Dýrafjarðargöng og að framlag til þeirra verði tryggt á fjárlögum ársins 2017. Þetta kemur fram í bókun sem samþykkt var í fyrradag á bæjarráðsfundi.

Í meðferð samgönguáætlunarinnar á þingi myndaðist þverpólitísk sátt allra flokka á Alþingi um að ráðast í gerð Dýrafjarðarganga. Gert var ráð fyrir 1,5 milljörðum króna í samgönguáætluninni til verkefnisins á næsta ári en í nýframlögðu fjárlagafrumvarpi er aðeins gert ráð fyrir 300 milljónum króna.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar áréttar í bókun sinni að samkvæmt yfirlýsingu innanríkisráðuneytisins eigi framkvæmdir að hefjast um mitt ár 2017 og það yrðu gríðarleg svik ef það gengi ekki eftir. „Slík vinnubrögð séu ekki til þess fallin að auka traust til stjórnsýslunnar.“

Samtök atvinnurekenda á sunnanverðum Vestfjörðum, SASV, hafa einnig krafist þess að Alþingi geri breytingar á fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi. Halda verði verkefninu áfram en í janúar er áætlað að opna fyrir tilboð í gerð ganganna. – þh

**» Gert var ráð fyrir 1,5 milljörðum króna fyrir Dýrafjarðargöng í samgönguáætlun. Í fjárlagafrumvarpi er aðeins gert ráð fyrir 300 milljónum króna.**




Vestfirðingar eru sumir ósáttir við hve lítið fer í gerð Dýrafjarðarganga. fjárlagafrumvarpinu. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT


NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

...á þínum vegum!

568 5000

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN


# Vill að brugðist verði við offramleiðslunni

**Formaður fjárlaganefndar og fyrrum formaður Bændasamtakanna segir lambakjöt offramleitt á Íslandi í dag. Vill ráðast að rótum vandans. Sauðfjárbændur tóku á sig 600 milljóna tap í haust og nú er varist frekari launalækkun þeirra.**

**LANDBÚNAÐUR** Haraldur Benediktsson, formaður fjárlaganefndar þingsins og fyrrverandi formaður Bændasamtakanna, segir auðvelt að færa fyrir því rök að framleitt sé of mikið af lambakjöti í dag. Þórólfur Matthíasson, prófessor í hagfræði, segir gríðarlega mikilvægt að stöðva offramleiðslu á lambakjöti.

Í fjáraukalögum sem nú liggja fyrir Alþingi er áætlað að setja eitt hundrað milljónir króna í markaðsátak til að reyna að selja lambakjöt erlendis. Er talið að birgðir muni aukast og verðfall verði á innlendum mörkuðum ef ekki næst að selja um átta hundruð til eitt þúsund tonn af lambakjöti á erlenda markaði.

Með öðrum orðum eiga landsmenn að greiða fyrir útflutningi og því viðhalda hærra verði til sín þegar þeir kaupa lambakjöt að mati Þórólfs Matthíassonar. „Þetta er auðvitað galið að ætla neytendum að greiða fyrir afsetningu á afurð sem er sannarlega offramleidd hér á landi,“ segir Þórólfur. „Við þurfum að hætta þeim fíflalátum og ráðast að rót vandans sem er offramleiðsla.“

Haraldur Benediktsson segir mýmörg dæmi um það að erlend ríki kaupi afurðir af bændum til afsetningar. „Bandaríkjamenn keyptu osta fyrir milljarða Bandaríkjadollara fyrir ekki svo margt löngu og Evrópusambandið hefur verið að kaupa gríðarmikið af mjólkurkvóta til að mynda. Slíkt kerfi er ekki til hér. Það er hægt að færa fyrir því rök að við séum að framleiða of mikið í núverandi ástandi, en þær aðstæður eru líklega tímabundnar,“ segir Haraldur.

Þórarinn Ingi Pétursson, formaður Landssamtaka sauðfjárbænda og formaður markaðsráðs kindakjöts, segir styrkingu krónunnar og Úkraínudeiluna valda erfiðleikum en að neytendur og bændur séu í sama liði. „Alþjóðlegur samanburður á smásöluverði sýnir jafnframt að verð á lambakjöti til neytenda er mjög lágt hér á landi,“ segir hann. „Ríkisstjórn Íslands lofaði sérstöku framlagi haustið 2016 til að bregðast við þessu tímabundna ástandi eins og fram kemur í fjáraukalögum sem nú eru til meðferðar hjá Alþingi.“ sveinn@frettabladid.is



Afurðastöðvarnar segja ekki mikla framlegð í lambakjöti eins og staðan er í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


WILD WEEKENDS

SPARIÐ 50%

FULLT AF FLOTTUM TILBOÐUM Í VERSLUNUM OKKAR

Á VÖLDUM XMAS HITS

FÖSTUDAGUR TIL SUNNUDAGS 16.-18.12.2016

OPNUNARTÍMI:

Smáratorg: föstudagur 10:00-22:00, laugardag 10:00-22:00 og sunnudag 10:00-22:00.

Korputorg: föstudagur 10:00-22:00, laugardag 10:00-22:00 og sunnudag 10:00-22:00.

Glerártorg: föstudagur 10:00-22:00, laugardag 10:00-22:00 og sunnudag 13:00-22:00.




ToysRUs®



Full búð af jólatilboðum í útivistina
Mammut Miva Jacket dúnúlpa
Jólatilboð 30% afsláttur
verð áður 36.995,-
verð nú 25.897,-
Ternua Withorn herrabuxur
Jólatilboð 30% afsláttur
verð áður 23.995,-
verð nú 16.797,-
Ternua Westhill dömubuxur einnig til í svörtu
Jólatilboð 30% afsláttur
verð áður 23.995,-
verð nú 16.797,-
Mammut Teton Jacket 3ja laga GoreTex
Jólatilboð 30% afsláttur
verð áður 69.995,-
verð nú 48.997,-
20% afsláttur af Bergans ullarfötum til jóla
Mammut T-Base höfuðljós
verð 3.495,-
Wheeler Reactor 600
Jólatilboð 45% afsláttur
verð áður 124.995,-
verð nú 68.747,-
20% afsláttur af öllum gönguskóm til jóla
Komperdell göngustafir
Jólatilboð 6.995,-
Mammut Creon Classic 35L
Jólatilboð 30% afsláttur
verð áður 19.995,-
verð nú 13.997,-
Head Infinity FS skíðagleraugu
verð 14.995,-
Head Arise skíðahjálmur
verð 13.995,-
Head Donna listskautar
verð 11.995,-
Verð frá 38.864,-
Verð frá 61.588,-
Verð frá 30.068,-
Head hokkískautar
Jólatilboð 25% afsláttur
verð áður 14.995,-
verð nú 12.246,-
Gönguskíðapakkar
20% afsláttur
Skíðapakkar
20% afsláttur
Barnaskíðapakkar
20% afsláttur
MAMMUT
FISCHER
HEAD
EVEREST
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA. FAGLEG RÁÐGJÖF

## Sæki þjónustu til Reykjavíkur

**HEILBRIGÐISMÁL** Bæjarráð Mosfellsbæjar gagnrýnir þjónustuskerðingu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við íbúa bæjarins vegna breytinga á kvöld- og næturvöktum heilsugæslustöðvarinnar í Mosfellsbæ. Spyr bæjarráð hvort það sé þjóðhagslega hagkvæmt að eina næturþjónustan sem bjóðist íbúum höfuðborgarsvæðisins sé bráðadeild Landspítala.

Voru málefni heilsugæslunnar rædd á fundi bæjarráðs Mosfellsbæjar í gær. Kemur þar fram í fundargerð að læknar séu óánægðir með breytingu á starfsemi heilsugæslustöðvarinnar og áhrif hennar á dreifðar byggðir höfuðborgarsvæðisins.

Sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa síðustu misseri fjallað um stöðu heilsugæslunnar í sínum bæjarfélögum. Vilja þau eftir fremsta megni efla og tryggja heilsugæslu sem næst íbúunum. **– sa**

## Erfiðara að kaupa íbúð til útleigu

**NOREGUR** Norska stjórnin ætlar að þrefalda kröfuna um eigið fé við útborgun þegar menn kaupa sér íbúð í annað skipti. Margir hafa keypt sér íbúð eingöngu til að leigja út en nú stöðvar Siv Jensen fjármálaráðherra þá þróun.

Þeir sem eru að kaupa sér íbúð í annað sinn sem kostar allt að þrjár milljónir norskra króna þurfa fyrir áramót að reiða fram 450 þúsund krónur áður en þeir taka lán í bankanum. Eftir áramót verður upphæðin sem menn þurfa að eiga áður en þeir taka lán 1,2 milljónir norskra króna.

Jensen segir þetta gert til að greiða götu þeirra sem eru að kaupa sér íbúð í fyrsta sinn. **– ibs**



**Sif Jensen, fjármálaráðherra Noregs**

# Íbúar fluttir frá Aleppo í sjúkrabílum og strætisvögnum

**Rúmlega þúsund manns fóru með fyrstu bílalestinni yfir til svæða á valdi uppreisnarmanna vestur af Aleppo. Fulltrúi Sameinuðu þjóðanna segir alla aðila borgarastyrjaldarinnar hafa framið voðaverk.**

**SÝRLAND** Sjúkrabifreiðar og grænir strætisvagnar hófu í gær brottflutning fólks frá umsetnu svæðunum í Aleppo, eftir að vopnahlé tók þar gildi.

Síðdegis í gær höfðu þrettán sjúkrabifreiðar og tuttugu strætisvagnar lagt af stað áleiðis til svæða uppreisnarmanna utan borgarinnar, að því er breska dagblaðið The Guardian hafði eftir starfsmönnum Rauða krossins, en þeir hafa umsjón með fólksflutningunum ásamt starfsfólki Rauða hálfmánans.

Þá skýrðu rússneskir fjölmiðlar frá því að byrjað væri að flytja um fimm þúsund uppreisnarmenn frá borginni ásamt fjölskyldum þeirra.

Nokkru síðar var skýrt frá því að tuttugu strætisvagnar og 27 minni vagnar hafi komið til borgarinnar Sarmada með 1.050 almenna borgara og 150 særða, eins og það var orðað.

„Til þess að vígamennirnir geti yfirgefið borgina hefur verið afmörkuð 21 kílómetra löng landræma í mannúðarskyni,“ hafði rússneski fréttavefurinn RT eftir Valerí Gerasimov, formanni rússneska herráðsins. „Þar af eru sex kílómetrar sem liggja í gegnum þau svæði í Aleppo sem stjórnarherinn hefur á valdi sínu og aðrir fimmtán kílómetrar liggja vestur af borginni í gegnum svæði sem eru á valdi vígasveitanna,“ sagði hann.

Samið var um vopnahlé til að gera fólki kleift að komast burt gegn því að uppreisnarsveitir láti stjórnarhernum af hendi þau hverfi í austurhluta borgarinnar, sem enn voru á valdi þeirra.

Uppreisnarmenn gegn stjórn Bashars al Assad forseta hafa haft austurhluta borgarinnar Aleppo á sínu valdi árum saman en undanfarnar vikur hefur stjórnarherinn gert harða hríð að þeim í þessum hverfum með sprengjuárásum, með þeim árangri að uppreisnarmenn hafa misst yfirráðin og eru að hverfa á braut.

Stjórnarherinn hefur þar ekki eingöngu notið aðstoðar frá Rússum, heldur einnig frá Írönum og líbönsku Hezbollah-samtökunum.

Það voru síðan Rússar og Tyrkir sem höfðu milligöngu í samningaviðræðum um vopnahléið, sem varð að veruleika í gærmorgun. Rússar styðja stjórn Assads forseta en Tyrkir hafa stutt uppreisnarmennina, rétt eins og Bandaríkin og önnur vestræn ríki.

**gudsteinn@frettabladid.is**



**Aðstoða þurfti fjölda fólks til að komast yfir í bílalestina sem flutti íbúa Aleppo burt.** NORDICPHOTOS/AFP



**Grænir strætisvagnar biðu íbúa Aleppo í gærmorgun og fluttu fólkið til vesturs frá borginni yfir á svæði uppreisnarmanna þar.** NORDICPHOTOS/AFP




## Íslendingar versla mun meira erlendis fyrir jólin

**VIÐSKIPTI** Kreditkortavelta Íslendinga erlendis í nóvember síðastliðnum var 25 prósentum meiri en í nóvember í fyrra og nam 9,6 milljörðum króna samkvæmt tölum Rannsóknarseturs verslunarinnar. Spurnir eru af töluverðri aukningu í innkaupaferðum Íslendinga til útlanda fyrir þessi jól vegna sterkrar stöðu íslensku krónunnar og því má gera ráð fyrir að hluti af jólainnkaupunum fari þar fram.

Á móti þessari veltu kemur að greiðslukortavelta útlendinga hér á landi í nóvember nam 15,4 milljörðum króna sem er 68 prósenta aukning í kortaveltu frá nóvember í fyrra.

Jólaverslun fer af stað með krafti hér á landi. Sala á stórum raf- og heimilistækjum jókst um fjórðung frá sama mánuði í fyrra og var aukning í sölu minni raftækja, eins og sjónvörpum, um 15 prósent. Sala á húsgögnum var 17,3 prósent meiri en fyrir ári síðan. Sala á fötum og skóm tók svo mikinn kipp í nóvember. **– sg**



**Jólaverslun hefur farið kröftuglega af stað.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



# Heit Rolo íssósa

## HVAÐ VERÐUR Í EFTIRRÉTT Á JÓLUNUM?

Það er fátt betra en jólaís með dásamlegri sósu! Íssósa ROLO passar fullkomlega með öllum ís. Þú verður að prófa þessa út á jólaísinn.

**Uppskriftin er einföld:**

250 ml rjómi
4 ROLO rúllur
2 tsk. sítrónusafi
Sjávarsalt eftir smekk

Bræðið allt saman í potti við vægan hita og smakkið til með salti.

# Staðan gæti breyst í vor

**Niðurstöður könnunar á fylgi flokka benda til lítilla breytinga frá kosningum. Prófessor í stjórnmálafræði segir stöðuna geta breyst ef kosið verður í vor.**

**STJÓRNMÁL** Niðurstöður nýrrar skoðanakönnunar Fréttablaðsins, Stöðvar 2 og Vísis benda ekki til þess að miklar breytingar yrðu á Alþingi ef kosið væri í dag, einum og hálfum mánuði eftir að kosningar fóru fram. Niðurstöðurnar benda til þess að sjö flokkar myndu aftur fá kjörna fulltrúa á þing. Sjálfstæðisflokkurinn yrði stærsti flokkurinn, VG næststærsti og Píratar yrðu þriðji stærsti flokkurinn. Björt framtíð, Viðreisn og Framsóknarflokkurinn yrðu öll svipuð að stærð. Þá benda niðurstöðurnar til þess að formannsskipti í Samfylkingunni hafi ekki haft mikil áhrif á fylgi flokksins. Hann er enn minnsti flokkurinn.

Rúmlega einn og hálfur mánuður er liðinn frá kosningum, án þess að nokkurt útlit sé fyrir að ný stjórn líti dagsins ljós á næstunni. Forystumenn nokkurra stjórnmálaflokka eru því farnir að ræða möguleikann á því að kjósa aftur. En spyrja má, miðað við niðurstöður könnunarinnar, hvort nýjar kosningar myndu breyta stöðunni á Alþingi á þann veg að auðveldara væri að mynda ríkisstjórn.

Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst, telur að staðan gæti breyst ef boðað yrði til nýrra kosninga í vor. „Þótt fylgið hafi ekki farið mikið á hreyfingu á þessum dögum sem liðnir eru frá kosningum þá myndi ég gera ráð fyrir að kosningar næsta vor gætu skilað niðurstöðu sem væri töluvert frábrugðin því sem mælist í dag. Og þá færi það töluvert eftir því hvernig þessir flokkar spila úr þeirri stöðu sem uppi er núna,“ segir hann. Enn sé ekki komin nægjanleg reynsla á það.

Eiríkur Bergmann segir stöðu Sjálfstæðisflokksins í þessari könnun vera mjög sterka. „Ég myndi halda að langvarandi stjórnarkreppa sem myndi leiða til kosninga næsta vor myndi einkum gagnast hefðbundnu flokkunum. Þeir gætu styrkst í sessi og nýrri flokkarnir átt erfiðara uppdráttar,“ segir hann og bendir á að Píratar mælist örlítið lægri.

Í undirfyrirsögn í frétt um könnunina í gær var fullyrt að hún benti til þess að ekki væri möguleiki á myndun tveggja flokka stjórnar. Það er rangt, Sjálfstæðisflokkurinn og VG, fengju samanlagt 34 þingmenn og gætu myndað meirihluta.
jonhakon@frettabladid.is

## Svona skiptist fylgið milli flokkanna




## Skipting þingsæta







# Bensín selt á Þórshöfn á ný

**SAMFÉLAG** N1 byrjaði í gær að selja eldsneyti á Þórshöfn en Grillskálinn í bænum brann til kaldra kola aðfaranótt þriðjudags. Bæjarbúar höfðu ekki haft neitt eldsneyti til að setja á bílana sína frá brunanum, sem hefur komið sumum illa.



Eggert Þór Kristófersson, forstjóri N1

Eggert Þór Kristófersson, forstjóri N1, segir að félagið verði að bíða eftir að rannsókn lögreglu og svo trygginganna ljúki til að ákveða hvort Grillskálinn verði endurbyggður. „Við náðum að byrja degi fyrr að selja eldsneyti. Nú erum við að bíða eftir að lögreglan og tryggingarnar ljúki sér af. Það gæti orðið langt ferli áður en við vitum hvað við getum gert.“

Grillskálinn var ekki aðeins bensínstöð heldur samverustaður bæjarbúa til 50 ára. Þar komu bæjarbúar og fengu sér kaffi og oft hádegismat. Eggert segir að um leið og lögreglan og tryggingarnar ljúki sinni vinnu þá verði tekin ákvörðun um hvort skálinn verði byggður á ný. „Það verður pressa á okkur að byggja hann upp á nýtt, ég átta mig á því. En eldsneytissalan er allavega fyrsta skrefið þannig að nú geta heimamenn skotist að kaupa jólagjafir á fullum bíl af eldsneyti.“ **– bb**

# Lögregla minnkar eftirlit við Gullna hringinn

**SAMFÉLAG** „Við teljum að við þessar aðstæður sé ekki rétt að draga úr eftirliti á meðan ferðamönnum er enn að fjölga,“ segir Kjartan Þorkelsson, lögreglustjóri á Suðurlandi, en fjármagn til að sinna eftirliti við Gullna hringinn, í Öræfum, á hálendinu og í uppsveitum Árnessýslu var ekki á fjárlögum.

„Það segir sig sjálft að það mun draga úr getu okkar til að sinna eftirliti á þessum stöðum,“ bætir hann við. Hann er þó bjartsýnn á að fjármagnið muni skila sér en það var metið á ársgrundvelli 102 milljónir króna.

Lögregluumdæmi Suðurlands er gríðarlega stórt og víðfeðmt. Nær frá Höfn í Hornafirði í austri að Hveragerði. Þar eru flestar af náttúruperlum landsins og flestir ferðamenn sem koma hingað keyra um umdæmið. Samkvæmt tölum Ferðamálastofu komu 132 þúsund ferðamenn hingað til lands í nóvember en þeir voru 21 þúsund í sama mánuði árið 2010. Um 55 prósent sögðust í könnun ráðsins í september hafa farið að skoða perlur Suðurlands.



**Gullfoss í Klakaböndum með ferðamenn sér við hlið.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kjartan segir að 36 lögreglumenn séu fastráðnir hjá lögregluembættinu og tveir í sértæku umferðareftirliti en betur má ef duga skal. „Við gerum okkur von um að þetta fjármagn komi til baka – verður maður ekki að vera bjartsýnn?“ segir lögreglustjórinn.

Bæjarráð Hornafjarðar skoraði á Alþingi að setja aukið fjármagn til lögreglustjóraembættisins á fundi sínum á mánudag og sveitarstjórn Rangárþings eystra lýsti yfir vonbrigðum með fjárlögin. „ **– bb**

**TVÍSAGA EFTIR ÁSDÍSI HÖLLU BRAGADÓTTUR**

# „Firnasterk!“




★★★★

**„Engin smáræðis saga … Fær lesandann til að grípa andann á lofti … Vel unnin, vel skrifuð og firnasterk saga sem spilar á alla tilfinningastrengi lesenda.“**

*Friðrika Benónýs, Fréttablaðinu*

Starfsfólk
Bókmenntaverðlaun
2016
bókaverslana

2. SÆTI Í FLOKKI ÆVISAGNA

VERÖLD

netto

markhönnun ehf

# Betra verð fyrir jólin...



Frábært verð

Franskur gæðakalkúnn á betra verði!

**KALKÚNN HEILL - FROSINN**
3 STÆRÐIR
**998 KR/KG** ❄



Ódýrt og girnilegt

**KS LAMBALÆRI**
HÁTÍÐAR
ÁÐUR: ~~1.698 KR/KG~~
**1.579 KR/KG**



**KEA LÉTTREYKTUR**
LAMBAHRYGGUR
**2.698 KR/KG**



**FERSKT NAUTAFILLE**
ÁÐUR: ~~4.768 KR/KG~~
**4.291 KR/KG**



42%

ÍSFUGL

**HVÍTLAUKSVÆNGIR**
MAGNPOKI
ÁÐUR: ~~854 KR/KG~~
**495 KR/KG**

## Skoðaðu úrvalið í framandi kjöti



**DÁDÝRALUNDIR - FROSIÐ**
ÁÐUR: ~~7.298 KR/KG~~
**6.568 KR/KG** ❄



**KENGÚRU FILLE**
FROSIÐ
ÁÐUR: ~~3.998 KR/KG~~
**3.198 KR/KG** ❄

20%



**NAUTALUNDIR ERLENDAR - FROSIÐ**
**3.998 KR/KG** ❄



**GRANDIOSA PIZZUR**
5 - TEGUNDIR
ÁÐUR: ~~789 KR/STK~~
**599 KR/STK** ❄

Fljótlegt í jólaösinni



**RISTORANTE PIZZUR**
4 - TEGUNDIR
ÁÐUR: ~~499 KR/STK~~
**459 KR/STK** ❄



**NICE'N EASY**
7- TEGUNDIR
ÁÐUR: ~~479 KR/STK~~
**459 KR/STK** ❄

**Tilboðin gilda 15 . – 20. desember 2016**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.




# Jólabæklingurinn er kominn út

*Með glæsilegum tilboðum fyrir jólahátíðina*



**HANGILÆRI**
MEÐ BEINI
~~ÁÐUR: 2.384 KR/KG~~
**2.146 KR KG**



22%

**HANGILÆRI**
ÚRBEINAÐ
~~ÁÐUR: 3.798 KR/KG~~
**2.962 KR KG**

**HAMBORGARHRYGGUR**
FRÁ KJÖTSEL, VINNINGSHRYGGUR 2014.
~~ÁÐUR: 1.585 KR/KG~~
**1.395 KR KG**





**HANGIFRAMPARTUR**
ÚRBEINAÐUR
~~ÁÐUR: 2.798 KR/KG~~
**2.462 KR KG**

40%



40%

**BAYONNESKINKA**
~~ÁÐUR: 1.996 KR/KG~~
**1.198 KR KG**




**OKKAR LAUFABRAUÐ**
8 STK.
~~ÁÐUR: 1.367 KR/PK~~
**1.094 KR PK**



**HÁTÍÐARSÚPA HUMARSÖLUNNAR,**
850 ML
**1.298 KR STK**



**HUMAR ÁN SKELJAR - 800 GR. POKI**
~~ÁÐUR: 4.998 KR/PK~~
**2.999 KR PK**




**CELEBRATIONS DÓS 750 GR.**
~~ÁÐUR: 2.398 KR/KG~~
**1.999 KR STK**




**MACKINTOSH DÓS**
1,3 KG - KR/PK
**1.798 KR PK**

## Opnun verslana yfir hátíðarnar

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Grandi Mjódd | opið 24/7 | opið 24/7 | opið til 13 | lokað | Opnar kl. 10 27. des. opið 24/7 | opið 24/7 | opið til 15 | lokað |
| Krossmói | 9-22* | 9-23 | 10-13 | lokað | Venjuleg opnun | 10-22 | 10-15 | lokað |
| Glerártorg | 10.-22. desember 10-22 | 10-23 | 10-13 | lokað | Venjuleg opnun | 10-22 | 10-15 | lokað |
| Aðrar verslanir | 16.-22. desember 10-22 | 23. Þorláksmessa 10-23 | 24. Aðfangadag 10-13 | 25.-26. jóladag & annan lokað | 27.-29. desember Venjuleg opnun | 30. desember 10-22 | 31. gamlárs 10-15 | 1. janúar lokað |

*Krossmói er opinn frá kl 10 - 22 dagana 17. & 18. desember

**www.netto.is**

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

# Star Wars verður sýnd stanslaust í sólarhring

**SAMFÉLAG** Nýjasta Stjörnustríðsmyndin, Rogue one, var frumsýnd á miðnætti í gærkvöldi. Aðdáendur stjörnustríðsveraldarinnar hafa beðið með mikilli eftirvæntingu eftir myndinni en hún er sögð vera myrkari en aðrar myndir í seríunni.

Myndin verður sýnd stanslaust í sólarhring í kvikmyndahúsum Sambíóanna og voru til að mynda sýningar klukkan sex og sjö í morgun.

**» Myndin verður sýnd stanslaust í sólarhring í kvikmyndahúsum og voru sýningar snemma í morgun.**

Rogue One var að hluta tekin upp hér á landi, meðal annars við Hjörleifshöfða og Hafursey á Mýrdalssandi, og bregður fyrir leikurunum Ben Mendelsohn og hinum danska Mads Mikkelsen í íslensku landslagi í myndinni. – þh




**Skipulagsstofnun flytur í Borgartún 7b**

Vegna flutninga verður lokað 19. og 20. desember, opnað verður á nýjum stað 21. desember kl: 9:00.

Afgreiðslutími verður frá 9:00 til 16:00 frá og með 21. desember.

Að venju, er afgreiðsla stofnunarinnar lokuð á Þorláksmessu, aðfangadag og gamlársdag.

Skipulagsstofnun



**Reykjavík, 16. desember 2016**

Kvika banki hf. hefur gefið út sex mánaða víxla að fjárhæð 2.000 milljónir króna. Um er að ræða útgáfu í víxlaflokknum KVB 17 0622 og er heildarheimild flokksins 2.000 m.kr. Fjármálaeftirlitið staðfesti lýsingu vegna umsóknar um töku víxlanna til viðskipta í gær, þann 15. desember 2016, og sótt hefur verið um töku víxlanna til viðskipta í Kauphöll Íslands.

Útprentuð eintök lýsingarinnar má nálgast í 12 mánuði frá staðfestingu hennar í höfuðstöðvum Kviku, Borgartúni 25, 105 Reykjavík. Rafræn eintök má nálgast á vefsíðu Kviku *www.kvika.is/um_kviku/#tab2.*

KVIKA

kvika.is


# Framsókn í 100 ár

**Framsóknarflokkurinn fagnar 100 ára afmæli. Flokkurinn hefur verið í stjórn tvo þriðju af þeim tíma. Hér er stiklað á stóru í sögu hans.**

■ Í stjórn ■ Ekki í stjórn

**1916**

**16. desember** – Framsóknarflokkurinn stofnaður en fyrsta fundargerð hans er frá þessum degi, fimm dögum eftir að Alþingi var kvatt saman til aukafundar. Flokkurinn var stofnaður á grunni Bændaflokksins. Drög að flokknum voru lögð í lok nóvembermánaðar á Seyðisfirði þar sem fimm þingmenn biðu þess að sigla með ströndum til þings. Fyrsti formaður flokksins var Ólafur Briem.

**1917**

Framsóknarflokkurinn tekur fyrst sæti í ríkisstjórn þegar Sigurður Jónsson á Ystafelli verður atvinnumálaráðherra í fullveldisstjórn Jóns Magnússonar.

**1927**

Framsóknarflokkurinn leiddi fyrst ríkisstjórn undir forystu guðfræðingsins Tryggva Þórhallssonar en flestir voru á því að Jónas Jónsson frá Hriflu réði mestu í þeirri stjórn. Tryggvi rauf þing árið 1931 skömmu áður en leggja átti fram vantraust á stjórnina. Í kosningunum í kjölfarið hlaut flokkurinn hreinan meirihluta með aðeins 35 prósent atkvæða. Helsta rót vantraustsins var að leggja átti til að breyta kjördæmakerfinu og auka hlut Reykjavíkur.

**1932**



Tryggvi féll í kosningunum og varð Ásgeir Ásgeirsson, síðar forseti, forsætisráðherra. **Jónas Jónsson** var dómsmálaráðherra í fyrri stjórn og hafði hafið málarekstur gegn eftirmanni sínum, Magnúsi Guðmundssyni. Hermann Jónasson, síðar forsætisráðherra og formaður flokksins, var þá lögreglustjóri og dómari í Reykjavík. Dæmdi hann Magnús í fangelsi sem sagði af sér tímabundið. Magnús var síðar sýknaður í Hæstarétti.

**1947**

Framsóknarflokkurinn tekur í fyrsta sinn sæti í stjórn á lýðveldistíma. Alþýðuflokksmaðurinn Stefán Jóhann Stefánsson fór fyrir stjórninni.



**1956**

**Hermann Jónasson** verður forsætisráðherra í stjórn Framsóknarflokksins, Alþýðuflokksins og Alþýðubandalagsins. Aðeins hann og Ólafur Thors náðu þeim áfanga að vera forsætisráðherra fyrir og eftir að lýðveldinu var komið á fót.

**1963 og 1967**

Flokkurinn hlýtur sína bestu kosningu frá stofnun lýðveldis en hann fékk rúmlega 28 prósent í hvorum tveggja kosningunum undir stjórn Eysteins Jónssonar. Stjórnarandstaða varð hlutskipti flokksins en á þessum tíma réð Viðreisnarstjórn Bjarna Benediktssonar ríkjum.

**1971**

Í garð gekk tuttugu ára tímabil þar sem Framsóknarflokkurinn sat samfleytt í ríkisstjórn að undanskildu þriggja mánaða tímabili er minnihlutastjórn Benedikts Gröndal sat áramótin 1980. Lagaprófessorinn og varadómarinn **Ólafur Jóhannesson** sat sem dómsmálaráðherra frá 1971 til 1978 auk þess að vera forsætisráðherra 1971-74 og 1978-79. Stjórn Ólafs færði landhelgina út í 50 mílur árið 1972.



**1981**

Borgnesingurinn **Halldór E. Sigurðsson**, þá samgönguráðherra, sést hér klippa á borða við opnun Borgarfjarðarbrúarinnar.



**1983**

**Steingrímur Hermannsson** tók við sem forsætisráðherra og sat til 1991 ef frá er talið árs tímabil „stjórnarinnar sem sprakk í beinni“. Þorsteinn Pálsson fór fyrir þeirri stjórn en Steingrímur var utanríkisráðherra.



**1995**

Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur mynduðu meirihluta að loknum kosningum. Stjórnin sat í tólf ár og lengdi meðal annars fæðingarorlofið og kom á fót fæðingarorlofi fyrir feður. Fjöldi ríkisbanka og fyrirtækja var einkavæddur og Ísland rataði á lista hinna viljugu þjóða.



**2007**

Flokkurinn galt afhroð í kosningum og fékk 11,7 prósent atkvæða og aðeins sjö þingmenn. Jón Sigurðsson sagði af sér sem formaður og **Guðni Ágústsson** tók við.





**2008**

**Valgerður Sverrisdóttir** verður formaður flokksins fyrst kvenna.

**2009**

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson kjörinn formaður flokksins eftir að hafa haft betur í formannsslag gegn Höskuldi Þórhallssyni. Í upphafi var tilkynnt að Höskuldur hefði borið sigur úr býtum.

**2013**

Ísland hafði sigur í Icesave-málinu en meðlimir og þingmenn flokksins fóru mikinn í þeirri baráttu. Flokkurinn vann stórsigur í alþingiskosningum, hlaut fjórðung atkvæða og tæplega þriðjung þingmanna. **Sigmundur Davíð** varð forsætisráðherra. Meðal mála sem flokkurinn stóð fyrir var leiðréttingin á verðtryggðum húsnæðislánum.



**2016**

Sigmundur Davíð hættir sem forsætisráðherra í kjölfar Panama-lekans. Flokkurinn fær aðeins 11,5 prósent í þingkosningum um haustið en átta þingmenn kjörna.



## Formenn Framsóknarflokksins í gegnum tíðina

| | |
|---|---|
| **Ólafur Briem** | 1916-1920 |
| **Sveinn Ólafsson** | 1920-1922 |
| **Þorleifur Jónsson** | 1922-1928 |
| **Tryggvi Þórhallsson** | 1928-1932 |
| **Ásgeir Ásgeirsson** | 1932-1933 |
| **Sigurður Kristinsson** | 1933-1934 |
| **Jónas Jónsson frá Hriflu** | 1934-1944 |
| **Hermann Jónasson** | 1944-1962 |
| **Eysteinn Jónsson** | 1962-1968 |
| **Ólafur Jóhannesson** | 1968-1979 |
| **Steingrímur Hermannss.** | 1979-1994 |
| **Halldór Ásgrímsson** | 1994-2006 |
| **Jón Sigurðsson** | 2006-2007 |
| **Guðni Ágústsson** | 2007-2008 |
| **Valgerður Sverrisdóttir** | 2008-2009 |
| **Sigmundur D. Gunnlaugs.** | 2009-2016 |
| **Sigurður Ingi Jóhannesson** | 2016- |

markhönnun ehf

nettó

# JÓLABÓKIN Á FRÁBÆRU VERÐI Í NETTÓ




**ELDHÚS GRÆNKERANS**
**4.689 KR**




**STÓRA BÓKIN UM VILLIBRÁÐ**
**6.699 KR**




**EYLAND**
**4.479 KR**




**FÁNÝTUR ÞJÓÐLEGUR FRÓÐLEIKUR**
**3.684 KR**




**GOTT RÉTTIRNIR OKKAR**
**3.249 KR**




**HREINT Í MATINN**
**3.184 KR**




**LADDI**
**4.199 KR**




**ÖR**
**4.479 KR**




**STÓRA SMÁKÖKUBÓKIN**
**2.999 KR**




**VONDA FRÆNKAN**
**2.924 KR**

**www.netto.is | Tilboðin gilda 16. - 18. desember**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss



# Valdataumunum úthlutað

**Donald Trump er langt kominn með að raða í ráðherraembætti ríkisstjórnar sinnar. Ráðherravalið er óhefðbundið eins og búast mátti við. Næstu misserin mun svo koma í ljós hvort Trump og félagar standa undir væntingum þeirra hvítu verkakarla sem kusu þessa stjórn yfir sig.**

Guðsteinn Bjarnason
gudsteinn@frettabladid.is



**BANDARÍKIN** Ráðherralisti væntanlegrar ríkisstjórnar Donalds Trump, sem tekur við völdum í Bandaríkjunum eftir rúman mánuð, verður að teljast býsna óvenjulegur. Að minnsta kosti er ljóst að Trump lætur ekki pólitíska rétthugsun svokallaða flækjast fyrir sér þegar kemur að ráðherravalinu.

Hann er nú búinn að ráðstafa flestum lykilembættum stjórnarinnar. Og valið er í algjöru samræmi við þann sérstæða málflutning sem Trump viðhafði í kosningabaráttunni, þar sem hann hét því ítrekað að ýta hressilega við valdaklíkunum í Washington og hrista upp í stjórnkerfinu öllu, ef ekki hreinlega rústa því að stórum hluta.

Í utanríkisráðuneytinu verður maður sem er forstjóri olíurisans Exxon Mobil og hefur helgað því fyrirtæki alla sína starfsævi. Orkumálaráðuneytið verður í höndum manns sem fyrir fimm árum lagði til að orkumálaráðuneytið yrði lagt niður. Og í fjármálaráðuneytið verður sendur maður sem hefur stjórnað vogunarsjóðum og var um sautján ára skeið yfirmaður hjá bankanum Goldman Sachs, sem fór afskaplega illa út úr bankahruninu mikla árið 2008.

Þá hefur hann ákveðið að Umhverfisstofnun Bandaríkjanna, EPA, verði stjórnað af manni sem hefur enga trú á því að hlýnun loftslags á jörðinni sé eitthvert sérstakt vandamál sem bregðast þurfi við. Hann hefur sagt það vera blekkingarleik einan að mengandi umsvif mannkynsins valdi hlýnun, enda þótt yfirgnæfandi meirihluti vísindarannsókna á þessu sviði sýni fram á slíkt.

Trump var ekki síst kosinn út á loforð um að hann myndi bæta hag verkafólks og ráðast gegn ofurveldi auðkýfinga í Washington. Ráðherrarnir koma hins vegar margir úr röðum einmitt þessa sama auðkýfingahóps, sem Trump sjálfur tilheyrir.

Og aðalráðgjafi um stefnumótun nýju ríkisstjórnarinnar í Bandaríkjunum verður Steve Bannon, umdeildur fjölmiðlamaður sem lengi vel stjórnaði fréttavefnum Breitbart News þar sem ysta hægrið hefur átt sér öruggan samastað og fengið að breiða út boðskap sinn gegn ríkiskrumlunni ógurlegu.

Ysta hægrið í Bandaríkjunum, sem kristallaðist meðal annars í Teboðshreyfingunni fyrir fáeinum árum og teygir einnig anga sína yfir í örgustu nýnasistahópa, virðist því nú vera að fá sína draumastjórn, eða svo gott sem.

Hvort Trump og félagar hans í komandi ríkisstjórn standi undir væntingum þeirra ómenntuðu hvítu verkakarla sem kusu þá yfir sig 9. nóvember síðastliðinn á svo eftir að koma í ljós á næstu misserum.

### Utanríkisráðherrann

**Rex W. Tillerson** er framkvæmdastjóri olíurisans Exxon Mobil. Hann hefur helgað þessu fyrirtæki alla starfsævi sína, hefur enga beina reynslu af stjórnmálum en hefur ferðast á fund ráðamanna víða um heim til að tryggja hagsmuni olíufyrirtækis síns. Hann er meðal annars í góðum tengslum við Vladimír Pútín Rússlandsforseta og hlaut árið 2012 sérstaka orðu frá rússneskum stjórnvöldum fyrir vináttuþel sitt gagnvart Rússlandi. Þetta gæti orðið honum Þrándur í Götu þegar Bandaríkjaþing þarf að staðfesta tilnefningu hans í embætti utanríkisráðherra.



### Orkumálaráðherrann

**Rick Perry** tók við af George W. Bush sem ríkisstjóri Texas árið 2000 og gegndi því embætti til 2015. Hann hefur litla trú á loftslagsvísindum og hefur tekið undir með Trump að sögur af hlýnun jarðar séu ekkert annað en blekkingarleikur, sem Kínverjar standi á bak við. Hann hefur lagt til að orkumálaráðuneytið verði lagt niður, en það ráðuneyti hefur meðal annars umsjón með kjarnorkuvopnum Bandaríkjanna.



### Varnarmálaráðherrann

**James N. Mattis** var herforingi í bandaríska sjóhernum, meðal annars í Afganistan og Írak. Hann fékk viðurnefnið Óði hundur, „Mad Dog“, í virðingarskyni vegna þess hve öflugur og ósérhlífinn hann þótti í herstjórn sinni. Árið 2004 bar hann ábyrgð á árás á hús í þorpinu Mukareeb í Írak, þar sem hann taldi bardagamenn vera stadda, en þar reyndist svo vera brúðkaupsveisla og létu þar 42 manns lífið. Til að geta orðið varnarmálaráðherra þarf hann undanþágu frá þinginu vegna þess að innan við sjö ár eru frá því að hann gegndi hermennsku.



### Dómsmálaráðherrann

**Jeff Sessions** er öldungadeildarþingmaður og dómsmálaráðherra í Alabama. Hann hefur verið andvígur innflytjendum, ekki bara ólöglegum heldur löglegum líka, enda telur hann innflytjendur taka atvinnu frá innfæddum. Hann hefur greitt atkvæði gegn öllum frumvörpum um réttindi innflytjenda á þingi. Hann er einnig efasemdamaður um loftslagsbreytingar, hefur sagt að koltvísýringsmengun sé engin mengun því hún valdi engu tjóni þótt hún verði kannski til þess að hitinn hækki eitthvað.



### Yfirmaður CIA

**Mike Pompeo** er þingmaður frá Kansas og liðsmaður Teboðshreyfingarinnar svonefndu innan Repúblikanaflokksins. Hann hefur látið hörð orð falla í garð múslima og hefur gagnrýnt kjarnorkusamninginn við Íran. Hann hefur einnig lýst yfir eindregnum stuðningi við hina víðtæku eftirlitsstarfsemi bandarísku Þjóðaröryggisstofnunarinnar. Þá hefur hann sagt að draga ætti uppljóstrarann Edward Snowden fyrir dómstóla í Bandaríkjunum, og telur fullvíst að hann myndi þá fá dauðadóm.



### Fjármálaráðherrann

**Steven Mnuchin** hefur enga reynslu úr pólitík en var býsna duglegur við að safna fé í kosningasjóði Donalds Trump. Hann er fjárfestir og hefur starfað lengi í bankageiranum, meðal annars hjá Goldman Sachs, stórbankanum sem Bandaríkjastjórn þurfti að koma til bjargar í hruninu 2008. Mnuchin hefur meðal annars starfað hjá nokkrum vogunarsjóðum og stofnaði einn slíkan í samstarfi við auðkýfinginn George Soros. Hann hefur einnig framleitt nokkrar bíómyndir.



### Yfirmaður Umhverfisverndarstofn. (EPA)

**Scott Pruitt**, dómsmálaráðherra í Oklahoma, hefur lýst miklum efasemdum um loftslagsvísindi, hefur talað máli olíufyrirtækja og verið sakaður um að vera strengjabrúða þeirra. Hann hefur höfðað hvert málið á fætur öðru gegn EPA, stofnuninni sem hann á nú að fara að stjórna, og ekki síst hefur hann barist hart gegn þeim aðgerðum sem EPA hefur gripið til í því skyni að sporna gegn loftslagshlýnun af mannavöldum.



### Þjóðaröryggisráðgjafinn

**Michael T. Flynn** er fyrrverandi herforingi og var yfirmaður leyniþjónustu Bandaríkjahers, DIA, á árunum 2012 til 2014. Hann er raunar Demókrati, öfugt við flesta félaga hans í ráðherraliði Trumps sem eru gallharðir Repúblikanar. Flynn hefur ítrekað viðrað opinberlega fordóma sína í garð múslima og sagt trú þeirra vera meginorsök þeirra hryðjuverka sem herskáir íslamistar hafa staðið að. „Óttinn við múslima er rökréttur,“ skrifaði hann á Twitter.



### Sendiherra hjá Sameinuðu þjóðunum

**Nikki R. Haley** hefur verið ríkisstjóri Suður-Karólínu í fimm ár en þykir reynslulítil í alþjóðastjórnmálum. Hún er ein af sárafáum konum sem Trump hefur ákveðið að veita lykilembætti í stjórn sinni. Hún er ennfremur af ættum frumbyggja Ameríku, indjánanna. Í kosningabaráttunni gagnrýndi hún Trump óspart en hefur staðið með honum eftir að hann var kosinn forseti. Þegar ungur maður myrti fjölda fólks í kirkju þeldökkra í Charleston í Suður-Karólínu á síðasta ári í nafni yfirburða hvítra, þá gagnrýndi hún harðlega kynþáttafordóma hinna hvítu ofstækismanna og lét hvarvetna taka niður Suðurríkjafánann sem þeir hafa haft í hávegum.



### Viðskiptaráðherrann

**Wilbur Ross** er tæplega áttræður fjárfestir sem í eina tíð var Demókrati en sneri sér yfir til Repúblikana eftir að hafa safnað að sér gríðarlegum auðæfum. Hann hefur stundað það grimmt að kaupa gjaldþrota fyrirtæki og græða á því að koma þeim aftur í gang með því að reka fólk og einfalda starfsemina. Fyrir vikið hefur hann fengið viðurnefnið Konungur gjaldþrotanna. Hann telst nú til ríkustu manna heims og er númer 232 á auðkýfingalista tímaritsins Forbes. Hann hefur enga beina reynslu af stjórnmálum en hefur verið góður kunningi Trumps í tvo áratugi.



### Starfsmannastjóri Hvíta hússins

**Reince Priebus** er formaður landsnefndar Repúblikanaflokksins og stjórnaði því framkvæmd hins ógnarlanga forkosningaferils flokksins og landsþingsins í sumar, þar sem staðfest var að Trump hefði borið sigur úr býtum. Hann boðar miklar breytingar á samskiptum starfsfólks forsetans við fjölmiðla, þar sem flest hefur verið í harla föstum skorðum árum og jafnvel áratugum saman.



### Aðalráðgjafinn

**Stephen K. Bannon** var gerður að kosningastjóra Trumps í ágúst þegar lokasprettur kosningabaráttunnar var að hefjast, ekki síst vegna reynslu hans úr fjölmiðlum. Bannon var þá í hópi áhrifamestu fjölmiðlamanna landsins og hafði verið helsti forsprakki fréttavefsins Breitbart News, þar sem málstað ysta hægrisins í Bandaríkjunum er iðulega gert hátt undir höfði. Hann hefur einnig starfað sem fjárfestir og kvikmyndaframleiðandi.





# GÓÐAR BÆKUR, BETRI JÓL!




Jón lærði & náttúrur náttúrunnar
**TILBOÐSVERÐ: 6.599.-**
Verð áður: 8.999.-




Laddi - Þróunarsaga mannsins
**TILBOÐSVERÐ: 4.999.-**
Verð áður: 7.499.-




Norður yfir Vatnajökul
**TILBOÐSVERÐ: 3.999.-**
Verð áður: 4.999.-




Eldhús grænkerans
**TILBOÐSVERÐ: 5.599.-**
Verð áður: 6.999.-




Rúnar góði
**TILBOÐSVERÐ: 2.999.-**
Verð áður: 3.999.-




Stóra bókin um villibráð
**TILBOÐSVERÐ: 7.599.-**
Verð áður: 9.999.-




Í klóm arnarins
**TILBOÐSVERÐ: 1.899.-**
Verð áður: 2.399.-




Ormhildarsaga
**TILBOÐSVERÐ: 3.299.-**
Verð áður: 4.199.-




Vilji er allt sem þarf
**TILBOÐSVERÐ: 4.999.-**
Verð áður: 6.999.-




Árdagar Íslendinga
**TILBOÐSVERÐ: 5.999.-**
Verð áður: 7.499.-




Avocado
**TILBOÐSVERÐ: 2.999.-**
Verð áður: 3.699.-




Andlit
**TILBOÐSVERÐ: 4.999.-**
Verð áður: 6.999.-


MUNDU EFTIR GJAFAKORTI PENNANS EYMUNDSSON!

VILDARKLÚBBUR EYMUNDSSON

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða 16. desember, eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

# Óábyrgt tal



Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@frettabladid.is

Ýmsar vísbendingar eru um að Íslendingar hafi dregið mikilvægan lærdóm af síðasta góðæri og hagkerfið er miklu betur í stakk búið að mæta áföllum nú en þá. Það er hins vegar áhyggjuefni að sumir stjórnmálamenn tali um að auka ríkisútgjöld þegar ríkissjóður ætti að vera á bremsunni og búa í haginn.

Íslendingar eru ekki lengur í hópi skuldara. Þessi ánægjulegu tíðindi má lesa út úr tölum Seðlabankans um greiðslujöfnuð við útlönd á síðasta ársfjórðungi. Hrein erlend staða er jákvæð í fyrsta skipti frá því mælingar hófust en Íslendingar eiga 60 milljörðum króna meira í útlöndum en þeir skulda. Árið 2007 var þessu öfugt farið. Hrein erlend staða þjóðarbúsins var mjög neikvæð í hlutfalli við landsframleiðslu og „hrein skuld með því mesta sem dæmi eru um í heiminum“, eins og sagði í Peningamálum Seðlabankans það ár. Annað dæmi um af hverju staðan í hagkerfinu er allt önnur nú en í síðasta góðæri er sú staðreynd að hagvöxtur er núna drifinn áfram af fjárfestingu og auknum vöru- og þjónustuútflutningi en ekki skuldsettri einkaneyslu.

Fram kemur í þjóðhagsspá Hagstofunnar að mikil þensla sé í kortunum. Þjóðhagsspáin gerir ráð fyrir að hagvöxtur þessa árs verði 4,8 prósent og að hann verði 4,4 prósent á næsta ári. Á góðæristíma er mikilvægt að ríkisvaldið sýni ábyrgð og búi í haginn svo það sé vel í stakk búið að mæta næstu niðursveiflu. Mörg alvarleg hagstjórnarmistök voru gerð í aðdraganda banka- og gjaldeyrishrunsins 2008. Ein slík fólst í því að ráðast í byggingu á stærstu virkjun Íslandssögunnar í góðæri. Önnur var lækkun skatta nokkru síðar á hápunkti góðærisins. Þessar skattalækkanir voru harðlega gagnrýndar af OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á árunum 2006-2007 en ríkisstjórnin skellti skollaeyrum við þeirri gagnrýni. Þessar alþjóðlegu stofnanir bentu jafnframt ítrekað á það á árunum fyrir hrunið að aðhald íslenska ríkisins væri of lítið í uppsveiflunni.

**Í ljósi reynslunnar er mikilvægt að ríkisvaldið gangi á undan með góðu fordæmi þegar hagkerfið er á suðupunkti.**

Í ljósi reynslunnar er mikilvægt að ríkisvaldið gangi á undan með góðu fordæmi þegar hagkerfið er á suðupunkti. Það er ekkert svigrúm til skattalækkana á næstunni enda kæmu þær eins og olía á eld í þenslunni. Eins er einkennilegt að heyra stjórnmálamenn á vinstri vængnum tala um að það þurfi að auka ríkisútgjöld um tæplega 30 milljarða króna á næsta ári. Óábyrgt tal af þessu tagi kom upp í stjórnarmyndunarviðræðum flokkanna fimm. Vandséð er að það samrýmist markmiði laga um opinber fjármál sem tóku gildi í byrjun þessa árs jafnvel þótt útgjöldin væru fjármögnuð með nýjum sköttum. Í uppsveiflunni þarf að stíga varlega til jarðar í ríkisútgjöldum þótt innviðafjárfesting í vega- og heilbrigðiskerfi sé orðin brýn. Það þarf að forgangsraða í þágu innviðafjárfestingar en best væri að ná slíku markmiði með sparnaði í stað nýrra ríkisútgjalda.

Að þessu sögðu er mjög jákvætt að gert sé ráð fyrir 28,4 milljarða króna afgangi í fjárlagafrumvarpi næsta árs þótt hann mætti vera enn meiri. Vegna stöðunnar í hagkerfinu ætti afgangur á fjárlögum að vera markmið í sjálfu sér.




## Halldór




## Frá degi til dags

**Hvar er Þórólfur?**
**Framsóknarflokkurinn fagnar hundrað ára afmæli sínu í dag. Félagsmenn og fleiri munu því mæta glæstir og prúðbúnir til veislu til að fagna áfanganum. Og reyndar ekki bara í eina veislu heldur margar, því áfanganum verður fagnað víða um land. Athygli vekur að í veislu sem fram fer í Þjóðleikhúsinu í kvöld flytur Skúli Þ. Skúlason, stjórnarformaður Kaupfélags Suðurnesja, ræðu um samvinnustefnuna. Sjálfur brúðuleikstjóri Framsóknarflokksins og kaupfélagsstjórinn á Sauðárkróki, Þórólfur Gíslason, er þó hvergi sjáanlegur í dagskránni.**

**Leiðin liggur upp á við**
**Saga Framsóknarflokksins er að mörgu leyti glæst eins og lesa má um hér í Fréttablaðinu í dag. Hafa fulltrúar flokksins unnið glæsta sigra bæði í sveitarstjórn og á Alþingi. Það hefur þó hallað verulega undan fæti á hundraðasta aldursárinu. Gengið á með hneykslismálum og bræðravígum, sem enn virðast ekki hafa verið fyrirgefin. Niðurstaða síðustu þingkosninga var síðan ein sú versta í sögu flokksins. En flokksmenn geta þó prísað sig sæla yfir því að kosturinn við að vera á botninum er augljós. Hann er sá að leiðin getur varla legið nokkuð annað en upp á við. Og ugglaust munu Framsóknarmenn ná aftur vopnum sínum. jonhakon@frettabladid.is**

# Framsóknarflokkurinn í 100 ár



Sigurður Ingi Jóhannsson
forsætisráðherra

Framsóknarflokkurinn á sér mikla sögu og hann endurnýjar sig stöðugt. Hann átti erindi við þjóðina fyrir hundrað árum og hann á enn erindi við þjóðina. Baráttan fyrir félagslegu jafnrétti, þar sem hverjum manni er gert kleift að njóta sín í félagi manna, er alltaf verðugt viðfangsefni. Vissan um að samvinna skili okkur betur fram veg, en hverjum fyrir sig, mun ætíð vera grunnstefið í starfi flokksins sem og einkunnarorðin sígildu: manngildi ofar auðgildi. Fyrir hálfri öld var skrifað svo um Framsóknarflokkinn í leiðara Tímans:

*„Þegar lesnar eru fyrstu stefnuyfirlýsingar þeirra flokka, sem hér risu upp eftir 1916, kemur fljótt í ljós, að það er stefna Framsóknarflokksins, sem haft hefur varanlegast gildi. Alþýðuflokkurinn játaði trú sína á sósíalisma og ríkisrekstur, en er nú löngu fallinn frá því. Íhaldsflokkurinn (síðar Sjálfstæðisflokkurinn) játaði trú sína á hina óheftu samkeppni og bannfærði flest ríkisafskipti, eins og t.d. aðstoð við íbúðabyggingar. Frá þessu hefur hann nú meira eða minna vikið. Framsóknarflokkurinn játaði trú sína á þjóðlega og alhliða umbótastefnu. Sú stefna er í fullu gildi enn í dag, því að hún bindur sig ekki við augnablikskreddur, heldur fylgist með þróuninni og hefur oftast forustuna um hana.“*

**Vissan um að samvinna skili okkur betur fram veg, en hverjum fyrir sig, mun ætíð vera grunnstefið í starfi flokksins.**

Samfylgd með þjóðinni í hundrað ár segir sína sögu. Kannski fyrst og fremst þá, að Framsóknarflokkurinn hefur alla tíð verið áhrifamikið afl á vettvangi íslenskra þjóðmála.

Það hefur verið gæfa flokksins að honum hefur auðnast að laga sig að breyttum tímum og gert það vel, án þess nokkurn tímann að víkja frá grunngildunum. Og enn stöndum við frammi fyrir áskorunum. Ný ríkisstjórn að loknum kosningum í október hefur ekki enn verið mynduð, önnur staða er uppi á Alþingi en við höfum átt að venjast. Úrslit kosninganna eru vísbending um að mynduð verði ríkisstjórn með breiða skírskotun til hægri og vinstri. Milli jaðranna vinstri og hægri í stjórnmálum er miðjan, þungamiðjan. Þar erum við og höfum verið í heila öld.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri.
Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson *tinni@365.is* HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is*
MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*



# Klappstýrur „uppgjörsins“

Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Ef Jesús Kristur hefði ekki hitt fyrir farísea, fræðimenn og palestínskt alþýðufólk á Olíufjallinu forðum heldur íslenska stjórnmála-, embættis- og athafnamenn er hætt við því að áeggjan hans um að sá sem syndlaus væri kastaði fyrsta steininum hefði endað í blóðbaði.

Íslensku þjóðinni er að takast að eyða töluvert meiri tíma í að gera upp málin eftir fjármálahrunið 2008 heldur en uppsveiflan sjálf stóð yfir. Nýjasta dæmið um þetta er vitaskuld uppljóstranir um hlutabréfaeign og fjármálavafstur dómara við Hæstarétt Íslands.

### Vandasamt dómsvald

Á því máli eru nokkrar hliðar. Það er vissulega ögn uggvænlegt að fjölmiðlum berist (og þeir birti) persónulegar upplýsingar um einkafjármál dómara. Tilgangurinn með birtingunni er bersýnilega að varpa rýrð á Hæstarétt á sama tíma og dómar falla í stórum málum. Hluti þessara upplýsinga virkar satt best að segja ekkert sérlega krassandi, sérstaklega eftir að nánari skýringar hafa komið fram. Í ljósi þess að upplýsingarnar eru augljóslega komnar frá óvinum dómaranna má velta því fyrir sér hvort of mikið hafi verið gert úr málinu.

Engu að síður þá er hluti upplýsinganna óþægilegur. Það er skrýtin ákvörðun hjá æðstu embættismönnum ríkisins—þeim einstaklingum sem falin er sú ábyrgð að ákveða hvenær ríkisvaldið má beita þvingunum og ofbeldi—að láta sér ekki nægja ríflegar launagreiðslur, óhagganlegt starfsöryggi og ríkuleg eftirlaunaréttindi. Þeir þurftu líka að fá að dansa aðeins með á sápukúludiskói hinna alþjóðlegu fjármálasigra íslenskra ofurbankamanna.

Eftir á að hyggja hefðu þessir dómarar líklega allir frekar kosið að láta þetta brask eiga sig. Þeir hafa haft með höndum nógu erfitt hlutverk á síðustu árum og hafa satt best að segja virst eiga í mesta basli með það á köflum. Það er alls ekki ólíklegt að sumir dómar þeirra eigi eftir að fá skell þegar frá líður og yfirvegaðir og óhlutdrægir aðilar, eins og Mannréttindadómstóll Evrópu, hafa fengið tækifæri til þess að meta þá að nýju.

### Kapítalísk bernskubrek

Það er heldur ekki ósennilegt að þegar fram líða stundir muni fólk horfa allt öðruvísi á allt þetta tímabil en við gerum nú. Íslenska hagkerfið fór í gegnum kollsteypu, sem okkur sjálfum fannst ógurleg, en á sér þó ýmsar hliðstæður út um allan heim og á ýmsum tímum. Það er líka óþarfi að hamra á því—en það er nú samt sem áður staðreynd—að Íslendingar sem þjóð hafa ekki upplifað neitt í líkingu við þau áföll sem fólk í flestum öðrum löndum hefur þurft að vinna sig út úr.

Það sem líklegast gerði bæði æðibunuganginn í uppsveiflunni og hópþunglyndið og refsigleðina í niðursveiflunni svo ærandi var að Ísland er enn að stíga sín fyrstu skref sem kapítalískt þjóðfélag. Í aldanna rás hafa Íslendingar búið við langvarandi gjaldeyrishöft og mjög takmarkaða möguleika til þess að kaupa og selja hlutabréf á mörkuðum. Það er ekki fyrr en á allra síðustu áratugum sem Íslendingar öðluðust sína fyrstu reynslu í þessum efnum. Tilfinningahitinn í kringum „hrunið“ var eins og fyrsta ástarsorg unglings—það var ekki nóg með að við grétum það sem við höfðum misst, heldur urðum við handviss um að við myndum aldrei elska aftur og vildum helst hætta að trúa á ástina, hamingjuna og framtíðina.

### Ekki benda á mig

Eitt af því áhugaverðasta við allt þetta langa uppgjörstímabil er að það er mikil leitun að fólki sem gerði mistök. Bankamennirnir hafa flestir lýst því hvernig óaðfinnanlegar ákvarðanir þeirra hafi á óskiljanlegan hátt ekki staðist óviðráðanlegar ytri aðstæður og hvernig mistök og aulagangur allra annarra hafi í raun skemmt fyrir þeim alla snilldina. Stjórnmála- og embættismenn hafa sömuleiðis, eftir margra ára naflaskoðun, eiginlega ekkert fundið að hjá sér sjálfum, þótt pólitískir andstæðingar hafi vitaskuld borið mikla sök. Og dómararnir í Hæstarétti eru vitaskuld algjörlega vammlausir í eigin huga; standandi með bundið fyrir augun; vogarskálar réttlætisins í annarri hendi og verðlaus hlutabréf í hinni, að meta hverjar sé hæfilegar refsingar fyrir þá sem báru mesta ábyrgð.

Og nú, þegar íslenskt þjóðfélag er búið að hverfast um afleiðingarnar af „hruninu“ í átta ár. Þá fer smám saman að vakna sú tilfinning að það gæti nú líka þurft að skoða hvort okkur hafi gengið eitthvað betur í „uppgjörinu“ heldur en „uppsveiflunni“. Margt bendir til þess að ríkisvaldið hafi ekki síður en „útrásarvíkingarnir“ leyft sér að fara langt út fyrir öll fyrri mörk, svo sem með óhóflegum símahlerunum, tilhæfulausum rannsóknum og ákærum, langvinnum herferðum gegn tilteknum einstaklingum og þar fram eftir götunum. Margir máttu lengi bera brennimerkið „klappstýra útrásarinnar“, en það fer að verða spurning hvort uppnefnið „klappstýra uppgjörsins“ fari að verða nothæft sem skammaryrði líka.

### Steinkast

En hvernig má vera að þessi uppgjör taki allan þennan tíma? Kannski er það vegna þess að svo margir létu glepjast. Það voru ekki bara jakkafataklæddir hvítvoðungar úr Versló sem töluðu í farsímana sína um hlutabréf og milljónir. Þjóðin var meira og minna öll orðin gráðug.

Prestar keyptu hlutabréf, kennarar spiluðu á gjaldeyrismarkaðinn, listamenn og heimspekingar nenntu ekki að gagnrýna heldur sáu bara tækifæri—og meira að segja dómararnir gátu ekki setið spakir á hliðarlínunni. Eftir að skýjaborgin hrundi þá eru allir með svo mikinn móral, að það eina sem lætur okkur líða betur er að benda á hvert annað og gera að sökudólgum. Og vegna reiðinnar og refsigleðinnar vilja fáir viðurkenna minnstu mistök.

Það er nefnilega meira stuð að kasta steinum heldur en að reyna að læra af fortíðinni. Þangað til einhver fer að kasta steinum í mann sjálfan.

> Prestar keyptu hlutabréf, kennarar spiluðu á gjaldeyrismarkaðinn, listamenn og heimspekingar nenntu ekki að gagnrýna heldur sáu bara tækifæri—og meira að segja dómararnir gátu ekki setið spakir á hliðarlínunni.



# Hættuleg heimsókn?



**Þórir Stephensen**
fv. dómkirkjuprestur og staðarhaldari í Viðey

**Ég er fjölmenningarsinni og á þá von, að fólk af mismunandi trúarbrögðum, geti búið hér í sátt og samlyndi.**

Mikið er nú deilt um, hvort leyfa eigi heimsóknir skólabarna í kirkju á aðventunni. Sagt er, að þar sé stundað trúboð. Ég efast um, að þeir, sem mótmæla hæst og mest, hafi sjálfir komið í slíkar heimsóknir.

Ég er fjölmenningarsinni og á þá von, að fólk af mismunandi trúarbrögðum, geti búið hér í sátt og samlyndi. Það er a.m.k. algjör skylda okkar kristinna manna, að sýna bræðrum okkar og systrum sama kærleika og við viljum að þau sýni okkur. Þar skipta trúarbrögð, þjóðerni, litarháttur og kynhneigð engu máli. Við erum öll eitt, börn sama skapara.

Í sautján ár tók ég á móti skólabörnum í Dómkirkjunni á aðventu. Ég var þar einn, enginn organisti og enginn kór. Við sungum í upphafi hluta af sálminum í Betlehem er barn oss fætt og svo Heims um ból í lokin. Svo voru jólafrásagnir þeirra Lúkasar og Mattheusar endursagðar og útskýrðar. Mikil áhersla var lögð á kærleiksboðskapinn, sem Kristur var fæddur til að boða og hve nauðsynin væri mikil, að við, bæði börn og fullorðnir, reyndum að vera öllum góð, sérstaklega, þar sem neyð og fátækt ríktu og umfram allt þar sem fólk liði þjáningar vegna styrjalda. Grundvöllur þessa er, að allt þetta fólk er hluti af okkar fjölskyldu. Í þessu fundum við líka uppruna og tilgang jólagjafanna.

Svo var kirkjan skoðuð, skírnarfontur Thorvaldsens, eitt fegursta listaverk í íslenskri kirkju. Við töluðum einnig um hina mismunandi hluta kirkjuhússins, kórinn, kirkjuskipið, skrúðhúsið, sem einu sinni var slökkvistöð, turninn og klukkurnar, sem alltaf hringja inn jólin í útvarpinu.

Á rúmum hálftíma getur aldrei orðið um neitt trúboð að ræða. Til þess þarf lengra og hnitmiðaðra ferli. Þetta var ekki síst menningarheimsókn, til þess stíluð að gera börnunum auðveldara að skilja jólin og njóta þeirra sem slíkra. Eina bæn leyfði ég mér að fara með. Ég notaði hana mikið í sunnudagaskólanum og bað börnin að sameinast mér í þessum orðum:

*„Góði faðir, gættu mín,*
*gleddu litlu börnin þín,*
*Gefðu pabba gæfu og traust.*
*Ó, Guð, að mamma verði hraust.*
*Góði Guð að þessu sinni*
*gæt þú vel að farsæld minni.“*

Það kemur mér mjög á óvart, ef slík heimsókn hefur haft neikvæð áhrif á fjölmenninguna í landinu.

# Jólaljós og uppistöðulón



**Sigurður Ingi Friðleifsson**
framkvæmdastjóri Orkuseturs

**Sem betur fer eru nútíma jólaljós með LED-perum sem nota aðeins um 10-15% af því afli og orku sem eldri perur þurftu. Nú þurfa landsmenn að taka sér tak og skipta yfir í LED-lýsingu bæði í jólaljósum og almennri heimilislýsingu.**

Nú er tími jólaljósa og landsmenn keppast við að skreyta hús sín og slá nágrönnum við í ljósadýrðinni. En lýsingin staldrar stutt við, hún slær á skammdegið í mánuð eða svo og er síðan rifin niður og pakkað saman. Í ellefu mánuði nota jólaljósin því enga orku og eru því miður frekar óheppilegur raforkunotandi.

Jólaljós eru ekki besti viðskiptavinur raforku af tveimur ástæðum; A) notkun þeirra er mest þegar vatnsrennsli í ám er sem minnst, og B) notkunin er mjög mikil í mjög stuttan tíma. Dæmið verður skýrara ef við hugsum okkur jólahald á litlili eyðieyju þar sem dísilrafstöðvar framleiða rafmagn. Ekki nóg með að rafstöðvarnar þurfa að erfiða meira í kuldanum um jólin heldur þyrfti líka að kaupa auka dísilrafstöð sem væri bara keyrð í mánuð á ári til að mæta jólaaflþörfinni. Það þyrfti sem sagt að fjárfesta í auka rafstöð um jólin en nýtingin á henni væri afar slök og óhagkvæm á ársgrundvelli.

**Uppistöðulón**

Svona óregluleg notkun er ekki góð fyrir orku eins og raforku, sem erfitt er að geyma. Raforku verður nefnilega að nýta um leið og hún er framleidd. En það er til geymsluaðferð sem gerir mögulegt að geyma orkuna og jafna framleiðsluna milli árstíða. Þessi magnaða geymsla kallast uppistöðulón. Uppistöðulón hafa ekki notið mikilla vinsælda í gegnum tíðina enda þýðir tilurð þeirra að talsvert af misverðmætu landi sem áður var þurrt fer undir vatn. Víða um heim fer gríðarlegt magn af lífrænu efni undir lón og rotnun veldur útblæstri gróðurhúsalofttegunda.

Hér á landi eru uppistöðulónin undantekningalaust á mun gróðurminni stöðum en víðast hvar erlendis og neikvæð loftslagsáhrif því hverfandi. Stærstu lónin hér á landi eru á hálendinu en samkvæmt eðlisfræðinni þarf minna vatn á kWst eftir því sem fallhæðin er meiri. Þannig fæst meiri orka úr hverjum rúmmetra af vatni eftir því sem það er geymt ofar. Fljótsdalsvirkjun nýtir t.d. um 600 metra náttúrulega fallhæð.

**Rafhlöður landsins**

Tilgangur uppistöðulóna er því fyrst og fremst að geyma stöðuorku þannig að hægt sé að viðhalda svipaðri framleiðslugetu allt árið, óháð sveiflum í sumar- og vetrarrennsli. Ef ekki væru uppistöðulón þá þyrfti einfaldlega fleiri virkjanir til að anna raforkuþörf á veturna þegar rennslið er takmarkað. Það má líkja þessu við vörubíl sem tekur 10 pakka og flytur að jafnaði um 8-10 pakka í ferð. Svo koma jólin og þá er spurning hvort ekki væri betra og ódýrara að eiga tengivagn sem getur tekið 5 pakka í viðbót frekar en að kaupa annan vörubíl sem stæði síðan ónotaður í ellefu mánuði á ári. Menn geta svo deilt um hvort raforkuþörf stórnotenda á Íslandi sé of mikil yfirhöfuð en það er önnur umræða sem ekki verður tekin hér.

**Ný ljósatæki**

Sem betur fer eru nútíma jólaljós með LED-perum sem nota aðeins um 10-15% af því afli og orku sem eldri perur þurftu. Nú þurfa landsmenn að taka sér tak og skipta yfir í LED-lýsingu bæði í jólaljósum og almennri heimilislýsingu. Á heimasíðu Orkuseturs má finna ýmsar reiknivélar sem sýna orku- og rekstrarsparnað slíkra peruskipta. Landsmenn góðir, skiptið nú yfir í LED-ljósaseríur og hugsið hlýlega til uppistöðulóna sem eru mikilvægustu rafhlöður landsins.

# Sálfræðiþjónusta er heilbrigðisþjónusta



**Eiríkur Örn Arnarson**



**Jón Sigurður Karlsson**



**Jónas G. Halldórsson**
f.h. Félags sérfræðinga í klínískri sálfræði

**Niðurgreidd sérhæfð sálfræðiþjónusta á stofum sálfræðinga er mikilvæg fyrir almenning, þjóðhagslega hagkvæm og þolir ekki bið. FSKS leitar samstarfs um þróun þessara mála.**

Á undanförnum árum og áratugum hafa Sálfræðingafélag Íslands og Félag sérfræðinga í klínískri sálfræði (FSKS) bent ítrekað á mikilvægi þess að auðvelda almenningi að leita sálfræðiþjónustu. Niðurgreiða eigi sálfræðiþjónustu á sama hátt og ýmsa aðra heilbrigðisþjónustu.

Samkeppnisstofnun hefur tvívegis tekið málið til skoðunar, fellt úrskurð og beint þeim tilmælum til stjórnvalda að samið verði við sérfræðinga í klínískri sálfræði á svipaðan hátt og samið hefur verið við geðlækna og aðra sérfræðinga í læknastétt.

Einhverra hluta vegna hafa stjórnvöld ekki farið eftir þessu áliti Samkeppnisstofnunar. Það vekur furðu, þar sem sýnt hefur verið fram á að sérhæfð sálfræðiþjónusta, greining, meðferð og íhlutun dregur á ýmsan hátt úr kostnaði heilbrigðisþjónustu, m.a. með færri innlögnum á sjúkrahús, færri einstaklingum á örorku, auknu vinnuframlagi, minni lyfjanotkun og betri líkamlegri og andlegri heilsu. Þær krónur sem fara í að greiða niður sálfræðiþjónustu við almenning skila sér aftur til ríkisins og meira en það.

Aðferðir sálfræðilegrar greiningar og meðferðar eru vel skilgreindar og árangur þeirra hefur verið staðfestur með rannsóknum. Samkvæmt bestu starfsreglum í heilbrigðisþjónustu er sálfræðileg meðferð fyrsta val við íhlutun, t.d. þegar um er að ræða kvíða, depurð, þunglyndi eða svefnleysi. Gott aðgengi að slíkri þjónustu eru sjálfsögð mannréttindi.

Stuðningur við niðurgreiðslu sálfræðiþjónustu er vaxandi. Í aðdraganda kosninga voru allir stjórnmálaflokkar sammála um að bæta þyrfti aðgengi almennings að sálfræðiþjónustu. Áður höfðu verkalýðsfélög lýst sömu skoðun.

**Þolir ekki bið**

Hagsmunasamtök hafa einnig knúið á á undanförnum árum. Sem dæmi má nefna að nú stendur yfir undirskriftasöfnun ADHD samtakanna, Barnaheilla – Save the Children á Íslandi, Einhverfusamtakanna, Einstakra barna, Landssamtakanna Þroskahjálpar, Sjónarhóls – ráðgjafarmiðstöðvar, Tourette-samtakanna á Íslandi og Umhyggju – félags langveikra barna, þar sem stjórnvöld eru hvött til að fella sálfræðiþjónustu undir greiðsluþátttökukerfi Sjúkratrygginga Íslands. Tengill undirskriftasöfnunarinnar er http://www.adhd.is/is/um-adhd/frettir/undirskriftasofnun-salfraedithjonusta-er-lika-heilbrigdisthjonusta

Sálfræðiþjónusta stofnana, þ.m.t. sálfræðiþjónusta á heilsugæslustöðvum, er afar mikilvæg, en fjarri fer að hún nái til allra þeirra sem leita sálfræðiþjónustu. Niðurgreidd sérhæfð sálfræðiþjónusta á stofum sálfræðinga er mikilvæg fyrir almenning, þjóðhagslega hagkvæm og þolir ekki bið. FSKS leitar samstarfs um þróun þessara mála.

# Hver hefur eftirlit með eftirlitsaðilanum?



**Ástríður Sigurðardóttir**
fagsviðsstjóri hjá Matvælastofnun

**Frá árinu 2008 hefur ESA komið í 3-5 úttektir á ári og alls 35. Það er óhætt að fullyrða að engin stofnun á Íslandi lýtur fleiri ytri úttektum árlega en Matvælastofnun og eru starfsmenn margir hverjir þrautþjálfaðir í slíkri vinnu.**

Í kjölfar umfjöllunar Kastljóss nýverið um málefni Brúneggja og eftirlit Matvælastofnunar var ofangreindri spurningu stundum varpað fram í umræðunni og sem verkefnastjóri ytri úttekta á stofnuninni frá árinu 2008 tel ég rétt að nýta tækifærið og skýra frá því hvernig staðið er að úttektum þriðja aðila á opinberu eftirliti hér á landi.

**Lögbundnar kröfur**

Þeir aðilar sem sinna opinberu eftirliti á Íslandi með öryggi matvæla og fóðurs, dýraheilbrigði og dýravelferð starfa meðal annars á grundvelli reglugerðar Evrópusambandsins nr. 882/2004 um opinbert eftirlit sem innleidd var hér á landi árið 2010. Í reglugerðinni er einnig kveðið á um að jafnframt skuli fara fram reglulegar úttektir í öllum aðildarríkjum EES á því hvort eftirlitinu sé sinnt á réttan hátt og í samræmi við löggjöf þar að lútandi. Í ríkjum Evrópusambandsins er það framkvæmdastjórnin sem er ábyrg fyrir þessum úttektum en á Íslandi og í Noregi er það Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) sem framkvæmir þær.

Frá árinu 2008 hefur ESA komið í 3-5 úttektir á ári og alls 35. Það er óhætt að fullyrða að engin stofnun á Íslandi lýtur fleiri ytri úttektum árlega en Matvælastofnun og eru starfsmenn margir hverjir þrautþjálfaðir í slíkri vinnu. Hver og ein úttekt útheimtir mikinn undirbúning og framlag fjölda starfsmanna í hvert sinn enda þarf að senda upplýsingar til ESA fyrirfram, útbúa dagskrá, hafa samband við fyrirtæki sem heimsótt eru, skipuleggja hvaða starfsmenn fylgja úttektarmönnum í fyrirtæki, sitja fundi með fulltrúum ESA og síðast en ekki síst útbúa tímasettar úrbótaáætlanir í kjölfar hverrar úttektar. Við undirbúning og framkvæmd slíkra úttekta er unnið eftir skráðu verklagi sem finna má í gæðahandbók Matvælastofnunar á vef hennar.

Hjá því er ekki komist að gerðar séu kröfur um einhverjar úrbætur í kjölfar slíkra úttekta. Þær eru tímasettar og er það hlutverk verkefnastjóra að sinna eftirfylgni með því að úrbótaverkefnum sé lokið og ESA reglubundið upplýst um gang mála. Úttektir hafa því orðið til þess að farið hefur verið í mörg verkefni hjá stofnuninni og sum jafnvel fyrr en áætlað var. Sem dæmi um úrbótaverkefni og afurðir þeirra má nefna skoðunarhandbækur, þróun skráðra verkferla í gæðahandbók, betrumbætur á gagnagrunni eftirlitsskýrslna, áhættu- og frammistöðuflokkun, þjálfun starfsmanna í eftirliti, útgáfu leiðbeininga og staðfestingu á innra úttektakerfi sem einnig hefur verið hrint í framkvæmd. Þess ber að geta að athugasemdir ESA geta einnig snúið að öðrum aðilum sem koma að opinberu eftirliti, svo sem ráðuneytum, heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga og öðrum stofnunum.

**Innri úttektir Matvælastofnunar**

Í ofangreindri löggjöf um opinbert eftirlit er einnig kveðið á um að stjórnvöld í hverju aðildarríki EFTA/EES skuli, samhliða ytri úttektum 3ja aðila, tryggja að framkvæmdar séu innri úttektir á framkvæmd opinbers eftirlits þannig að markmiðum reglugerðarinnar sé náð. Af þessu tilefni hefur verið innleitt innra úttektakerfi á opinberu eftirliti með matvælum, fóðri, heilbrigði og velferð dýra sem birt hefur verið á heimasíðu Matvælastofnunar (www.matvaelastofnun.is). Þjálfun úttektarmanna fór fram á árinu og þegar hafa verið framkvæmdar 5 úttektir bæði á eftirliti Matvælastofnunar á tilteknum sviðum sem og eftirliti hjá tveimur svæðum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Unnið er að úrbótaáætlunum í kjölfar úttektanna og verða niðurstöður sem og framkvæmd þeirra kynnt betur í ársskýrslu Matvælastofnunar 2016.

**Hagsmunir útflytjenda**

Til viðbótar lögbundnum úttektum ESA hér á landi koma einnig sendinefndir til landsins til að gera úttekt á þeim framleiðslufyrirtækjum sem hafa leyfi til útflutnings til tiltekinna ríkja utan EES. Um leið er einnig litið til þess hvernig staðið er að opinberu eftirliti með þessum fyrirtækjum. Nokkur aukning hefur verið á fjölda slíkra úttekta á síðustu árum og skipar undirbúningur þeirra, framkvæmd og verkefnastjórnun sífellt meiri sess í starfsemi Matvælastofnunar. Mikilvægt er að vel takist til í slíkum úttektum þar sem útkoma þeirra getur haft áhrif á útflutningshagsmuni og möguleika fyrirtækja á aðgangi að erlendum mörkuðum með vörur sínar. Samhliða þessu fela slíkar úttektir í sér viðurkenningu erlendra systurstofnana Matvælastofnunar á opinberu eftirliti stofnunarinnar.

**Lokaorð**

Framangreind umfjöllun sýnir að virkt eftirlit er með starfsemi Matvælastofnunar. Það á bæði við um ytri úttektir ESA og viðskiptaríkja auk innri úttekta stofnunarinnar, sbr. kerfi sem samþykkt er af ráðuneyti atvinnuvega og nýsköpunar. Þá má að lokum geta þess að líkt og aðrar ríkisstofnanir heyrir Matvælastofnun undir eftirlit Ríkisendurskoðunar og má nálgast niðurstöður þeirra úttekta á heimasíðu hennar, en niðurstöður þeirra hafa almennt verið góðar.

# Lifandi jólatré

**FRÁBÆRT VERÐ**

Normannsþinur, íslensk fura og blágreni.
Einnig mikið úrval af gervijólatrjám og skrauti.



## Sölustaðir

**SELFOSS**
*FÖS* **8-19**
*LAU* **10-19**
*SUN* **12-18**

**TIMBURVERSLUN BREIDD**
*FÖS* **8-20**
*LAU* **10-20**
*SUN* **11-20**

## Dagskrá Breidd

**LAUGARDAGINN 17.DES**
MOSFELLSKÓRINN 13-14
JÓLAJAZZ (SPILASJÚKIR) 14-15

**SUNNUDAGINN 18.DES**
JÓLAJAZZ (SPILASJÚKIR) 13-13:45
ÁLAFOSSKÓRINN 14-15



**JÓLATRÉSFÓTUR,**
5" grænn eða rauður.
**5.495kr.**
88470259/60

## Verðlisti

| NORMANNSÞINUR | VERÐ |
|---|---|
| 100 - 125 cm | 2.495 kr. |
| 126 - 150 cm | 2.995 kr. |
| 151 - 175 cm | 4.295 kr. |
| 176 - 200 cm | 5.995 kr. |
| 201 - 225 cm | 7.395 kr. |
| **BLÁGRENI** | |
| 100 - 150 cm | 5.495 kr. |
| 151 - 200 cm | 10.375 kr. |
| 201 - 250 cm | 13.495 kr. |
| **ÍSLENSK FURA** | |
| 100 - 150 cm | 5.775 kr. |
| 151 - 200 cm | 8.975 kr. |
| 201 - 250 cm | 13.495 kr. |

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

# Er þekking og færni mælanleg?



Lára Lilliendahl Magnúsdóttir
MA í heimspeki menntunar

**Prófin eru nefnilega bara mælikvarði á það hvað nemandinn getur í prófinu sjálfu, en ekki í raunverulegum aðstæðum eins og markmið PISA-prófanna segir til um.**

Í ljósi þess að niðurstöður PISA-prófanna hafa nýlega verið gerðar opinberar, vil ég benda á mikilvæga spurningu sem oft gleymist. Spurningin er hvort hægt sé að mæla þekkingu og færni? Þessi pistill á sér mikla og langa forvinnu sem ég ætla hvorki að fara í kjölinn á né að fara í öll smáatriðin sem styðja það að PISA-prófin og niðurstöður þeirra á að taka með mjög miklum fyrirvara og efasemdum hvað varðar gildi þeirra. En fyrir áhugasama vil ég benda á meistararitgerðina mína „Are Knowledge and Skills Measurable?“ þar sem ég grandskoða þessa spurningu með tilliti til PISA-prófanna.

Ég fullyrði það að niðurstöður PISA-prófanna á að taka með fyrirvara vegna þess að þekking og færni eru flókin fyrirbæri, og þetta á sérstaklega við þegar árangur náms er mældur og greindur með stöðluðum mælikvarða. Þetta er vegna þess að staðbundin áhrif, viðhorf nemandans, líkamlegt og tilfinningalegt ástand nemandans, menning, hefðir, hvatning, skyldutilfinning og svo margt annað hefur áhrif á það hvernig þekking og færni einstaklings verður til og hvernig hann/hún getur nýtt sér þessa eiginleika í mismunandi raunverulegum aðstæðum. Á meðan ekki er hægt að útiloka þessi áhrif til fulls við prófanir á víðtækri þekkingu og færni, ber að hafa það í huga að niðurstöður PISA gefa ekki rétta mynd af því sem prófað er.

### Virðist engin áhrif hafa

Við hönnun PISA-prófanna er reynt að taka tillit til nokkurra þessara þátta, en það er ómögulegt að segja til um hvernig það lukkast vegna þess að enn er ekki til staðlaður mælikvarði fyrir þessa áhrifaþætti og þá er ekki hægt að taka tillit til þeirra þegar niðurstöðurnar eru reiknaðar. Þrátt fyrir mikla og reglulega gagnrýni sem sýnir fram á að PISA-prófin skuli taka með fyrirvara með tilliti til þessara fáu áhrifaþátta sem ég nefni sem dæmi, og annarra atriða, þá virðist það engin áhrif hafa á stjórnvöld og stjórnendur skóla hvað varðar viðurkenningu þeirra á PISA-könnununum. Þetta sést til dæmis í minnkandi áherslu á listræn fög, lengri viðveru í skólum og aukna áherslu á raungreinar og lestur. Með þessum orðum vil ég alls ekki draga úr mikilvægi þessara greina, heldur frekar benda á mikilvægi allra greina.

Hvað er þekking og færni? Þessi spurning hefur plagað marga vísindamenn og heimspekinga og gerir enn. Vandamálið er flókið og felur í sér til dæmis meðvitund um það sem við vitum og erum áskynja, en einnig það sem við skynjum en erum ekki meðvituð um. Til dæmis þegar við munum allt í einu eftir ákveðinni manneskju, atburðum eða staðreyndum. Við erum ekki alltaf meðvituð um hvað það er sem framkallar minningarnar en oft tengist það til dæmis umhverfinu, lykt eða lagi sem við heyrum. Í öðrum kringumstæðum gætum við hins vegar átt í erfiðleikum með að kalla fram minningar og þekkingu sem við þurfum á að halda.

Þegar þekking og færni eru skilgreind verður að vera hægt að segja nákvæmlega á hverju þessi fyrirbæri byggjast og hvað hefur áhrif á þau til þess að geta sagt með vissu hvort einstaklingurinn búi yfir þeim. Þess vegna spyr ég alveg eins og svo margir hafa spurt: Er þekking það að muna? Er þekking fólgin í því að þekkja margar staðreyndir? Er færnin í því að framkvæma einhverja aðgerð (að kunna eitthvað) fólgin í því að þekkja allar staðreyndir varðandi þá aðgerð? Er hægt að skilja þessi fyrirbæri þannig að hægt sé að segja að maður viti en á sama tíma að maður kunni ekki, eða eru þau af sama toga og óaðskiljanleg?

Samkvæmt kenningarramma PISA og þeim fræðum sem hann byggir á eiga nemendur að vera búnir að læra aðferðir og staðreyndir jafnframt því að búa yfir færninni til þess að nýta sér þessa þekkingu í hvers konar aðstæðum sem er. Það er auðvitað óskandi og mjög líklegt að mun fleiri nemendur geti þetta en þeir sem geta sýnt fram á það í PISA-prófunum. Prófin eru nefnilega bara mælikvarði á það hvað nemandinn getur í prófinu sjálfu, en ekki í raunverulegum aðstæðum eins og markmið PISA-prófanna segir til um.






# Þegar tröllið stal heilsunni, jólunum og hamingjunni



Þórhallur Heimisson
prestur

Já, ég er orðin alveg stíf í hnakkanum og öxlunum aftur alveg eins og í fyrra,“ sagði hún. „Svo sef ég líka illa,“ bætir hún við, „er andvaka allar nætur. Er eitthvað sem ég get gert í þessu?“ heldur hún áfram.

„Um hvað ertu að hugsa á nóttunni þegar þú getur ekki sofið?“ spurði ég hana. „Allt og ekkert. Hugsanirnar þeytast bara um, hring eftir hring. Ég hugsa um allt það sem ég á eftir að gera, börnin og vinnuna til dæmis. Og þá fæ ég í magann. Ég og M., maðurinn minn, eigum þrjú börn, átta, tólf og fjórtán ára. Þau eru á fullu í félagsstarfi. En ég verð stundum svo þreytt á öllu veseninu í kringum þetta allt. Og það er sko margt sem við foreldrarnir eigum að gera í þessu öllu. Við eigum að koma á alla foreldrafundi og auðvitað líka foreldrafundina í skólanum. Það þarf líka að skutlast með börnin í flest. Og núna fyrir jólin nær þetta algeru hámarki með jólatónleikum og jólasýningum og jólaskemmtunum. Stundum líður mér eins og ég sé að reka flutningafyrirtæki!“

„Ertu ein að standa í þessu öllu,“ spurði ég. „Maðurinn minn er svo upptekinn í vinnunni, hann þarf oft að vinna yfirvinnu og þá fær hann að vita af því með mjög stuttum fyrirvara. Börnin lenda því að mestu á mér. Ég er líka að vinna, en bara hálfan daginn. Þannig að okkur veitir ekkert af peningunum sem maðurinn minn vinnur inn, erum að byggja og allt það.“

„Hvernig líður ykkur þá saman núna?“ sagði ég. „Okkur hefur nú oft liðið betur. Mér finnst ég vera svo mikið ein. Ég veit varla hvort okkur þykir vænt um hvort annað lengur, tilfinningarnar eru að mestu horfnar. Svo eru jólin að koma með öllu jólaveseninu. Ég velti því oft fyrir mér hvernig þetta muni nú allt saman enda …“

Það eru víst margir sem velta því fyrir sér eins og G. hvernig þeirra líf muni nú fara. Ætli við séum ekki of mörg föst í einhverri ofkeyrslu sem kemur niður á okkur bæði andlega og líkamlega núna fyrir jólin. Stundum verður keyrslan innan fjölskyldunnar og allar kröfurnar sem við viljum standast, eins og eitthvert óviðráðanlegt tröll sem stelur frá okkur kröftum og hamingju. Látum ekki tröllin stela heilsunni og hamingjunni frá okkur fyrir þessi jól.

En hvað er til ráða? Hér fylgir lítill listi, jólagjöf til ykkar, sem þið getið hengt á ísskápinn heima og tékkað á þegar jólastressið fer að segja til sín.

### Gátlisti hamingjunnar

Ég get gefið mér tíma til þess að tala við fjölskyldu mína um hluti sem í raun og veru skipta okkur máli.

Ég get reglulega tekið þátt í einhverju með maka mínum sem auðgar sambandið.

Ég get tekið á vandamálum í sambandi okkar í stað þess að forðast að ræða um þau.

Ég get talað reglulega og einlæglega, helst á hverjum degi, við maka minn, um samskipti okkar.

Ég get lært að rækta ástina í samskiptum mínum við maka minn með því að fullnægja þörfum okkar beggja fyrir hrós, viðurkenningu, snertingu, hlýju, virðingu og umhyggju.

Ég get gagnrýnt á uppbyggilegan og heiðarlegan hátt og tekið gagnrýni án þess að fara í fýlu.

Ég get viðhaldið vináttu minni við gamla vini, gert mitt til að eignast nýja með maka mínum og stutt vináttu maka míns við sína vini.

***Gleðileg jól***

# Opin fjármál Reykjavíkurborgar



Halldór Auðar Svansson
formaður stjórnkerfis- og lýðræðisráðs Reykjavíkurborgar

**Lokamarkmiðið er fullt gagnsæi útgjalda og tekna alveg niður á einstaka reikningsfærslur, mánuð eftir mánuð.**

Opnað hefur verið nýtt svæði á vefsíðu Reykjavíkurborgar, Opin fjármál Reykjavíkurborgar. Þar má nú sjá ítarlega myndræna framsetningu á útgjöldum og tekjum borgarinnar, fyrstu níu mánuði þessa árs og árin 2014 og 2015. Þessi framsetning er í grunninn svipuð þeirri sem viðhöfð hefur verið í kringum útgáfu fjárhagsáætlana – en er enn þá gagnvirkari og ítarlegri. Ekki einungis er hægt að grafa sig niður í skipulag borgarinnar allt niður á einstaka starfsstöðvar og skoða samsetningu mismunandi útgjalda- og tekjuliða á borð við launakostnað og útsvarstekjur, heldur er líka hægt að skoða hvern ársfjórðung fyrir sig og sjá nákvæmlega til hverra útgjöldin renna, sumsé hverja borgin skiptir við og fyrir hversu háar upphæðir.

Það er fullkomlega eðlileg krafa að opinberir aðilar nýti upplýsingatæknina með þessum hætti til að opna á aðhald almennings gagnvart rekstri sem er fjármagnaður með opinberum gjöldum. Enda hefur Reykjavíkurborg sett sér mjög metnaðarfull markmið í þessum efnum, með nýrri upplýsingastefnu sem samþykkt var af öllum borgarfulltrúum sumarið 2015, en þar segir meðal annars að „Reykjavíkurborg skal vera leiðandi í nýjungum í upplýsingamiðlun og upplýsingaframboði. Borgin nýti nýja tækni á markvissan hátt við að gera upplýsingar borgarinnar aðgengilegar.“

Starfsfólk borgarinnar hefur unnið ötullega samkvæmt þessari stefnu og í því felst meðal annars innleiðing á öflugum hugbúnaði, Qlik Sense, sem býður upp á mikla möguleika í birtingu gagna. Vefsvæðið Opin fjármál Reykjavíkurborgar eins og það lítur út núna er stórt skref en það er einungis fyrsta skrefið í átt að því að nýta möguleikana. Nýjungar og viðbætur verða síðan innleiddar í öruggum skrefum.

Lokamarkmiðið er fullt gagnsæi útgjalda og tekna alveg niður á einstaka reikningsfærslur, mánuð eftir mánuð. Einnig að þessi gögn séu gefin út sem hrágögn sem aðrir aðilar geta tekið og birt með sínum hætti, svonefnd opin gögn, en upplýsingastefnan setur líka metnaðarfull markmið um útgáfu þeirra.

Að öðru leyti eru möguleikarnir á birtingu upplýsinga í raun endalausir, ekki bara fjárhagsupplýsinga heldur einnig ýmiss konar annarra upplýsinga og talnaefnis um starfsemi borgarinnar. Kostirnir við slíkt gagnsæi eru fjölmargir og áhrifin víðtæk. Aðhald almennings og upplýstari umræða leiða til betri og lýðræðislegri ákvarðanatöku og skilvirkari stjórnunar – því betur sjá augu en auga. Við höfum í raun bara séð byrjunina og það verður svo sannarlega spennandi að fylgjast með framhaldinu.

netto

# JÓLABÓKIN FÆST HJÁ OKKUR




**FLUGSAGA**
**4.874 KR**




**VILJI ER ALLT SEM ÞARF**
**4.549 KR**




SKÓSVEINARNIR FYLGJA
**FRÍTT**
MEÐ LEYNILÍF GÆLUDÝRA

**LEYNILÍF GÆLUDÝRA**
**2.111 KR**




**FÓTBOLTASPURNINGAR 2016**
**1.049 KR**




**HÉRAÐSMANNASÖGUR**
**2.111 KR**




**LARS LAGERBÄCK**
**1.913 KR**




**SIGURÐAR SÖGUR DÝRALÆKNIS**
**2.239 KR**




**BESTU BRANDARARNIR**
**959 KR**




**SPURNINGABÓKIN 2016**
**959 KR**




**SKAGFIRSKAR SKEMMTISÖGUR 5**
**2.111 KR**

**www.netto.is | Tilboðin gilda 16. - 18. desember**

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hafnarfjörður · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

# Aðventukveðja frá Bolungarvík



**Einar Jónatansson**
formaður sóknarnefndar Hólssóknar

> **Framtak þeirra sem fyrir tónleikunum stóðu er afar þakkarvert, enginn fór ósnortinn af þessari samkomu, kærleikurinn var auðfundinn. Góðar fjárhæðir söfnuðust, sem gjörbreyta aðstæðum fjölskyldunnar ungu til að takast á við erfiðleikana.**

Aðventan, undirbúningstími jólanna, er gengin í garð. Hún er tími jólaljósanna, kærkomin mitt í mesta skammdeginu. Hún er jafnframt tími hefða, sem tengjast undirbúningi jólanna og því að við erum kristin þjóð. Á margan hátt kallar aðventan fram það góða í manninum. Við verðum gjarnan næmari á aðstæður þeirra sem eiga um sárt að binda, ekki síst þegar um ástvinamissi er að ræða, eða þá þegar alvarleg veikindi knýja dyra. Þá er eins og styttra sé í náungakærleikann og við erum tilbúnari til að sýna stuðning okkar í verki. Í minni samfélögum kristallast þetta í samstöðu íbúanna, og viljanum til að létta undir með þeim sem eru hjálpar þurfi.

Fyrir rúmu ári fæddist bolvískri móður og ísfirskum föður drengur, sem í sjálfu sér er ekki fréttnæmt. Litli drengurinn hefur hins vegar barist við erfiðan sjúkdóm. Löng sjúkrahúsdvöl fjarri heimahögum hefur valdið foreldrunum ungu miklum vanda. Á styrktartónleikum, sem haldnir voru á eins árs afmæli drengsins unga, þar sem fjölmargir listamenn komu fram og gáfu vinnu sína, troðfylltu Bolvíkingar og nágrannar Félagsheimilið í Bolungarvík. Framtak þeirra sem fyrir tónleikunum stóðu er afar þakkarvert, enginn fór ósnortinn af þessari samkomu, kærleikurinn var auðfundinn. Góðar fjárhæðir söfnuðust, sem gjörbreyta aðstæðum fjölskyldunnar ungu til að takast á við erfiðleikana. Eins og sóknarpresturinn í Bolungarvík orðaði það, þá sýndu íbúar svæðisins sannarlega samfélagslega og kristilega ábyrgð sína, „að bera hver annars byrðar“.

## Minnast þeirra sem horfnir eru

Um árabil hafa Bolvíkingar átt þess kost líkt og íbúar margra byggðarlaga að heiðra minningu þeirra ástvina sem á undan eru farnir, með því að setja ljósakrossa á leiði. Það hefur verið til siðs að setja út rafmagnstengikassa fyrir fyrsta sunnudag í aðventu. Hjá mörgum íbúum hefst því jólaundirbúningurinn á því að minnast þeirra sem horfnir eru á braut, með því að lýsa upp kirkjugarðinn. Ljósakrossunum fjölgar fljótt í garðinum og áður en hátíð ljóssins gengur í garð er kirkjugarðurinn alskrýddur fallegum ljósum.

Á annan sunnudag í aðventu, sem er vígsludagur Hólskirkju, eru jafnan haldin aðventukvöld í kirkjunni. Nú í ár var aðventukvöld haldið í 51. skipti. Það var fyrrverandi organisti við kirkjuna, sem tók upp þennan sið, og síðan hefur hann verið í heiðri hafður. Við trúum því að þótt um árabil hafi aðventusamkomur verið haldnar í flestum kirkjum landsins, þá hafi þessi siður jafnvel hvergi verið viðhafður eins lengi og í Hólskirkju. Engin breyting varð þetta árið og var aðventukvöldið haldið 4. desember. Organistinn okkar og kirkjukór Bolungarvíkur sáu um tónlistarflutninginn eins og jafnan áður, en einnig kom fram barnakór. Í lok stundarinnar var einsöngur, jólalagið hátíðlega, Ó helga nótt, var sungið ásamt kórnum. Fermingarbörn komandi vors hafa ávallt sitt hlutverk á aðventukvöldunum og ræðumaður kvöldsins var skólastjóri Grunnskóla Bolungarvíkur. Sóknarpresturinn flutti ávarp og stjórnaði aðventustundinni. Bolvíkingar fjölmenntu og fylltu kirkju sína á Hólnum.



MYND/PÁLMI GESTSSON

# Borgarlína og aðrar samgöngulínur



**Ó. Ingi Tómasson**
bæjarfulltrúi Hafnarfirði

> **Þar sem fyrirséð er að ekki verður til fjármagn í fjárfrekar framkvæmdir á helstu umferðarmannvirkjum og miklum fjármunum verður varið í almenningssamgöngur á næstu árum þarf að bregðast við vandanum sem við okkur blasir á álagstímum í umferðinni.**

Fjármagn til samgöngumála er og hefur verið af skornum skammti. Samkvæmt fjárlagafrumvarpi verður nýsamþykkt samgönguáætlun skorin niður um 13 milljarða og væntingar margra verða að engu. Umræðan um samgöngumál hér á höfuðborgarsvæðinu hefur að mestu snúist um fyrirhugaða Borgarlínu, minna hefur verið rætt um aðrar samgönguúrbætur s.s. bætt og betri samgöngumannvirki og því síður hefur verið rætt um aðrar og einfaldari leiðir til að draga úr umferðarhnútum á álagstímum.

## Borgarlínan

Ein af meginforsendum svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins er Borgarlínan sem er hraðvagna- eða lestakerfi í gegnum alla meginása höfuðborgarsvæðisins, markmiðið er að notkun á almenningssamgöngum fari úr 4% árið 2016 í 12% árið 2040. Allar sveitarstjórnir á höfuðborgarsvæðinu styðja uppbyggingu almenningssamgangna enda þjóðhagslega hagkvæmt og ekki síður umhverfislega mikilvægt að minnka notkun einkabílsins eins og kostur er. Þó svo að markmið Borgarlínunnar náist og veruleg aukning verði á notkun almenningssamgangna má gera ráð fyrir áframhaldandi umferðarteppum á álagstímum. Helstu umferðaræðar höfuðborgarsvæðisins hafa ekki vaxið í takt við aukna umferð, skort hefur á pólitískan vilja hjá sveitarstjórnum á að þrýsta á úrbætur í samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu, áherslan hefur verið á eitthvað annað og því sitjum við föst í umferðinni, á morgnana og svo aftur síðdegis.

## Einfalda og ódýra leiðin

Þar sem fyrirséð er að ekki verður til fjármagn í fjárfrekar framkvæmdir á helstu umferðarmannvirkjum og miklum fjármunum verður varið í almenningssamgöngur á næstu árum þarf að bregðast við vandanum sem við okkur blasir á álagstímum í umferðinni. Öll komumst við greiðlega á milli staða á milli kl. 08:30 og 16:00 og svo aftur frá kl. 17:30-07:30. Vandamálið í umferðinni eru tvær og hálf klst. Á álagstímum í umferðinni eru flestir ökumenn annaðhvort opinberir starfsmenn eða nemendur, allir þessir ökumenn þurfa að vera mættir eitthvert á sama tíma, og þá helst miðsvæðis í Rvk. Einfalda lausnin eða öllu heldur ódýra leiðin er að ríki, sveitarfélög og skólar taki höndum saman og skipuleggi vinnutíma starfsfólks og nemenda þannig að upphaf vinnudags sé á mismunandi tímum þannig að álagið á umferðina dreifist á morgnana og svo aftur seinni partinn. Það sem þarf til er að leggja réttu línuna með samtali og skipulagi, þannig mun sparast fé og dýrmætur tími.

# Lífvísindi í þágu þekkingar og framfara



**Þórarinn Guðjónsson**
prófessor og stjórnarformaður Lífvísindaseturs Háskóla Íslands

Lífvísindasetur Háskóla Íslands (HÍ) er fimm ára um þessar mundir. Lífvísindasetrið hefur heimilisfesti við Læknadeild HÍ en hefur efnt til samstarfs við aðrar stofnanir á Íslandi sem stunda rannsóknir á sviði lífvísinda, þar með talið aðrar deildir HÍ, Landspítala, Háskólann í Reykjavík, Keldur, Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Krabbameinsfélag Íslands.

## Hlutverk Lífvísindaseturs

Ísland er fámennt land og því þarf oft samtakamátt fólks til að hrinda hlutum í framkvæmd. Tilurð Lífvísindaseturs má rekja til áralangrar umræðu um að lífvísindi á Íslandi hafi verið tvístruð og að rannsóknahópar séu of smáir. Við rannsóknir í þessum fræðum er þörf á dýrum tækjakosti og öflugum mannafla ef vísindin eiga að vera samkeppnishæf við það sem gerist best erlendis. Frá árinu 2007 var byrjað að þróa hugmyndir um aukna samvinnu þvert á rannsóknahópa og þvert á stofnanir. Markmiðið var að byggja upp kjarnaeiningar þar sem vísindamenn sameinuðust um að byggja upp tækjakost og aðferðir sem nýttust sem flestum. Þessar hugmyndir leiddu til þess að Lífvísindasetur HÍ var formlega stofnað 30. nóvember 2011. Í dag eru yfir 60 dósentar, prófessorar og aðrir vísindamenn með tengingu við Lífvísindasetrið og vel á annað hundrað meistara- og doktorsnema auk ört vaxandi hóps nýdoktora. Þeir rannsóknahópar sem koma að Lífvísindasetri HÍ stunda ólíkar rannsóknir á sviði lífvísinda en nýta sameiginlegan tækjakost og sömu aðferðir.

## Afrakstur Lífvísindaseturs

Á þessum fimm árum síðan Lífvísindasetrið var stofnað hafa rannsóknir á þessu sviði eflst til muna. Styrkjasókn hefur aukist og uppbygging innviða hefur leitt til aukins samstarfs milli vísindahópa, betri tækjanýtingar og aukinnar hagræðingar í rekstri. Rektor HÍ og forseti heilbrigðisvísindasviðs HÍ hafa stutt dyggilega við uppbyggingu Lífvísindaseturs með fjármagni sem byggir undir rekstur kjarnaeininga sem hafa það einkum að markmiði að innleiða nýjungar í aðferðafræði lífvísinda.

Þótt innviðir séu ekki allir komnir á það stig að vera samanburðarhæfir við það besta sem gerist á Norðurlöndum, má þó segja að vegna samtakamáttarins eru margar af þeim rannsóknum sem hafa verið unnar við Lífvísindasetrið og aðildarstofnanir þess fyllilega sambærilegar við það sem best gerist í nágrannalöndunum. Árlega birta vísindamenn Lífvísindaseturs HÍ um 100 ritrýndar vísindagreinar í erlendum ritrýndum tímaritum, auk þess sem fjöldi nemenda, bæði í meistara – og doktorsnámi útskrifast árlega.

Lífvísindasetrið heldur úti heimasíðu sem hefur dregið að sér athygli erlendra vísindamanna og nemenda enda hefur fjöldi erlendra nemenda stóraukist á liðnum árum auk þess sem nýdoktorar sækja í auknum mæli til setursins. Öndvegisfyrirlestraröð Lífvísindaseturs HÍ, þar sem helstu sérfræðingum heims í lífvísindum er boðið koma og flytja erindi um rannsóknir sínar, hefur tekist afar vel og orðið uppspretta að auknu tengslaneti vísindamanna Lífvísindaseturs HÍ við öfluga erlenda rannsóknaháskóla og stofnanir. Með litlu fjármagni en öflugu samstarfi hefur Lífvísindasetrinu því tekist að efla starfsemi sína. Það breytir þó ekki því að innviðina þarf að efla enn frekar og verður það verkefni komandi ára.

> **Með litlu fjármagni en öflugu samstarfi hefur Lífvísindasetrinu því tekist að efla starfsemi sína. Það breytir þó ekki því að innviðina þarf að efla enn frekar og verður það verkefni komandi ára.**

## Framtíðin

Lífvísindasetur HÍ mun halda áfram að byggja á þeirri hugmyndafræði að aukin samvinna þvert á rannsóknahópa og þvert á stofnanir sé lykilþáttur í að auka þekkingar- og verðmætasköpun í lífvísindum. Aukin samvinna er forsenda þess að hægt sé að fjármagna kaup á dýrum tækjabúnaði og á þann hátt auka samkeppnishæfni Lífvísindaseturs HÍ í alþjóðlegum samanburði. Lífvísindasetrið hefur einnig opnað aðstöðu sína fyrir sprotafyrirtækjum og öðrum fyrirtækjum sem þurfa aðgengi að sérhæfðum tækjabúnaði og aðstöðu. Gegn því að greiða hóflegt aðstöðugjald auðveldar þetta fyrirtækjum að ýta úr vör metnaðarfullum verkefnum og fá til þess hjálp frá sérfræðingum sem sjá um rekstur kjarnaeininga Lífvísindaseturs HÍ. Nýlega hóf Lífvísindasetrið samstarf við Vísindagarða HÍ en markmið Vísindagarða er að efla samstarf háskólaumhverfis og fyrirtækja í þekkingariðnaði og á þann hátt að búa til suðupunkt þekkingar- og nýsköpunar.

## Lokaorð

Lífvísindasetur HÍ hefur slitið barnsskónum og næstu fimm ár verða mikilvæg og spennandi þar sem sú umgjörð sem er að skapast gefur vísindamönnum setursins mikið sóknarfæri til að gera gott betra undir merkjum samvinnu, hagræðingar og betri vísinda.

# Gott til gjafa...





Spandy 1200W Cyclone heimilsryksuga

**9.790**



Spandy pokalaus 500w heimilsryksuga

**6.190**

LuTool



LuTool Pússivél 560W m/hjámiðju snúning

**11.990**

FYLGIHLUTIR FÁANLEGIR



LuTool fjölnota hjakktæki til viðhalds - rafmagnstæki 300W.

**7.890**



Tact-320020 Tactix smáhlutabox 4 stk

**1.799**

MIKIÐ ÚRVAL

Made by Lavor



Lavor Galaxy 140 háþrýstidæla 140 bör max, 450 lítr/klst. 1900W

**17.990**

Lutool Borðsög 1800W 250mm blað 54x50cm

**28.990**





Lutool veltisög 1800W 255mm blað

**54.990**

Lavor Pro Rudy 1200S ryk/blautsuga 1200W 20 lítra

**8.900**

Made by Lavor





LuTool fjölnota hjakktæki til viðhalds - þráðlaus með 12V Liolon rafhlöðu

**8.990**



Drive skrúfvél Lion rafhlaða 12V

**6.990**

LuTool

LuTool Fjölnota sög 600W fyrir málm, við, flísar og steypu, 3 blöð fylgja

**13.990**



FÁANLEGIR AUKAHLUTIR



Kaliber PREMIUM GRILL



Kailber KG-1503 Gasgrill 3 x 3KW brennarar, grillflötur 2520 cm², 9KW

**43.900**



JABO reykskynjari, rafhlaða fylgir

**1.490**



GOTT ÚRVAL AF TOPPLYKLA- OG VERKFÆRA-SETTUM

Lutool GE 925524 Gráðukúttsög 254mm blað, 1600W

**26.890**



| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |
| | Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is | |

Meiri gæði / Lægra verð

MÚRBÚÐIN

*Gott verð fyrir alla, alltaf!*

## Stjörnumenn völtuðu yfir KR-inga á lokakaflanum í Ásgarði




**Einstakt eintak** Justin Shouse kann að vinna leiki og hann fór mikinn í mögnuðum sigri Stjörnunnar á KR. Shouse setti niður margar mikilvægar körfur og lauk leik með 27 stig og 12 stoðsendingar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Fátt sem kemur í veg fyrir notkun myndbandsdómara

Verið er að prófa myndbandsupptökudómara í heimsmeistarakeppni félagsliða en fyrstu viðbrögð hafa verið blendin. Kristinn Jakobsson, formaður dómaranefndar KSÍ, er fullviss um að þetta sé framtíðin.

**FÓTBOLTI** „Ég get fullyrt það, að miðað við þá þekkingu sem ég hef og það sem hefur verið sagt við mig hingað til er ekki spurning um hvort heldur hvenær þetta verður notað á stærra sviði. Þetta er bara komið það langt.“

Þetta segir Kristinn Jakobsson, formaður dómaranefndar KSÍ og fremsti íslenski dómari sögunnar, við Fréttablaðið aðspurður um myndbandsdómaratæknina sem nú er verið að prófa í heimsmeistarakeppni félagsliða í Japan.

„Það er búið að vera að æfa þetta undanfarna mánuði og búa til verklagsreglur. Nú þegar komin var mynd á þetta þurfti að prófa í praksís til að vita til dæmis hvenær á að stoppa, af hverju og hvort eigi yfirhöfuð að stöðva leikinn,“ segir Kristinn.

Sitt sýnist hverjum um myndbandsdómgæslu sem virkar þannig, að ef aðaldómari vallarins er ekki alveg sáttur við ákvörðun sína og vill fá hjálp frá her manna utan vallar sem sitja með nýjustu tækni við sjónvarpsskjá gefur hann ákveðið merki.

Eins og þetta virkar núna heldur leikurinn áfram en það var í besta falli kjánalegt þegar paragvæski dómarinn fékk myndbandshjálp til að úrskurða um algjörlega löglegt mark Cristiano Ronaldo í undanúrslitaleik Real Madrid og Club America í gær.




Cristiano Ronaldo á orð við paragvæska dómarann Eduardo Cardozo sem beið með að dæma markið hans í Japan löglegt í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

„Svona stundir eru ekki góðar og menn spyrja sig eðlilega hvort þetta sé fótbolti. En það er bara verið að prófa þetta og sannreyna hvort þetta sé eitthvað sem eykur gæðin í dómgæslunni,“ segir Kristinn og bendir á að einhvers staðar þurfi nú að prófa þetta í alvöru leikjum.

„Þegar þessi tækni dettur inn á stóra sviðið og kemur til með að hafa áhrif á stærri leiki verður þetta að vera orðið fullmótað. Einhvers staðar verður að byrja að æfa þetta, það er ekki gert í kartöflugarði. Ég vil líka benda á að öll liðin á mótinu samþykktu að prófa þetta, það er ekki verið að koma aftan að neinum.“

Kristinn er fullviss um að þetta er það sem koma skal enda hefur FIFA eytt ógrynni fjár í að þróa þetta og er með sína bestu menn í verkinu. Sá sem fer fyrir því er Ítalinn Roberto Rossetti sem dæmdi úrslitaleik EM 2008.

„Það er búið að eyða gríðarlegum fjármunum í þetta og það eru menn í fullu starfi að vinna í málunum. Við erum ekki að tala um neina þúsundkalla sem búið er að eyða í þetta verkefni. Þetta verður svo væntanlega notað í lokakeppni HM U17 á næsta ári þar sem betri mynd kemur á þetta,“ segir hann.

> Svona stundir eru ekki góðar og menn spyrja sig eðlilega hvort þetta sé fótbolti.
>
> Kristinn Jakobsson, formaður dómaranefndar KSÍ



Kristinn er sá maður sem náði lengst allra íslenskra dómara og hefur einna mesta reynslu allra á landinu í þessum málum. Hvað finnst honum persónulega um myndbandsdómara?

„Ég held að þetta komi eingöngu til með að hjálpa dómurum að taka réttar ákvarðanir, það er ekki spurning. Spurningin er hvaða aðildarlönd hafa fjármuni til að framkvæma þetta. Við erum oft bara með eina myndavél í Pepsi-deildinni þegar það þarf ellefu vélar á hvort mark bara til að vera með marklínutækni, hvað þá tækni til að vera með myndbandsdómara. Ég endurtek samt að það er ekki spurning um hvort heldur hvenær þetta kemur alfarið inn í fótboltann,“ segir Kristinn Jakobsson.

tomas@365.is

## Nýjast

**Domino's-deild karla**

**Keflavík - ÍR 98-79**
**Keflavík**: Amin Khalil Stevens 29/13 fráköst, Hörður Axel Vilhjálmsson 18, Reggie Dupree 13, Magnús Már Traustason 13, Guðmundur Jónsson 13.
**ÍR**: Quincy Hankins-Cole 20, Sveinbjörn Claessen 18, Matthías Orri Sigurðarson 15/4 fráköst, Hákon Örn Hjálmarsson 12.

**Snæfell - Þór Ak. 92-102**
**Snæfell**: Sefton Barrett 29/16 frák., Andrée Michelsson 19, Sveinn Davíðsson 9, Árni Elmar Hrafnsson 9, Þorbergur Sæþórsson 9.
**Þór Ak.**: George Beamon 32, Darrel Keith Lewis 17/10 frák, Danero Thomas 14, Tryggvi Snær Hlinason 13/6 fráköst/3 varin.

**Tindastóll - Haukar 87-82**
**Tindastóll**: Antonio Hester 23, Cristopher Caird 19, Pétur Rúnar Birgisson 17, Björgvin Hafþór Ríkharðsson 11, Svavar Birgisson 5.
**Haukar**: Sherrod Nigel Wright 24/14 fráköst, Haukur Óskarsson 23, Finnur Atli Magnússon 22, Breki Gylfason 6/6 fráköst.

**Skallag.- Grindavík 80-95**
**Skallagrímur**: Flenard Whitfield 28, Darrell Flake 19, Sigtryggur Björnsson 16, Eyjólfur Ásberg Halldórsson 6, Davíð Ásgeirsson 5.
**Grindavík**: Lewis Clinch Jr. 20, Ólafur Ólafsson 19, Dagur Kár Jónsson 17.

**Njarðvík- Þór Þ. 88-104**
**Njarðvík**: Logi Gunnarsson 25, Jeremy Martez Atkinson 21, Johann Olafsson 15, Adam Ágeirsson 11, Björn Kristjánsson 11.
**Þór Þ.**: Tobin Carberry 38/24 frák., Emil Einarsson 19, Ólafur Helgi Jónsson 13.

**Stjarnan- KR 97-82**
**Stjarnan**: Hlynur Bæringsson 31, Justin Shouse 27/12 stoð., Devon Austin 22, Tómas Tómasson 6, Eysteinn Ævarsson 4.
**KR**: Cedrick Taylor Bowen 16, Þórir Guðmundur Þorbjarnarson 16, Pavel Ermolinskij 15, Darri Hilmarsson 13.

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Tindastóll | 18 | Þór Þ. | 10 |
| Stjarnan | 18 | Keflavík | 10 |
| KR | 16 | ÍR | 6 |
| Grindavík | 14 | Haukar | 8 |
| Þór Ak. | 12 | Njarðvík | 8 |
| Skallagrímur | 10 | Snæfell | 0 |

**Olís-deild karla**

**Valur - ÍBV 28-24**
**Valur - Mörk (skot):** Josip Juric 5/2 (9/2), Orri Freyr Gíslason 4 (5), Sveinn Aron Sveinsson 3 (3), Atli Karl Bachmann 3 (4), Vignir Stefánsson 3 (5).
**Varin skot:** Hlynur Morth. 19/3 (42/10, 45%).
**ÍBV - Mörk (skot):** Sigurbergur Sveinsson 10/4 (20/7), Kári Kristján Kristjánsson 6/4 (6/4), Magnús Stefánsson 3 (4).
**Varin skot:** Kolbeinn Arnars. 11 (39/2, 28%).

**FH - Haukar 29-30**
**FH - Mörk (skot)**: Einar Rafn Eiðsson 9/2 (15/2), Ásbjörn Friðriksson 6/2 (12/2), Arnar Ársælsson 4 (5), Óðinn Ríkharðsson 4 (6).
**Varin skot:** Ágúst Elí Björgvinsson 13 (38/1, 34%), Birkir Fannar Bragason 6 (11/1, 55%).
**Haukar - Mörk (skot)**: Janus Daði Smárason 6 (12), Jón Þorbjörn Jóhannsson 5 (6), Daníel Þór Ingason 5 (8).
**Varin skot:** Giedrius Morkunas 15 (35/3, 43%), Grétar Ari Guðjónsson 4 (13/1, 31%).

**Stjarnan - Selfoss 26-32**

**Grótta - Afturelding 25-26**

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Afturelding | 24 | ÍBV | 16 |
| Haukar | 22 | Grótta | 11 |
| FH | 18 | Akureyri | 11 |
| Valur | 18 | Fram | 11 |
| Selfoss | 16 | Stjarnan | 11 |

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 19.30 | Hoffenh. - Dortmund | Sport |
| 19.40 | Norwich - Huddersf. | Sport 2 |
| 22.00 | Körfuboltakvöld | Sport |
| 01.00 | 76ers - Lakers | Sport |


SAMSUNG
Jólagjafir heimilisins
KU6175
SAMSUNG
EKTA UHD 4K TV
Staðfest af:
4K ULTRA HD CONNECTED
ULTRA HD
Curved
ULTRA HD
THIS IS TV
UHD - 4K • Bogið • 3840x2160 (4K) - 8M pixlar • • Nýtt Smart viðmót • LED • PQI: 1400
40" kr. 109.900.- / 49" kr. 129.900,- / 55" kr. 149.900.-
Samsung HW-K661
320w með þráðlausu bassaboxi. WiFi eða Bluetooth þráðlaus soundbar. Verð 99.900,-
Samsung HW-J6510
300w með þráðlausu bassaboxi. WiFi eða Bluetooth þráðlaus soundbar. Verð 99.900,-
Samsung HW-J7511-R
320w með þráðlausu bassaboxi. WiFi eða Bluetooth þráðlaus soundbar. Verð 149.900,-
Samsung
R-1 MultiRoom
WiFi eða Bluetooth
þráðlaus hátalari.
Til í svörtu og hvítu.
Verð 32.900,-
Samsung
R-3 MultiRoom
WiFi eða Bluetooth
þráðlaus hátalari.
Til í svörtu og hvítu
Verð 47.900,-
Samsung
R-6 MultiRoom
WiFi eða Bluetooth
þráðlaus hátalari.
Til í svörtu og hvítu
Verð 64.900,-
SAMSUNG
K5505
Samsung SMART TV
The Future of Smart TV, Now
THIS IS TV
LED • 1920X1080 • 400 PQI
• Nýtt Smart viðmót
32" kr. 64.900.- / 40" kr. 89.900.-
/ 49" kr. 119.900,- / 55" kr. 149.900.-
SAMSUNG
KU6405/6475
SAMSUNG
EKTA UHD 4K TV
ULTRA HD
THIS IS TV
UHD • 4K • 8 milljón pixlar • 1500 PQI • Nýtt Smart viðmót
• Quad-Core örgjörfi
43" kr. 119.900.- / 49" kr. 149.900.-
/ 55" kr. 179.900.- / 65" kr. 309.900.-
SAMSUNG
KU6655/6505
SAMSUNG
EKTA UHD 4K TV
Curved
ULTRA HD
THIS IS TV
UHD • Curved • 4K • 8 milljón pixlar • 1600 PQI • Nýtt
Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi
43" kr. 129.900.- / 49" kr. 159.900.-
/ 55" kr. 189.900.- / 65" kr. 309.900.-
FYRIR HEIMILIN Í LANDINU
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is
SAMSUNG
SETRIÐ
SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900
ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535
ORMSSON ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751
KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500
SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559
ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000
PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515
ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038
ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900
ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160
GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333
TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211
OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300
BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655

# Besta markaár Íslendings í ensku úrvalsdeildinni

**2002**
**Eiður Smári Guðjohnsen**
**36 leikir, 13 mörk**




**2016**
**Gylfi Þór Sigurðsson**
**32 leikir, 14 mörk**




## MARKAMÁNUÐIR

| Eiður Smári Guðjohnsen (mörk) | Stoðsendingar | Mánuður | Gylfi Þór Sigurðsson (mörk) | Stoðsendingar |
|---|---|---|---|---|
| 5 | + | Janúar | 3 | |
| 0 | | Febrúar | 2 | |
| 2 | | Mars | 2 | |
| 0 | + | Apríl | 2 | |
| 1 | | Maí | 0 | + |
| 0 | + | Ágúst | 0 | |
| 2 | + | September | 1 | + |
| 0 | | Október | 1 | + |
| 2 | | Nóvember | 2 | ++ |
| 1 | | Desember | 1 | + |

Mörk ⊕ Stoðsendingar

## BESTU ÁRIN




**Gylfi Þór Sigurðsson hefur ekki bara átt frábært ár í ensku úrvalsdeildinni því það er orðið einstakt meðal þeirra Íslendinga sem hafa spilað í vinsælustu fótboltadeild í heimi. Gylfi bætti fjórtán ára met Eiðs Smára Guðjohnsen þegar hann skoraði um síðustu helgi.**

Óskar Ófeigur Jónsson
ooj@frettabladid.is



**FÓTBOLTI** Árið 2016 er orðið einstakt meðal íslenskra atvinnumanna í ensku úrvalsdeildinni. Aldrei áður höfum við Íslendingar átt annan eins markahrók í deildinni.

Gylfi Þór Sigurðsson hefur skorað í átta af tíu mánuðum ársins (met) og hefur nú skorað samtals 14 mörk í ensku úrvalsdeildinni á árinu 2016. Undanfarin fjórtán ár hefur einn leikmaður borið höfuð og herðar yfir aðra á listanum yfir flest mörk Íslendings á einu almanaksári í ensku úrvalsdeildinni.

### Átti fjögur bestu markaárin

Þrettán mörk Eiðs Smára frá árinu 2002 var það mesta sem Íslendingur hafði skorað í ensku úrvalsdeildinni á einu ári en Eiður átti líka árin í öðru til fjórða sæti.

Fyrir 2016 voru fjögur bestu markaár Íslendinga fjögur ár Eiðs Smára Guðjohnsen með Chelsea-liðinu frá 2001 til 2004. Eiður Smári skoraði að minnsta kosti tíu mörk á þremur þeirra og alls 41 mark sem er magnaður árangur.

Markamet Eiðs Smára á einu tímabili, 14 mörk í 32 leikjum tímabilið 2001 til 2002, lifði af ágang Gylfa Þórs Sigurðssonar á síðasta tímabili, 11 mörk í 36 leikjum, en metið yfir besta markaárið er hins vegar fallið. Hvort Gylfi ógni fyrrnefnda metinu það sem eftir lifir þessa tímabils verður að koma í ljós.

> »» Gylfi Þór Sigurðsson hefur skorað í fjórtán leikjum og á móti tíu félögum í ensku úrvalsdeildinni á almanaksárinu 2016.

> »» Eiður Smári og Gylfi skoruðu báðir á móti tíu félögum á metárum sínum en Sunderland var eina félagið sem fékk á sig mark frá þeim báðum.

### Þáttur í tuttugu mörkum í ár

Gylfi gerði gott betur en að bæta markamet ársins því hann hefur einnig gefið sex stoðsendingar á árinu 2016 og er því fyrstur íslenskra knattspyrnumanna sem nær því að koma með beinum hætti að tuttugu mörkum í ensku úrvalsdeildinni á einu almanaksári.

### Þvílík byrjun á árinu 2002

Eiður Smári kom á fljúgandi siglingu inn í árið 2002 eftir að hafa skorað fimm mörk í síðasta mánuði ársins 2001. Eiður Smári bætti við fimm mörkum í janúar 2002 og þetta eru einu samliggjandi mánuðirnir þar sem íslenskur leikmaður hefur náð að skora samanlagt tíu mörk.

Eiður skoraði „bara“ fjögur mörk til viðbótar frá febrúar til nóvember árið 2002 en fór síðan aftur á flug í jólamánuðinum 2002 og skoraði þá fimm mörk. Eiður bætti þá eigið met frá árinu á undan þegar hann skoraði tíu mörk á árinu 2001.

### Allt fór í gang á nýju ári

Gylfi kom aftur á móti „ískaldur“ inn í árið 2016 eftir að hafa hvorki skorað í nóvember né desember og aðeins samtals 2 mörk í 19 leikjum á tímabilinu fyrir áramót. Frammistaðan á nýju ári var aftur á móti frábær þar sem 9 mörk hans í 17 leikjum voru lykillinn að því að Swansea hélt sæti sínu í úrvalsdeildinni.

Gylfi var rólegur í fyrstu leikjum Swansea á núverandi tímabili en nýr knattspyrnustjóri félagsins færði hann framar á völlinn með frábærum árangri. Gylfi hefur síðan komið að 8 mörkum í síðustu 9 leikjum og ef Swansea bjargar sér annað árið í röð þá er það að stórum hluta til vegna framlags íslenska landsliðsmannsins.

### 22 leikir eftir á tímabilinu

Gylfi er kominn með fimm mörk og fimm stoðsendingar á tímabilinu 2016-17 en enn eru eftir þrír leikir á árinu 2016 og 19 til viðbótar á árinu 2017. Gylfi hefur því fullt af tækifærum til að bæta við mörkum.

Það er gaman að geta rifjað upp magnaða frammistöðu Eiðs Smára í upphafi aldarinnar nú þegar við Íslendingar eigum aðra stjörnu í ensku úrvalsdeildinni. Það er allt í fína að vera svolítið montin af þeim báðum.
ooj@frettabladid.is

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
16. DESEMBER 2016 FÖSTUDAGUR

Lífsstíll



# HELDUR JÓLIN Í KABÚL

**Una Sighvatsdóttir, fréttakona á Stöð, 2 hefur söðlað um og gegnir nú stöðu upplýsingafulltrúa NATO í Kabúl, höfuðborg Afganistans. Una hélt utan fyrir tæpri viku og mun dvelja í herstöð í borginni í ár hið minnsta. Jólin verða því með töluvert öðruvísi sniði en hún er vön.**

MYND/GVA

JÓLIN HEFJAST Í COMMA,



PONCHO
7.990 KR.

TASKA
13.490 KR.

HANSKAR
7.990 KR.

ARMBÖND
4.490 KR.

SLÁ
15.490 KR.

PONCHO
9.990 KR.

comma,

2. hæð - Smáralind

Sólveig Gísladóttir
solveig@365.is





Í Namibíu en þangað fór Una í 7 vikna tjaldferðalagi um jafn mörg Afríkulönd veturinn 2014.



Á ferð um Íran.

„Ég er mikið jólabarn og fannst erfið tilhugsun að vera fjarri fjölskyldunni um jólin. En ég ætla út með laufabrauð og svo bað ég fólk sem vildi gefa mér jólagjafir að gefa mér bækur. Kannski verður bara dálítið kósí að lesa bók úr íslenska jólabókaflóðinu, borða laufabrauð og hlusta á jólakveðjurnar á RÚV í símanum mínum,“ segir Una glaðlega.

Tveir dagar eru í brottför þegar við hittumst á heimili hennar í Þingholtunum. Hún segist ekki vera byrjuð að pakka. „Ég er týpískur blaðamaður, geri ekkert nema lokafresturinn sé að renna út,“ segir hún hlæjandi meðan hún lagar tesopa.

## ÚTÞRÁIN ÆTTGENG

Ég viðurkenni fyrir Unu að ég hafi njósnað um hana á Facebook og séð þar afar fallega færslu um ömmu hennar sem vann sem síldarkokkur, farmaður og loks kokkur á frystitogurum. Hún hafi ráðið sig á millilandaskip því hana langaði svo að komast til útlanda. Getur verið að útþráin sé ættgeng? „Kannski gengur þessi þörf fyrir að skoða sig um í heiminum í ættir,“ svarar hún hugsi en Una hefur sjálf ferðast víða bæði í tengslum við vinnu, nám og á eigin vegum. Þá hefur hún leynt og ljóst unnið að því að búa svo um hnúta, bæði í námi, leik og starfi, að vera undir það búin að starfa um allan heim og segir starfið í Afganistan því rökrétt framhald.

„Ég tók BA-próf í ensku eftir menntaskóla og tók hluta námsins í Bandaríkjunum. Ég vildi hafa hundrað prósent vald á ensku til að geta unnið í útlöndum,“ segir Una. Eftir útskrift fór hún í þriggja mánaða bakpokaferðalag um Asíu en þegar heim var komið hóf hún störf sem blaðamaður á Morgunblaðinu. Hafði hún alltaf blaðamannadrauma? „Ég hélt ekki en svo fann ég um daginn dagbókarfærslu frá því ég var tólf ára þar sem ég sagðist ætla að verða blaðamaður, svo kannski blundaði þetta meira í mér en ég hélt,“ segir hún og brosir. Á Mogganum var hún í sjö ár sem var mun lengur en ætlunin var. „Hugmyndin var að vera þar í tvö ár og fara svo í nám í útlöndum. Svo kom bankahrun og þá skekktust allar fjárhagsáætlanir auk þess sem mjög áhugavert var að vera blaðamaður,“ lýsir hún.

Eftir árin sjö ákvað hún þó að tími væri til kominn að breyta til. „Ég fór til Barcelona í eitt ár og tók meistarapróf í stjórnmálaheimspeki.“

> Aðstæður voru mjög sérstakar, mikil óvissa um hvað væri í lagi og hvað ekki og hversu langt stjórnvöld væru tilbúin að ganga, til dæmis gagnvart blaðamönnum. Erfitt var að komast um borgina vegna fjöldafunda og vegartálma og ofan á allt annað gekk tæknin öll á afturfótunum.
>
> Una Sighvatsdóttir

## FÉKK DÝRMÆT TÆKIFÆRI Á STÖÐ 2

Eftir að Una kom heim úr námi fékk hún starf sem sjónvarpsfréttakona á Stöð 2. „Ég var á frekar erfiðum stað í lífinu og glímdi við mikla depurð og sjálfsefa. Það var því alveg rosalega gott að takast á við eitthvað nýtt, ég þurfti á því að halda. Þetta er mjög „extrovert“ starf og það var mikil þerapía fyrir mig að þurfa að hitta fólk og vera á ferðinni.“

Una segist einnig hafa þurft að komast yfir vissa fordóma fyrir sjónvarpi. „Á Mogganum var ég lengi vel fastákveðin í því að það væri ekkert fyrir mig að vera í sjónvarpi og því kom það mér á óvart hversu skemmtilegur og áhugaverður miðillinn er.“

Una tekur nú hlé frá störfum á Stöð2 þar sem hún hefur unnið í rúmt ár og segist hafa lært mjög mikið. „Þá stendur upp úr fyrir mig persónulega að fá tækifæri til að fara á erlendan vettvang og flytja fréttir. Ég fór til Brussel eftir hryðjuverkin með átta klukkustunda fyrirvara, fór til Tyrklands eftir valdaránstilraunina og svo til Bandaríkjanna fyrir forsetakosningarnar. Þetta var mikil lífsreynsla og nákvæmlega á mínu áhugasviði,“ segir hún. Tyrklandsferðin er henni sérstaklega minnisstæð. „Sú ferð var mjög erfið. Aðstæður voru mjög sérstakar, mikil óvissa um hvað væri í lagi og hvað ekki og hversu langt stjórnvöld væru tilbúin að ganga, til dæmis gagnvart blaðamönnum. Erfitt var að komast um borgina vegna fjöldafunda og vegartálma og ofan á allt annað gekk tæknin öll á afturfótunum. Á endanum gekk þetta þó upp og ferðin var þess virði að fara hana.“



Með skólasystrum sínum frá Bandaríkjunum og Venesúela úr meistaranáminu í Pompeu Fabra háskóla í Barcelona.

## Á LISTA FRIÐARGÆSLUNNAR

Á sama tíma og Una sótti um á Stöð 2 skráði hún sig einnig á viðbragðslista íslensku friðargæslunnar hjá utanríkisráðuneytinu. „Ég hafði verið á skrá hjá þeim áður og fór á þeirra vegum í kosningaeftirlit í Bosníu árið 2010. Ég sóttist á þeim tíma einnig eftir því að komast á námskeið sem þjálfaði fréttamenn til að vera tilbúna að fara fyrir UNICEF í neyðaraðstæður. Á þeim tíma þótti ég þó of ung. Þessi vika í Bosníu staðfesti hjá mér að þetta væri eitthvað sem mig langaði að halda áfram með.“

Í september síðastliðnum var henni síðan boðið að sækja um starf upplýsingafulltrúa NATO í Afganistan. „Það var eitthvað sem ég hafði ekki séð fyrir mér og ég tók mér góðan tíma til að hugsa þetta. Samt vissi ég strax þegar ég fékk símtalið að þetta væri ekki eitthvað sem ég gæti neitað.“



Að störfum í Tyrklandi eftir valdaránstilraunina.

## FÆR HERBERGISFÉLAGA

Una segist í raun lítið geta sagt um starfið. „Ég er með mjög grófa starfslýsingu sem getur breyst bæði með aðstæðum og eftir því hvernig ég móta starfið. Í stórum dráttum er ég upplýsingafulltrúi sem framleiðir efni sem sýnir störf NATO í Afganistan til upplýsingar fyrir almenning í Evrópu og Bandaríkjunum,“ segir Una en hún tekur við starfinu af Birni Malmquist sem hefur gegnt því undanfarið. „Staðan er kostuð af íslenska ríkinu og það er þeirra framlag til NATO en mínir yfirmenn eru hjá NATO,“ lýsir hún en tekur fram að hún þurfi ekki að vera í forsvari fyrir neitt, aðrir sjái um það.

Una mun búa og starfa á herstöð sem stjórnað er af Bandaríkjamönnum. „Líklega er yfirbragðið því fremur amerískt. Ég fæ herbergi og herbergisfélaga og það er kannski helst það sem ég kvíði fyrir,“ segir hún og hlær að tilhugsuninni um að þurfa að búa á nokkurs konar heimavist.

Hún kvíðir þó einnig skertu ferðafrelsi en ekki er ætlast til að fólk fari úr herstöðinni nema ærin ástæða sé til og þá með tilheyrandi öryggisráðstöfunum. „Ég er því ekki að fara ein inn í Kabúl og mun líklega ekki komast í eins náin kynni við heimamenn og ég hefði viljað,“ segir Una sem stefnir á að gegna stöðunni í eitt ár. „Hvað svo verður mun framtíðin leiða í ljós.“







**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI:** 365 MIÐLAR | **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, *elin@365.is, s. 512 5349* | Lilja Björk Hauksdóttir, *liljabjork@365.is, s. 512 5372* | Ragnheiður Tryggvadóttir, *heida@365.is, s. 512 5367* | Sólveig Gísladóttir, *solveig@365.is, s. 512 5351* Starri Freyr Jónsson, *starri@365.is, s. 512 5358* | Vera Einarsdóttir, *vera@365.is, s. 512 5357*
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, *atlib@365.is, s. 512 5457* | Jóhann Waage, *johannwaage@365.is, s. 512 5439* | Jón Ívar Vilhelmsson, *jonivar@365.is, s. 512 5429* | Ólafur H. Hákonarson, *olafurh@365.is, s. 512 5433*


Farmers Market
ICELAND
FARMERS & FRIENDS, VERZLUN - HÓLMASLÓÐ 2 - GRANDI - 101 REYKJAVÍK - S 552 1960
WWW.FARMERSMARKET.IS

# LOKKAR OG HÁLSBÖND

Glit og glimmer verður áberandi þegar sól tekur að hækka á lofti á ný. Stórir, síðir eyrnalokkar verða vinsælir, gjarnan með dúskum, perlum og steinum. Þeir sem vilja vera á undan tískunni geta kannski gramsað í skartgripaskríni ömmu eða mömmu og athugað hvort slíkir lokkar finnist þar. Upplagt er að skreyta sig á jólunum með fallegum lokkum og stóru hálsmeni sem sömuleiðis verður mikið í tísku næsta vor og sumar. Þá verða háir hælar jafnframt ómissandi.

Saint Laurent, Alexander McQueen, Dolce & Gabbana og Moschino voru með síða eyrnalokka og stór hálsbönd þegar vor- og sumartískan 2017 var kynnt. Síðir eyrnalokkar geta puntað mikið upp á einfaldan kjól og þar með sett punktinn yfir i-ið. Bent er á að bæði eyrnalokkarnir og hálsmenin passi líka vel með hversdagsklæðnaði. Þær glysgjörnu geta farið að hlakka til sumarsins. Tískan verður litrík og glitrandi.



**Alexander McQueen sýndi þessa lokka og hálsmen á tískuvikunni í París þegar hann kynnti vor- og sumartískuna 2017.**



**Eyrnalokkar frá Saint Laurent. Lokkarnir voru sýndir í París þegar vor- og sumarlínan 2017 var kynnt.**



**Þessi lokkur er einnig frá Saint Laurent. Hér er lokkurinn aðeins í öðru eyranu.**






**Brynjar sem módel fyrir Tanja Yr Cosmetics augnhár, Athens. „Það var ótrúlega skemmtilegt.“** MYND/TANJA ÝR

# ALLT Í LAGI AÐ STRÁKAR MÁLI SIG

**Brynjar Steinn**, eða Binni Glee, heldur úti vinsælu Snapchatti um förðun. Hann fær reglulega skilaboð frá strákum sem segjast loks þora að mála sig eftir að hafa fylgst með snappinu hans.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



„Áhuginn á snyrtivörum kviknaði í fyrra eftir að ég hafði fylgst með Bretman Rock pósta myndböndum af sér á Instagram að mála sig en hann er stórt nafn í förðunarheiminum í dag,“ segir Brynjar Steinn, betur þekktur sem Binni Glee, en hann heldur úti geysivinsælu Snapchatti um förðun.

„Eftir að ég kom út úr skápnum ákvað ég að skoða make up betur og horfði oftar á förðunarmyndbönd frá Bretman og fleirum á YouTube. Ég horfði mikið á stráka vera að mála sig og þetta leit allt svo vel út að mig langaði að prófa sjálfur,“ segir Binni. „Í apríl á þessu ári byrjaði ég svo á fullu og fór til dæmis í augnskugga, highlighter og contour. Ég er ekki enn byrjaður að mála mig dagsdaglega en ég reyni að gera það þegar ég fer eitthvað fínt. Græja mig þá stundum með vinkonum mínum. Í framtíðinni sé ég samt fyrir mér að mála mig dagsdaglega,“ bætir hann við og segist reglulega fá skilaboð frá strákum sem hafi þorað að mála sig eftir að hafa fylgst með honum á Snapchat. Þá séu fleiri strákar farnir að búa til förðunarmyndbönd.

„Það eru fleiri og fleiri strákar að opna Snapchat-aðgang og setja í story myndbönd af sér mála sig, sem mér finnst frábært. Þeir eru flestir byrjendur og að læra líka, eins og ég. Ég fæ reglulega skilaboð frá strákum um að þeir séu farnir að þora að prófa sig áfram í förðun eftir að þeir sáu hversu vel það gengur hjá mér, og að það sé bara allt í lagi fyrir stráka að mála sig! Þegar ég byrjaði þekkti ég engan strák á Íslandi sem málaði sig en núna þekki ég frekar marga.

Ég er enn að læra og læri eitthvað nýtt á hverjum degi. Ég elska að setja mikinn highlighter og að nota pigment, eða eins og flestir kalla glimmer, á augnlokin. Svo er það auðvitað eyelinerinn. Ég væri til í að fara í förðunarskóla þegar ég klára Menntaskólann á Akureyri.“

Hefur Snapchat opnað á einhver tækifæri sem þú sást ekki fyrir?

„Klárlega! Ég fékk þann heiður að vera módel fyrir Tanja Yr Cosmetics augnhár sem heita Athens. Það var ótrúlega skemmtilegt og auk þess kynntist ég henni Tönju Ýri. Mér var líka boðið á Urban Decay viðburð þar sem ég hitti ótrúlega marga snappara og bloggara. Mér leið eins og mig væri að dreyma því ég hitti svo marga af mínum uppáhalds förðunarsnöppurum sem ég er búinn að fylgjast með ótrúlega lengi.“



Hvað leynist í snyrtitösku Binna Glee?

„Farði og hyljari (Maybelline Fit Me), primer (Benefit Porefessional), púður (Rimmel Stay Matte og Laura Mercier), maskari (Maybelline Lash Sensational), bronzer (Benefit Hoola), beautyblender svampur, Morphe M439 bursti ásamt öðrum burstum en þessi þarf alltaf að vera, varaliturinn Hypno frá Ofra og ilmvatn (Ariana Grande).“

Daglega rútínan?

„Fyrst nota ég andlitsfroðu og nudda yfir andlitið. Síðan toner og enda á kremi. Tek samt maskakvöld tvisvar í viku, sem er mjög vinsælt á snappinu mínu, og einnig skrúbba ég tvisvar í viku með djúphreinsisvampi.“

**Snapchat: binniglee**
**Blogg: binniglee.com**



**„Það eru fleiri og fleiri strákar að opna Snapchat-aðgang og setja í story myndbönd af sér mála sig, sem mér finnst frábært.“ Brynjar Steinn heldur úti vinsælu Snapchat um förðun, binniglee, og förðunarblogginu binniglee.com.**

# Höfundar afgreiða!

## Helgina 17. - 18. desember munu höfundar afgreiða í Bókabúð Máls og menningar!




### Laugardagur 17. desember

**Eva Rún Þorgeirsdóttir** kl. 14:00- 15:30
**Hildur Knútsdóttir** kl. 14:00- 16:00
**Þórdís Gísladóttir** kl. 14:00 16:00
**Ragnar Jónasson** kl. 15:00-17:00
**Gunnar Helgason** kl. 15:00-17:00
**Ása Marín** kl. 15:00- 17:00
**Kött grá pjé** kl. 15:00- 17:00

### Sunnudagur 18. desember

**Andri Snær Magnason** kl. 15:00- 17:00
**Sjón** kl. 15:00- 17:00
**Gerður Kristný** kl. 15:00- 17:00
**Ævar Þór Benediktsson** kl. 15:00- 17:00
**Hanna Borg Jónsdóttir** kl. 15:00- 17:00
**Lilja Sigurðardóttir** kl. 15:00-17:00




**Bækurnar verða með 20% afslætti yfir helgina!**

**Íslandsmeistari í skrafli mun keppa við gesti og gangandi í alíslenska spilinu Krafla í íslensku deildinni frá klukkan 17 til 19 á sunnudeginum!**

**BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR**
LAUGAVEGI 18

**Opið alla daga til klukkan 22.00**



Tískulitur í förðun á næsta ári er karrígulur. Hann verður í augnskuggum, varalitum og naglalökkum. Sömuleiðis má búast við að hann verði vinsæll í fatnaði næsta sumars.

# AUÐVELT AÐ FINNA RÉTTU GJÖFINA

**Tara Brekkan Pétursdóttir** förðunarfræðingur hefur haldið úti bloggsíðu og verið með námskeið í heimahúsum þar sem hún aðstoðar konur með förðun. Einnig er Tara með netsíðuna torutrix.is. Tara veit vel hvað ungar sem eldri konur vilja í jólapakkann.

**Elín Albertsdóttir**
elin@365.is



Allar konur geta bætt á sig snyrtivörum og Tara segir að það ætti að vera auðvelt að finna réttu gjöfina. „Að vísu fer þetta svolítið eftir aldri konunnar en það er alltaf mjög gott að fá snyrtivörur að gjöf. Það er yndislegt að fá maska eða góð andlitskrem. Góður andlitsmaski er nauðsynlegur fyrir konur sem vilja hugsa vel um húðina. Sömuleiðis baðsalt eða sturtusápa. Mig langar mikið í glimmervaraliti og -augnskugga. Glimmer verður mikið í tísku í vetur. Þá get ég nefnt „highlighter“ sem er púður með glansi og gefur húðinni fallegan ljóma. Svo eru möttu varalitirnir mjög vinsælir núna í flestum litum. Þeir nefnast Liquid Matte Lipstick og eru mjög fallegir. Þess má geta að litur ársins 2017 er karrígulur,“ segir Tara.

„Fyrir jólin er hægt að fá alls kyns gjafakassa með ýmsum húðvörum. Ef mönnum finnst erfitt að velja snyrtivörur fyrir kærustu eða eiginkonu þá er gjafakassinn mjög fín gjöf. Ég myndi samt frekar mæla með að velja vönduð krem eða förðunarvörur, til dæmis góða förðunarbursta. Konan verður svo ánægð þegar hún sér að kærastinn hefur haft fyrir því að velja réttu gjöfina. Eldri konur væru ábyggilegar þakklátar að fá vönduð krem með kollageni. Þetta eru dýr og fín krem en mjög góð til að halda æskuljómanum,“ segir Tara.

Hún segir best fyrir karlmenn að fara í sérverslanir með snyrtivörur því þar fái þeir góða leiðsögn með kaupin. „Svo er auðvitað alltaf frábært að fá dekurpakka á snyrtistofu í jólagjöf. Það gæti verið andlitsmeðferð, til dæmis með súrefnishjálmi en það endurnærir húðina. Þá er sniðugt að gefa handsnyrtingu eða naglameðferð.



Tara er ekki í neinum vandræðum með að leiðbeina körlum um réttu gjöfina handa dömunni. MYND/GVA

Yngri konur yrðu ánægðar með augnháralengingu. Það er ótrúlegt framboð af alls kyns snyrtimeðferðum. Mér finnst Ísland mjög framarlega á þessu sviði og við fylgjumst vel með því sem er að gerast úti í heimi,“ segir Tara.

Hún bendir á mikið úrval af íslenskum húðvörum sem séu unnar úr handtíndum íslenskum jurtum og séu virkilega flottar og góðar vörur. „Það er auðvitað frábært að styrkja íslenska framleiðslu fremur en þá innfluttu. Ég veit að kollagen frá Feel Iceland er mjög góða vara. Sömuleiðis get ég bent á baðsaltið frá Angan sem gefur manni dásamlega slökun í baði og húðin verður silkimjúk,“ segir Tara. „Ég myndi vilja fá svona baðsalt í jólagjöf ásamt rómantísku kerti.“

Tara er með vefinn torutrix.is þar sem hún gefur góð ráð í förðun. Hún er auk þess með sölu á förðunarvörum ásamt því að mæta í kvennaboð með kennslu. Sjálf segist hún vera mikið jólabarn og alveg að verða búin að öllu fyrir jólin. Þegar hún er spurð hvað sé efst á jólagjafalistanum þessi jólin segist hún vera nægjusöm. „Spegill með ljósi á snyrtiborðið væri æðisleg gjöf.“












# Lífeyrissjóðir

16. desember 2016

**KYNNINGARBLAÐ** Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda | Lífeyrissjóður verzlunarmanna



MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

# Traustur sjóður og trygg framtíð

**Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda** hefur starfað í 42 ár með farsælum árangri. Rekstrarkostnaði sjóðsins hefur verið haldið í lágmarki, hann á vel fyrir skuldbindingum sínum og hefur aldrei þurft að skerða réttindi sjóðfélaga sinna. Vextir sjóðfélagslána hafa aldrei verið lægri.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda var stofnaður árið 1974 en hann er ætlaður öllum launþegum og sjálfstætt starfandi einstaklingum sem ekki eiga aðild að öðrum lífeyrissjóðum samkvæmt kjarasamningum. Sjóðurinn er því góður kostur fyrir þá sem geta valið sér lífeyrissjóð segir Sigurbjörn Sigurbjörnsson, framkvæmdastjóri Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda. „Sjóðnum ber einnig lögum samkvæmt að innheimta lífeyrissjóðsiðgjöld sem beint er til sjóðsins frá Ríkisskattstjóra, vegna þeirra aðila sem ekki hafa greitt iðgjöld samkvæmt skattframtali. Þetta hlutverk hefur sjóðurinn sem og ákveðnar skyldur er tengjast slitum lífeyrissjóða samanber lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi þeirra. Hlutverk sjóðsins er að greiða út elli-, örorku-, maka- og barnalífeyri en hann byggir á samtryggingu og séreign. Hann er auk þess sjálfstæður lífeyrissjóður sem ekki starfar í tengslum við stéttarfélag.“

### Varfærin fjárfestingarstefna

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda er einn af tíu stærstu lífeyrissjóðum landsins að sögn Sigurbjörns með um 15.000 greiðandi sjóðfélaga og eiga um 135.000 einstaklingar réttindi hjá sjóðnum. „Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 139,7 milljörðum króna þann 31. desember 2015. Hjá sjóðnum starfa þrettán starfsmenn með mikla reynslu. Rekstrarkostnaði sjóðsins hefur verið haldið í lágmarki, hann á vel fyrir skuldbindingum sínum og hefur aldrei þurft að skerða réttindi sjóðfélaga sinna. Enda er fjárfestingarstefna sjóðsins varfærin og hefur skilað jafnri og traustri ávöxtun til sjóðfélaga. Segja má því með sanni að lífeyrisréttindi sjóðfélaga hafi verið betur varin en lífeyrisréttindi sjóðfélaga annarra sjóða undanfarin ár.“

Öllum sem eru starfandi og þiggja laun eða reiknað endurgjald ber lögum samkvæmt að greiða í samtryggingarsjóð 12% af launum (launagreiðandi 8% og launþegi 4%) en samið hefur verið um 0,5% til viðbótar frá 1. júlí 2016 á almennum vinnumarkaði. Launagreiðandi ber ábyrgð á skilum sem nær til allra starfandi einstaklinga á aldrinum 16-70 ára.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda er einnig með séreignarsjóð sem er góður kostur að sögn Sigurbjörns. „Með því að leggja 2-4% af launum í séreignarsparnað greiðir launagreiðandi 2% mótframlag. Ef þú greiðir ekki í séreignarsparnað ertu í raun að afþakka 2% launahækkun. Séreignarsparnaður er undanþeginn fjármagnstekjuskatti.“

### Hagstæð lánskjör

Réttur til töku ellilífeyris hefst mánuði eftir að sjóðfélagi verður 67 ára en heimilt er að hefja töku ellilífeyris 65 ára en þá með lækkun og hægt er að fresta töku lífeyris til 70 ára aldurs og hækkar þá lífeyririnn miðað við stöðu hans við 67 ára aldur. „Réttur til örorkulífeyris miðast við að orkutap sé a.m.k. 50% að mati trúnaðarlæknis sjóðsins og að sjóðfélagi hafi sannanlega orðið fyrir tekjumissi. Þessu til viðbótar er greiddur makalífeyrir og barnalífeyrir með börnum 19 ára og yngri.“

Það sem er þó efst á baugi núna eru lán til sjóðfélaga segir Sigurbjörn. „Allir sjóðfélagar sem eiga

**Sjóðurinn veitir bæði verðtryggð lán og óverðtryggð lán, allt eftir vali sjóðfélaga. Ákveðið var nýverið að taka upp eitt fast lántökugjald óháð lánsfjárhæð sem er 45.000 kr. fyrir hverja lánsumsókn. Vextir sjóðfélagalána hafa aldrei í sögu sjóðsins verið eins hagstæðir og nú.**

*Sigurbjörn Sigurbjörnsson*

réttindi hjá sjóðnum eru lánshæfir. Sjóðurinn veitir bæði verðtryggð lán og óverðtryggð, allt eftir vali sjóðfélaga. Ákveðið var nýverið að taka upp eitt fast lántökugjald óháð lánsfjárhæð sem er 45.000 kr. fyrir hverja lánsumsókn. Vextir sjóðfélagalána hafa aldrei í sögu sjóðsins verið eins hagstæðir og nú. Ekkert uppgreiðslugjald er tekið og hægt að greiða lánin hraðar niður eða upp að fullu hvenær sem lántaki kýs.“

Starfsmenn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda hvetja lesendur til að hafa samband ef spurningar vakna og munu þeir með ánægju liðsinna þeim.

**Allar nánari upplýsingar má finna á www.sl.is**



**„Segja má því með sanni að lífeyrisréttindi sjóðfélaga hafi verið betur varin en lífeyrisréttindi sjóðfélaga annarra sjóða undanfarin ár,“ segir Sigurbjörn Sigurbjörnsson, framkvæmdastjóri Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda.** MYND/GVA

# Aukinn sveigjanleiki í töku lífeyris

Í upphafi næsta árs munu ný lög um ellilífeyri taka gildi. Helstu breytingarnar felast í einföldun á lífeyriskerfinu og auknum sveigjanleika við starfslok og upphaf töku lífeyris. Hægt er að kynna sér réttindin í nýja kerfinu í bráðabirgðareiknivél á heimasíðu Tryggingastofnunar.

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is



Ný lög um ellilífeyri taka gildi þann 1. janúar 2017 en augljósustu breytingarnar sem felast í nýju lögunum eru einföldun á grunnvirkni lífeyriskerfisins, að sögn Sigríðar Lillýjar, forstjóra Tryggingastofnunar. Auk þess verður meiri sveigjanleiki við starfslok og upphaf lífeyristöku. „Í nýju kerfi eru færri greiðsluflokkar lífeyris. Í stað lágmarksframfærslutryggingar, tekjutryggingar og grunnlífeyris kemur einn flokkur, ellilífeyrir. Auk hans verður sem fyrr greidd heimilisuppbót til þeirra sem ekki eru í sambúð.“

Með nýjum lögum verða allar tekjur sem hafa áhrif á upphæð lífeyris meðhöndlaðar á sama hátt við réttindaákvörðun. „Í núgildandi kerfi skiptir máli hvaðan tekjurnar koma, hvort um er að ræða atvinnutekjur, lífeyrissjóðstekjur eða fjármagnstekjur. Þær hafa mismunandi áhrif til lækkunar lífeyris.“

Allar skattskyldar tekjur fyrir utan séreignarsparnað og félagsaðstoð sveitarfélaganna, hafa áhrif á lífeyri frá TR. „Það mun ekki breytast með nýjum lögum, en með breytingunni verða allir lífeyrisþegar sem hafa sömu heildartekjur þessara tekna jafnsettir. Í nýju kerfi er 25.000 króna frítekjumark og tekjutengingin eftir að því sleppir verður 45% hjá þeim sem eru í sambúð en 56,9% hjá þeim sem búa einir.“

### Ýmsar breytingar

Í nýju lögunum eru gerðar breytingar til aukins sveigjanleika í töku lífeyris. Almennur lífeyristökualdur verður þó óbreyttur, 67 ár. „Frá janúar 2017 verður heimilt að flýta töku lífeyris um allt að tvö ár, eða frá 65 ára aldri í stað 67 ára gegn varanlegri lækkun lífeyris um 0,5% fyrir hvern mánuð sem lífeyristöku er flýtt. Í núgildandi lögum er unnt að fresta töku lífeyris til 72 ára aldurs með varanlegri hækkun lífeyris um 0,5% fyrir hvern frestaðan mánuð umfram 67 ára aldur. Þessi heimild verður rýmkuð gagnvart þeim sem ná 67 ára aldri árið 2019 þannig að þau munu geta frestað töku lífeyris allt til 80 ára aldurs, með varanlegri hækkun greiðslna.“

Einnig er stefnt að því að frá og með 1. janúar 2018 verði heimilt að fá greiddan hálfan ellilífeyri án þess að tekjur hafi áhrif á greiðslur frá Tryggingastofnun og taka samtímis hálfan lífeyri frá lífeyrissjóði, enda sé um atvinnuþátttöku að ræða í hálfu starfi. „Um er að ræða nýmæli án tekjutenginga sem á eftir að útfæra nánar í samstarfi við lífeyrissjóði áður en það tekur gildi. Þessar breytingar eru þess eðlis að þær geta haft mikil og varanleg áhrif á upphæð lífeyris frá TR og því er afar mikilvægt að kynna sér vel þá kosti sem í boði eru áður en ákvörðun um töku lífeyris er tekin.“



**Augljósustu breytingarnar í nýjum lögum um ellilífeyri eru einföldun á grunnvirkni lífeyriskerfisins að sögn Sigríðar Lillýjar, forstjóra Tryggingastofnunar.** MYND/GVA

### Greiðslur flestra hækka

Flestir lífeyrisþegar koma til með að fá hærri greiðslur í nýju lífeyriskerfi enda mun samhliða kerfisbreytingunum verða 7,5% almenn hækkun á lífeyri, samkvæmt fjárlagafrumvarpinu sem liggur fyrir þinginu. „En það hækka ekki allir með tilkomu nýs kerfis, einhverjir munu lækka. Ef heildartekjur lífeyrisþega eru undir 200 þúsund krónum munu þeir njóta samanburðarreglu og halda fyrri lífeyri að fullu eða hluta þrátt fyrir nýtt lífeyriskerfi.“

Réttindi til greiðslna lífeyris frá TR munu falla niður ef samanlagðar skattskyldar tekjur fyrir utan séreignarsparnað eru hærri en 530 þús. krónur. „Hugsanlegt er því að einhverjir sem frestað hafa lífeyristöku gætu átt rétt til afturvirkra greiðslna í núgildandi kerfi en ekki í því lífeyriskerfi sem tekur gildi um áramót. Þá gætu einhverjir sem hafa samsettar tekjur og nýttu vel mismunandi frítekjumörk tekjutegunda í núgildandi kerfi lækkað í nýju lífeyriskerfi. Lífeyrisþegar geta kynnt sér hver réttindi þeirra verða í nýja kerfinu í bráðabirgðareiknivél á heimasíðu Tryggingastofnunar, tr.is, eða hjá umboðum Tryggingastofnunar um land allt.“

ÚTGEFANDI
365 miðlar ehf. | Skaftahlíð 24 | s. 512 5000 | fax 512 5301
VEFFANG
visir.is
UMSJÓNARMAÐUR AUGLÝSINGA
Jón Ívar Vilhelmsson| jonivar@365.is | s. 512-5429
ÁBYRGÐARMAÐUR
Svanur Valgeirsson

# „Ég vil geta valið leiðirnar sem ég fer“

Með lögbundnum lífeyrissparnaði hjá Íslenska lífeyrissjóðnum geturðu valið ávöxtunarleið sem hentar þér og stjórnað því hvernig þú ráðstafar sparnaðinum eftir að þú hættir að vinna.

**landsbankinn.is/lifeyrissparnadur**



# Fræðsluvefur um lífeyrismál

Á fræðsluvef Landssamtaka lífeyrissjóða **www. gottadvita.is** er að finna svör við algengum spurningum varðandi lífeyrismál og myndband þar sem lífeyrissjóðskerfið er útskýrt á einfaldan máta í máli og myndum.

Lífeyrissjóðskerfið er útskýrt á örfáum mínútum í myndbandi á fræðsluvef Landssamtaka lífeyrissjóðanna. Þar er þeim Nínu og Geira fylgt gegnum lífið og farið skref fyrir skref í gegnum það hvað þarf að gera við hvern áfanga í lífinu, fyrsta launaða vinnan, íbúðakaup, búferlaflutningar milli landa, óvænt áföll, starfslok og loks ævilok.

Þá er á síðunni að finna svör við öllum helstu spurningum sem vakna þegar lífeyrismál eru annars vegar.

**Meðal þeirra atriða sem margir velta fyrir sér eru:**

Af hverju þarf ég að greiða í lífeyrissjóð og er það skylda? Lögum samkvæmt eiga allir launamenn og þeir sem stunda sjálfstæðan atvinnurekstur á Íslandi frá 16 til 70 ára aldurs að greiða iðgjald í lífeyrissjóð sem nemur 4 prósentum af heildarlaunum þar sem skyldubundið samtryggingarkerfi er hér á landi. Á móti greiðir launagreiðandi almennt 8 prósent af heildarlaunum. Í sumum tilfellum er mótframlag launagreiðandans hærra. Tilgangur lífeyrissjóða er að tryggja sjóðfélögum ellilífeyri til æviloka, verja þá og fjölskyldur þeirra fyrir tekjumissi vegna örorku og andláts.

**Get ég ráðið í hvaða lífeyrissjóð ég greiði?** Aðild að lífeyrissjóði fer eftir þeim kjarasamningi sem ákvarðar lágmarkskjör í hlutaðeigandi starfsgrein, eða sérlögum ef við á. Ef kjarasamningur þinn tekur ekki til viðkomandi starfssviðs eða ef ráðningarsamningur þinn er ekki byggður á kjarasamningi getur þú valið þér lífeyrissjóð eftir því sem reglur einstakra sjóða leyfa. Reglur einstakra lífeyrissjóða leyfa ekki aðild hvers sem er. Þannig er því til dæmis varið með lífeyrissjóði opinberra starfsmanna.

**Hvenær get ég byrjað að taka út ellilífeyri úr lífeyrissjóði?**

Það er nokkuð breytilegt eftir sjóðum en almenna reglan er að hægt sé að hefja töku ellilífeyris á aldrinum 62 til 70 ára. Ellilífeyrir er greiddur út mánaðarlega með jöfnum greiðslum til æviloka. Viðmiðunaraldurinn er ekki sá sami hjá öllum lífeyrissjóðum en flestir miða við 67 ára aldur. Hægt er að flýta eða fresta töku ellilífeyris, oftast frá 62 ára aldri og hjá nokkrum sjóðum eru engin efri aldursmörk á því, hversu lengi er hægt að fresta töku ellilífeyris. Mánaðarlegar greiðslur lækka eða hækka í samræmi við flýtingu eða frestun á töku lífeyrisins. Ef sjóðfélagi flýtir töku ellilífeyris fær hann lægri lífeyri á mánuði, en í lengri tíma og ef hann seinkar töku ellilífeyris fær hann hærri greiðslur mánaðarlega í skemmri tíma. Það ræðst af því hvað sjóðfélaginn lifir lengi hvort hann hagnast eða tapar á þeirri ákvörðun sinni að taka lífeyrinn fyrr eða seinna.


Ungt fólk getur kynnt sér lífeyrissjóðsmál á www.gottadvita.is.

**Nánar á www.gottadvita.is.**




## Séreignarsparnaður er einn hagkvæmasti sparnaður sem völ er á

**Kostir hans eru margir og má þar helst nefna mótframlag frá launagreiðanda sem er 2% samkvæmt flestum kjarasamningum. Á eftirlaunaárum lækkar ráðstöfunarfé fólks og því er nauðsynlegt að gera viðeigandi ráðstafanir í tíma. Séreignarsparnaður er ein besta leiðin til að tryggja næga framfærslu eftir starfslok og ætti því enginn að láta hann fram hjá sér fara.**

### Kostir séreignarsparnaðar

- LAUNAHÆKKUN – 2% mótframlag frá launagreiðanda á móti 2% til 4% framlagi launþega
- ERFIST – sparnaðurinn erfist að fullu til lögerfingja eftir reglum erfðalaga
- SKATTAHAGRÆÐI – Iðgjald í séreignarsjóð er ekki skattlagt við innborgun í sjóð
- Tekjuskattur er greiddur við útgreiðslu sparnaðarins
- Enginn fjármagnstekjuskattur af vaxtatekjum
- ÞÆGINDI – launagreiðandi sér um að standa skil á sparnaðinum

### Ráðstöfun á séreignarsparnaði

- SKATTFRJÁLS RÁÐSTÖFUN INN Á LÁN – heimilt að ráðstafa greiddum séreignarsparnaði inn á höfuðstól húsnæðislána
- HÚSNÆÐISSPARNAÐUR – heimild til skattfrjálsrar úttektar á uppsöfnuðum séreignarsparnaði til kaupa á fasteign

**Hægt er að sækja um séreignarsparnað á www.gildi.is eða koma á skrifstofu sjóðsins og ganga frá samningi á staðnum.**

GILDI

Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík • Sími 515 4700 • www.gildi.is - gildi@gildi.is

# Framsækinn sjóður í sextíu ár

**Lífeyrissjóður verzlunarmanna** er stærsti lífeyrissjóður landsins. Um síðustu áramót var hrein eign hans til greiðslu lífeyris um 584 milljarðar króna og hafði þá aukist um tæp 15% frá árinu áður. Sjóðurinn er án ábyrgðar launagreiðenda, þ.e. eignir sjóðsins eru trygging fyrir lífeyrisloforðum en ekki eins og sjóðir opinberra starfsmanna þar sem hið opinbera ábyrgist lífeyrisgreiðslurnar. Þetta setur miklar kröfur á hendur stjórnar og stjórnenda sjóðsins um að skila góðri ávöxtun til að tryggja sjóðfélögum sem bestan lífeyri.

Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður Samtaka iðnaðarins og formaður stjórnar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, er vel meðvituð um þessa ábyrgð og þær kröfur sem henni fylgja um árangur. „Já, sannarlega,“ segir Guðrún. „Og það er bara jákvætt en um leið engin nýlunda hjá þessum lífeyrissjóði sem varð 60 ára á árinu. Allt frá upphafi hefur starfsemi sjóðsins einkennst af metnaði og framsækni. Bæði stjórn og starfsmenn hafa lagt sig fram um að fjármunir sjóðfélaganna nái sem bestri ávöxtun. Lífeyrissjóðir starfa eftir strangri löggjöf enda er tilgangur þeirra að ávaxta á sem öruggastan hátt iðgjöld sjóðfélaganna til þess að geta síðan greitt þeim góðan lífeyri. Til þess þarf að finna hina vandrötuðu leið fjárfestinga sem tekur mið af öllu samtímis: áræðni, öryggi, áhættudreifingu og framsækni.

Sjóðurinn var meðal þeirra sem riðu á vaðið þegar hlutabréfakaup lífeyrissjóða voru heimiluð á sínum tíma. Það hefur skilað afar góðum árangri, frá upphafi hefur raunávöxtun innlendrar hlutabréfaeignar sjóðsins að meðaltali verið 9,7% á ári, þá er allt meðtalið, líka það tjón sem sjóðurinn varð fyrir í hruninu 2008. Sjóðurinn hefur sömuleiðis nýtt sér möguleika erlendrar fjárfestingar og þegar flest stærstu fyrirtæki landsins gengu í gegnum mikla endurskipulagningu í kjölfar hrunsins tók Lífeyrissjóður verzlunarmanna af krafti þátt í að endurreisa þau.“



Guðrún Hafsteinsdóttir, formaður Samtaka iðnaðarins og formaður stjórnar Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, segir mjög góða langtímaávöxtun hjá sjóðnum. MYND/GVA

## Sjóðfélagalánin

Guðrún segir að sjóðfélagalán, sem venjulega kallast einfaldlega lífeyrissjóðslán, hafi alla tíð verið mikilvægur þáttur í starfsemi sjóðsins. „Strax á fyrsta starfsári voru boðin sjóðfélagalán og frá byrjun hefur stefnan verið að bjóða lánin á samkeppnishæfum kjörum. Þessi lán eru þjónusta við sjóðfélaga sem með þeim geta fjármagnað þarfir heimilisins. Þau eru um leið kjölfesta í rekstri sjóðsins. Alla tíð, þessi 60 ár, hafa sjóðfélagalánin verið snar þáttur í starfseminni, umfangið var mest í lok síðustu aldar, síðan í lágmarki 2015 en er nú að aukast verulega á ný.“

## Góð langtímaávöxtun

Lífeyrissjóður verzlunarmanna hefur náð afar góðri ávöxtun undanfarin ár. „Hrein raunávöxtun 2015 var 10,2%, fimm ára meðalávöxtun 7,3%. Tuttugu ára meðaltals raunávöxtun á ári var í lok árs 2015 4,9%,“ segir Guðrún. „Þetta er mjög góð langtímaávöxtun og sýnir að þó að einstök ár geti verið rýrari en önnur, þá getum við þrátt fyrir það vænst góðrar afkomu yfir lengri tíma.

Nú er staðan þannig að langvarandi hátt gengi krónunnar rýrir afkomuna. Niðurstaða ársins er reyndar ekki komin enn, verður ljós við uppgjör í árslok, en horfur eru á að 2016 verði talsvert rýrara en næstu ár á undan hvað afkomuna varðar. Þetta háa gengi krónunnar hefur neikvæð áhrif á afkomu margra innlendra hlutafélaga, úrvalsvísitalan hefur lækkað á árinu og þó að erlend hlutabréf hafi hækkað í dollurum talið hefur gengishækkun krónunnar leitt til þess að ávöxtun erlendra verðbréfa er neikvæð mæld í íslenskum krónum.

Til lengri tíma litið eru hins vegar horfur góðar. Sjóðurinn býr að miklum styrk 60 ára arfleifðar, rekstrarkostnaður er lágur sem byggist meðal annars á stærðarhagkvæmni. Við höfum okkar eigin eignastýringardeild sem sparar mikinn kostnað, eigin tölvudeild og lögfræðideild sem eykur hagkvæmni verulega. Þá er ótalinn annar mannauður sem sjóðurinn býr að, ekki síst í reynslu, þekkingu og metnaði starfsmanna.“

## Mest krefjandi verkefni næstu ára

„Eftir góð undanfarin ár stendur Lífeyrissjóður verzlunarmanna vel að vígi til að takast á við hærri lífaldur þjóðarinnar. Nú þarf lífeyrissjóður að standa undir að greiða lífeyri að meðaltali í 15-17 ár, en sá tími var innan við tíu ár við upphaf lífeyriskerfisins. Að takast á við þetta verður mest krefjandi verkefni okkar á næstu árum. Um leið hefur jöfnun lífeyrisréttinda á opinbera og almenna vinnumarkaðnum í för með sér að fram undan er m.a. hækkun iðgjalda, þ.e. mótframlags launagreiðenda, alls 3,5% sem gert er ráð fyrir að sjóðfélagar geti valið um hvort fari í samtryggingu eða séreign. 0,5% hækkun er nú þegar komin, 1,5% næsta sumar og loks 1,5% sumarið 2018.“





Með nýju lögunum geta þeir sem kaupa sér sína fyrstu íbúð nýtt séreignarsparnað til að borga niður íbúðalán í tíu ár. Hver einstaklingur má nýta 500 þúsund krónur á 12 mánaða tímabili. NORDICPHOTOS/GETTY

# Stuðningur við fyrstu kaup

Alþingi samþykkti í október lög um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð. Lögin, sem taka gildi 1. júlí 2017, gera einstaklingum kleift að ráðstafa séreignarsparnaði til kaupa á fyrstu íbúð. Samhliða var ákveðið að framlengja gildandi úrræði um tvö ár, til loka júní 2019.

**Sólveig Gísladóttir**
solveig@365.is



Nýju lögin, sem samþykkt voru á Alþingi 12. október 2016, eiga að auðvelda fólki, sér í lagi ungu fólki, að kaupa sína fyrstu fasteign.

Tilteknar eru þrjár leiðir sem fólk getur valið á milli við ráðstöfun á viðbótariðgjaldi. Í fyrsta lagi að verja uppsöfnuðu viðbótariðgjaldi til kaupa á fyrstu íbúð, í öðru lagi að ráðstafa iðgjaldi inn á höfuðstól láns sem tryggt er með veði í fyrstu íbúð og í þriðja lagi getur fólk nýtt iðgjaldið sem afborgun inn á óverðtryggt lán og sem greiðslu inn á höfuðstól þess.

## Upphæð miðuð við einstaklinga

Í nýju lögunum er allt byggt á einstaklingsgrunni sem er nokkur breyting frá fyrra úrræði þar sem ein fjárhæð átti við einhleypa en önnur fyrir samsköttuð hjón. Hámarksúttekt á hverju tólf mánaða tímabili er 500 þúsund krónur, og er þar átt við samanlagt framlag einstaklings og vinnuveitanda. Ef tveir einstaklingar kaupa saman íbúð og báðir eru að kaupa sína fyrstu íbúð er upphæðin samtals ein milljón króna. Þessar greiðslur úr séreignarlífeyrissparnaði eru ekki skattskyldar.

Þessi lög taka gildi 1. júlí 2017 og varða kaup eftir þann tíma. Hámarkstími úrræðisins er samfellt tíu ára tímabil fyrir hvern einstakling, þannig gæti sá sem byrjar í ágúst 2017 að greiða inn á lánið með séreignarlífeyrissparnaði, haldið því áfram til loka júlí 2027. Á þessum tíma getur einstaklingur því greitt fimm milljónir með viðbótariðgjaldi og par gæti greitt tíu milljónir króna.

Par sem kaupir íbúð saman, og annar aðilinn hefur átt íbúð áður en hinn ekki, getur nýtt rétt þess sem er að festa kaup á eign í fyrsta sinn. Þó eru sett þau skilyrði að einstaklingurinn sem er að kaupa íbúð í fyrsta sinn eigi að minnsta kosti 30 prósent í íbúðinni.

## Hægt að skipta um húsnæði á tímabilinu

Þó úrræðið gildi samfellt í tíu ár eftir að sótt er um er fólki frjálst að skipta um húsnæði á þeim tíma og ráðstafa þá séreignarsparnaði inn á lán sem tekin eru vegna nýs húsnæðis í staðinn. Skilyrði er að kaup á nýrri íbúð fari fram innan tólf mánaða frá sölu þeirrar íbúðar sem veitti réttinn í upphafi.

Ekki skiptir máli hvers konar lán er tekið, hvort það er verðtryggt eða óverðtryggt. Lánið þarf hins vegar að vera vegna kaupa á fyrstu íbúð og að það sé tryggt með veði í þeirri íbúð.

## Eldra úrræði framlengt

Þegar nýju lögin voru samþykkt var jafnframt ákveðið að gildandi úrræði um nýtingu séreignarsparnaðar til lækkunar á höfuðstól fasteignalána verði framlengt um tvö ár eða til loka júlí 2019. Þetta úrræði kannast margir við sem séreignarleiðina sem kynnt var í tengslum við leiðréttinguna svokölluðu. Með því úrræði gat fólk tekið út séreignarsparnað og greitt inn á lán sem höfðu verið tekin til kaupa á íbúð til eigin nota. Talið er að um 37 þúsund manns nýti þetta úrræði í dag.

Einhverjar leiðir eru færar fyrir þetta fólk að færa sig yfir í hið nýja úrræði en þó aðeins ef um kaup á fyrstu íbúð er að ræða. Þó geti greiðslur aldrei staðið lengur en tíu ár í heildina.

Þeir sem hafa átt eign áður og hyggja á húsnæðiskaup geta ekki nýtt sér hin nýju lög. Þeir falla þó enn undir gömlu lögin sem gilda til júníloka 2019 og ættu því að geta nýtt sér það að borga inn á lánið með séreignarlífeyrisgreiðslum frá upphafi kaupa og til loka júní 2019. Ekki er hægt að nýta uppsafnaðan séreignarlífeyrissparnað. Þá hefur ekki verið tekin ákvörðun um hvort gömlu lögin verði framlengd enn frekar.

## Þykir góð ávöxtun

Margir hafa áhyggjur af skertum séreignarlífeyrisréttindum sínum ef þessi leið er nýtt og vissulega safnast minna í séreignarlífeyrissjóð sem nemur þeim innborgunum á lánið. Á móti eignast viðkomandi meira í sinni fasteign. Þá þykir mjög góð ávöxtun að þurfa ekki að borga skattinn af þessum krónum sem er um og yfir 40 prósent. Þá sparast einnig vextir þegar lánið er borgað hraðar niður enda ávallt hagstætt að borga niður skuldir. Þetta er því reiknidæmi sem hver og einn þarf að reikna fyrir sig.




## EINN ÖFLUGASTI LÍFEYRISSJÓÐUR LANDSINS

Við erum sterkari þegar við vinnum saman. Stafir lífeyrissjóður og Sameinaði lífeyrissjóðurinn hafa nú sameinast í einn öflugasta lífeyrissjóð landsins undir merkjum Birtu. **Saman erum við sterkari!**

Sundagörðum 2 | 104 Reykjavík | 480 7000 | birta@birta.is | birta.is

BIRTA
LÍFEYRISSJÓÐUR



## Þegar maki fellur frá

Við andlát lífeyrissjóðsfélaga greiðist makalífeyrir til eftirlifandi maka. Óskertur makalífeyrir er greiddur í að minnsta kosti tvö ár. Hafi eftirlifandi maki börn á framfæri sínu er greiddur óskertur makalífeyrir þar til yngsta barnið hefur náð 18 ára aldri og lengur hjá sumum sjóðum.

Ef eftirlifandi maki er öryrki við andlát sjóðfélagans og yngri en 67 ára, skal óskertur makalífeyrir greiddur meðan sú örorka varir. Hjá nokkrum lífeyrissjóðum er fullur eða skertur makalífeyrir greiddur lengur og jafnvel til æviloka.

Hann fellur þó niður ef makinn gengur í hjónaband á ný eða stofnar til sambúðar. Eftirlifandi maka er einnig heimilt að nýta skattkort hins látna í 9 mánuði talið frá andlátsmánuði.

*Heimild: www.gottadvita.is*



## Enginn erfðafjárskattur af lífeyrissparnaði

Einhverjir velta því fyrir sér hvort séreignarsparnaður sé tvískattlagður við uppgjör á arfi. Svo er ekki.

Ekki þarf að greiða erfðafjárskatt af lífeyrissparnaði sem fellur til erfingja samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Við andlát fellur séreignarsparnaður til erfingja og skiptist þeirra á milli eftir reglum erfðalaga. Við útgreiðslu séreignarsparnaðar til erfingja er haldið eftir almennum tekjuskatti og er séreignarsparnaður þannig ekki tvískattlagður þar sem erfðafjárskattur er ekki lagður á lífeyrissparnað sem fellur til erfingja.

Annars greiðist tíu prósenta erfðafjárskattur af öllum eignum sem við skipti á dánarbúi fara til erfingja ef upphæð er hærri en ein og hálf milljón króna. Skattstofn erfðafjárskatts er heildarverðmæti allra fjárhagslegra verðmæta og eigna sem liggja fyrir við andlát arfleifanda að frádregnum skuldum og kostnaði. Skuldir arfleifanda skulu koma til frádráttar áður en erfðafjárskattur er reiknaður, svo og útfararkostnaður arfleifanda.

## ALMANNATRYGGINGAKERFIÐ HLEYPUR UNDIR BAGGA EF ÞARF

Fólk fær ýmist greiddan ellilífeyri úr almannatryggingakerfinu, frá lífeyrissjóðum eða hvoru tveggja. Á heimasíðu Landssambands lífeyrissjóða segir að réttindi í lífeyrissjóðum miðist við þau iðgjöld sem einstaklingur hefur greitt til í lífeyrissjóði á starfsævinni. Almannatryggingakerfið tryggir hins vegar öllum lágmarkslífeyri, einnig þeim sem lítið eða ekkert hafa greitt í lífeyrissjóð.

Öllum starfandi einstaklingum er skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði og greiða til hans ákveðinn hundraðshluta af launum sínum. Launagreiðendur greiða mótframlag í þessa sjóði fyrir hvern starfsmann. Ef einstaklingur hefur ekki verið á vinnumarkaði og þar af leiðandi greitt mjög lítið eða ekkert í lífeyrissjóð, hleypur almannatryggingakerfið undir bagga með hærri greiðslum. Nánari upplýsingar um almannatryggingar má finna á vef Tryggingastofnunar ríkisins, www.tr.is.






# FULL BÚÐ AF KJÓLUM OG FALLEGUM GJÖFUM

Curvy.is býður upp á fjölbreyttan fatnaði í góðum stærðum!





































## JÓLAOPNUN Í VERSLUN CURVY AÐ FÁKAFENI 9

| | |
|---|---|
| 15 - 22 desember | 11-20 |
| ÞORLÁKSMESSA | 11-21 |
| AÐFANGADAGUR | 11-13 |
| 27 - 30 desember | 11-18 |
| GAMLÁRSDAGUR | 11-13 |

SENDUM FRÍTT HVERT Á LAND SEM ER!



VERSLUNIN CURVY - Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.curvy.is



Svarti gervipelsinn er eftirlætisflík Katrínar Sifjar. MYND/EYÞÓR



Katrín Sif á mikið af skarti og uppáhaldið mitt þessa dagana er Hamsa-höndin sem hún keypti á Balí.



Adidas Ultra Boost íþróttaskóna keypti Katrín Sif fyrir Reykjavíkurmaraþonið í sumar þar sem hún hljóp sitt fyrsta hálfmaraþon.

# ÍÞRÓTTATASKAN ALLTAF TIL TAKS

Svartur gervipels **Katrínar Sifjar Jónsdóttur** passar við flest dress og er því ein af hennar eftirlætisflíkum. Íþróttaskórnir eru líka mikið notaðir enda afar þægilegir og segist Katrín Sif geta hlaupið heillengi í þeim.

Katrín Sif Jónsdóttir, hárgreiðslukona og einn eigenda Sprey hárstofu í Mosfellsbæ, býr í sætu bleiku húsi með kærasta sínum og kisunni þeirra henni Mínu. Katrín Sif hefur lengi haft áhuga á öllu sem viðkemur tísku og hári. Eins og hjá öðrum í sama bransa er nóg að gera hjá henni nú þegar jólin eru handan við hornið en auk þess er hún að gera allt klárt fyrir Asíureisuna sem hún og kærastinn hennar eru að fara í í desember.

„Ég er ferðasjúk og reyni að ferðast mikið um heiminn á hverju ári. Lífið er stutt svo ég reyni að njóta þess og upplifa sem mest,“ segir Katrín Sif með bros á vör og bætir við að auk þess að vinna á fullu á stofunni sé hún líka söluaðili fyrir hárvörumerkin Kevin. Murphy og Milkshake. „Það að auki er ég í meistaranámi og svo er ég líka einn af bloggurunum sem blogga á lífsstílsbloggsíðunni Pigment.is.“

Katrín Sif leyfir lesendum að kíkja í skápinn sinn og sjá hvað er í uppáhaldi.

> Ég er ferðasjúk og reyni að ferðast mikið um heiminn á hverju ári. Lífið er stutt svo ég reyni að njóta þess og upplifa sem mest.
>
> Katrín Sif Jónsdóttir

**Hvaða flík notar þú mest?** Ég myndi segja að ég noti mest af öllu leggingsbuxur frá Level sem var íslensk hönnunarbúð.

**Hver er uppáhaldsyfirhöfnin?** Það er svarti gervipelsinn minn sem ég keypti í Kolaportinu. Hann fær að koma með mér flest allt og virkar við flest „outfit“ líka.

**Hvaða skór eru í mestu uppáhaldi?** Ég verð að segja Adidas Ultra Boost íþróttaskórnir mínir sem ég nota í ræktinni. En ég keypti þá fyrir Reykjavíkurmaraþonið í sumar þar sem ég hljóp mitt fyrsta hálfmaraþon. Ótrúlega þægilegir og ég get hlaupið heillengi í þeim.

**Hvaða fylgihlut notar þú helst?** Íþróttatöskuna mína sem er alltaf tilbúin, síma og vatnsbrúsa en ég drekk mikið af vatni og brúsinn kemur því með mér hvert sem ég fer.

**Hvaða skartgripi notar þú mest?** Ég á ótrúlega mikið af skarti og reyni að nota ekki alltaf það sama en uppáhaldið mitt þessa dagana er Hamsa-höndin en ég keypti það hálsmen á Balí.

**Hvaða snyrtivöru getur þú ekki verið án?** Ég myndi segja maskara (False lash wings frá L'Oréal) en ég nota helst maskara og farða (Trint idole ultra 24h frá Lancôme) flesta daga. Ég vil einfaldleika og er því ekki að eyða miklum tíma í að farða mig daglega.




False lash wings maskarann frá L'Oréal og Trint idole ultra 24h farðann frá Lancôme notar Katrín Sif flesta daga.




Katrín Sif er söluaðili fyrir hárvörumerkin Kevin. Murphy og Milkshake.



Íþróttataskan, síminn og vatnsbrúsinn eru þeir hlutir sem Katrín Sif notar hvað mest og fylgja henni nánast alltaf.





VIÐ ERUM Í JÓLASKAPI
OG TILBÚIN AÐ AÐSTOÐA ÞIG VIÐ VAL Á JÓLAGJÖFUNUM
Haglabyssur og rifflar. Mikið úrval.
FAULK'S anda- og gæsaflautur. Verð 4.995 kr.
SPORTEAR rafmagns-heyrnarhlífar. Verð 14.995 kr.
SportEAR
LEUPOLD riffilsjónaukar. frá 59.900 kr.
LEUPOLD handsjónaukar. frá 18.995 kr.
FUD tálfuglar. Stokkendur, 6 stk í öskju aðeins 7.895 kr.
FUD tálfuglar. Gæsir, 6 stk í öskju aðeins 11.995 kr.
PL felugalli. Buxur og jakki. Verð 36.995 kr.
DEERHUNTER Muflon skotveiðibuxur. Verð 29.995 kr.
DEERHUNTER Muflon skotveiðijakki. Verð 38.995 kr.
DEERHUNTER fallegir og hlýir útivistarjakkar. Verð frá 11.995 kr.
Byssuskápar fyrir 5 byssur. Fullt verð 38.900 kr. Jólatilboð aðeins 29.995 kr.
MUNIÐ VINSÆLU GJAFABRÉFIN
VEIÐIHORNIÐ
TRAUST FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI FRÁ 1998
SÍÐUMÚLA 8 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 568 8410 • VEIDIHORNID.IS



## Sódavatn í andlitsbaðið

Með því að baða andlitið upp úr blöndu af sódavatni og venjulegu vatni hressir þú verulega upp á útlitið. Aðferðin breiddist fyrst út meðal japanskra kvenna og hefur síðan notið vaxandi vinsælda víðar um heim.

Þú einfaldlega blandar sódavatni og venjulegu vatni til helminga í skál og dýfir andlitinu ofan í í um það bil tíu til fimmtán sekúndur. Það losar um fílapensla, hreinsar burt dauðar húðfrumur og þéttir húðina. Kolsýran gefur húðinni auk þess aukið súrefni en við það getur þroti minnkað.

Gott er að miða við að gera þetta einu sinni til tvisvar í viku. Ef það er gert oftar getur það valdið óþægindum í húð. Af sömu ástæðu er mikilvægt að blanda sódavatnið með venjulegu vatni. Eins má prófa að væta bómullarhnoðra með vatninu og bera það þannig á húðina en fyrrnefnd aðferð gefur þó yfirleitt betri raun. Eftir um það bil mánuð ættir þú að sjá mun.



## Hugsunarhátturinn skiptir máli

Fólk, sem vegnar vel í lífinu, á það sameiginlegt, að sögn Johns C. Maxwell, höfundar bókarinnar How Successful People Think, að hugsa á ákveðinn máta. Góðu fréttirnar eru þær að allir geta lært að hugsa svoleiðis. Hér má sjá tvö dæmi um hvernig hægt er að breyta hugsunarhættinum.

Sjáið möguleikana. Ekki hugsa: „Ég get ekki sóst eftir stöðuhækkun, ég hef bara unnið hér í tæpt ár.“ Hugsið í staðinn: „Hvað ef ég sæktist eftir stöðuhækkun? Hafa aðrir fengið stöðuhækkun eftir minna en ár? Hvað get ég gert til að fá stöðuhækkunina?“

Verið skapandi. Ekki hugsa: „Mig langar að prófa þessa uppskrift en ég get það ekki því mig vantar hráefni í hana.“ Hugsið frekar: „Hvað get ég notað í staðinn?“

# HEIMAGERT HNETUSÚKKULAÐI

Hér er á ferðinni fljótlegt og bragðmikið nammi fyrir vandláta. Það er auk þess stútfullt af næringu. Því dekkra súkkulaði sem notað er því hollara verður nammið.

**200 g dökkt súkkulaði**
**trönuber**
**pistasíuhnetur**
**gojiber**
**valhnetur**
**appelsínubörkur (má sleppa)**

Bræðið súkkulaðið við vægan hita í vatnsbaði. Setjið bökunarpappír á plötu sem kemst í ísskáp eða frysti. Hellið súkkulaðinu á pappírinn. Dreifið gróft söxuðum pistasíum, valhnetum, gojiberjum, trönuberjum og kókosflögum yfir. Raspið appelsínubörk yfir ef vill. Skellið í ísskápinn eða frystinn þangað til súkkulaðið er orðið kalt og brjótið þá í bita.






## Húsaviðhald

**SMIÐSKRAFTUR EHF.**

**NÝSMÍÐI OG VIÐHALD.**
Getum bætt við okkur verkefnum gipsvinna, parketlagnir og allt almennt viðhald.
**Uppl. í s. 663 3944 Ingi smidskraftur@gmail.com**



Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is



Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og laugardaga 10-16

## KEYPT & SELT

## Til sölu



Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is



Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## HEILSA

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Heilsu og slökunarnudd. Nuddstofan, opið frá 09-19 og á laugardögum. s. 8533059 og 5550939

## HÚSNÆÐI

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**
Þarftu að laga til fyrir jólin. Stærðir 1,6-5,5 fm. Jólatilboð fyrir nýja viðskiptavini: Desembermánuður frír. Aðgangur 24 tíma sólarhrings, upphitað og vaktað. Smiðjuvegur 4 Kópavogi. S: 4143000.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**LEBOWSKI BAR**
óskar eftir að ráða fólk í sal í kvöld og helgarvinnu í vetur. Hentar mjög vel fyrir skólafólk. Einnig vantar okkur vana barþjóna á helgarvaktir. Aldurstakmark er 20 ára.
**Umsóknir ásamt mynd sendist á info@lebowskibar.is**

SÓLAR

**SÓLAR EHF**
Óskum eftir hressu fólki í ræstingarvinnu. Nánari uppl á skrifstofu Sólar Kleppsmýrarveg 8, 104 R milli 10-16. We are looking for people for cleaning jobs. More info at Sólar office Kleppsmýrarveg 8, 104 R between 10-16. Must speak icelandic or english.

Vantar pizzabakara fyrir ARA Restaurant & Bar, bæði í fullt starf og hlutastarf. s: 6633239

**200.000-450.000 Á MÁNUÐI**
Erum að leita að starfsfólki í verslun / veitingastað í 101 Reykjavík.
Unnið er kvöld og helgar. Getur hentað með skóla og einnig sem fullt starf.
Mjög góð laun í boði.
**Umsókn með mynd sendist á 101atvinna2017@gmail.com**




FISKISTOFA

**Auglýsing vegna úthlutunar byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2016/2017 sbr. reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa nr. 641, 8. júlí 2016**

Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um byggðakvóta til fiskiskipa fyrir:
**Grundarfjörð**
**Bolungarvík**

Auk reglugerðarinnar er vísað til sérstakra úthlutunarreglna í neðanskráðum byggðalögum sbr. auglýsingu nr. 1102/2016 í Stjórnartíðindum.

**Sveitarfélagið Vogar**
**Árneshreppur**
**Strandabyggð (Hólmavík)**
**Blönduósbær (Blönduós)**
**Dalvíkurbyggð (Dalvík, Árskógssandur og Hauganes)**
**Norðurþing (Kópasker og Raufarhöfn)**
**Breiðdalsvík**

Umsóknum skal skilað til Fiskistofu ásamt samningi við vinnsluaðila, á eyðublöðum sem er að finna á heimasíðu stofnunarinnar (fiskistofa.is), og þar eru ofangreindar reglur einnig aðgengilegar. **Umsóknarfrestur er til og með 2. janúar 2017.**

*Fiskistofa, 15. desember 2016.*

## skemmtanir




# Cafe Catalina

**Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is**

*"Best geymda leyndarmál Kópavogs"*

## Leikir helgarinnar:

**Laugardaginn 17. des**

**12:20 Crystal Palace - Chelsea**
**17:20 WBA - Man. United**

**Sunnudaginn 18. des**

**15:50 Man. City - Arsenal**




## Hljómsveitin TRAP frá Ísafirði

**Rúnar Þór, Örn Jóns, Rúnar Vilbergsson, Reynir Guðmundsson og Kristján Hermanns, spila um helgina.**

Gullnáman

**Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opið alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilinn**

# LEIKJAVÖRUR Í JÓLAPAKKANN



## FULLKOMIÐ LEIKJALYKLABORÐ MEÐ LED LÝSINGU Í HVERJUM TAKKA !

Vinsæl og litrík jólagjöf fyrir leikjaspilara. Mekanískt Razer lyklaborð í hæsta gæðaflokki með stillanlegri Chroma baklýsingu, aðeins 1ms svartíma og 1000Hz Ultrapolling. Macro og forritanlegir takkar. Tengi fyrir heyrnartól og hljóðnema.

RAZ-RZ0301220600R3N1

RAZER

**24.995**
SKEMMTILEG JÓLAGJÖF



**59.995**
GTX 1060 GÆÐI

ASUS

## 6GB STRIX GTX 1060 LEIKJASKJÁKORT

VR Ready 6GB nVidia GTX 1060 skjákort fyrir leikina. Hljóðlát leikjaspilun með 3 viftum sem fara aðeins af stað við mikla vinnslu. 3 ára ábyrgð.

ASU-STRIXGTX106006G

## HEIMSÞEKKT LEIKJAMERKI

Hjá okkur fást leikjavörur frá mörgum af helstu leikjaframleiðendum heims. Leikjalyklaborð, leikjamýs, leikjaheyrnartól og allt sem þig vantar frá Razer, Steelseries, Asus, Corsair, MSI, Philips og CoolerMaster.



**24.995**
DOLBY 7.1

CORSAIR

## VOID LEIKJAHEYRNARTÓL

Háþróuð leikjaheyrnartól með ótrúlegum hljómgæðum og InfoMic tækni sem lætur þig vita allt um hljóðið hjá þér. TrueForm púðar sem mótast að þínum eyrum.

COR-CA9011146EU



steelseries

STE-62341

## RIVAL 100 LEIKJAMÚS

Steelseries Rival 100 optical er vinsæl leikjamús með mikilli nákvæmni fyrir leikina og möguleika á að stilla CPI upp að 4.000. RGB LED lýsing.

**5.995**
GÓÐ VINAGJÖF



ASU-CERBERUSKEYBOARD

ASUS

## BAKLÝST LED LYKLABORÐ MEÐ ÍSLENSKUM STÖFUM

Vandað Asus lyklaborð með ábrenndum íslenskum stöfum og rauðri LED lýsingu. Forritanlegir takkar fyrir leikjaspilun.

**9.995**
FRÁBÆRT VERÐ



RAZER

RAZ-RZ01010210100R3G1

## RAZER DEATHADDER CHROMA

Leikjamús fyrir kröfuharða. Sérhönnuð fyrir leikjaspilun sem krefst næmni og hraða.

**11.995**
ÁÐUR 12.995

OPIÐ TIL 22 Á SUÐURLANDSBRAUT OG GLERÁRTORGI

TÖLVULISTINN

Jólareikningur
EINGREIÐSLA 2. FEBRÚAR
0% vextir, 2% lántökugjald og 199 kr. uppgjörsgjald.

# Getur jafnað gullmetið hennar Marit

**Þórir Hergeirsson mætir í kvöld með norska kvennalandsliðið í níunda undanúrslitaleikinn á síðustu tíu stórmótum. Sex sinnum hafa stelpurnar hans komist í úrslitaleikinn og fimm sinnum hefur liðið orðið meistari. Eitt gull til viðbótar og gullmetið er hans.**

**HANDBOLTI** Marit Breivik er sigursælasti þjálfari norska kvennalandsliðsins í handbolta en kannski ekki mikið lengur. Selfyssingurinn Þórir Hergeirsson gerir sig líklegan til að setjast við hlið hennar á toppnum eftir Evrópumótið sem stendur nú yfir í Svíþjóð.

Norska kvennalandsliðið hefur unnið fimm fyrstu leiki sína á EM 2016 og mætir Frökkum í undanúrslitum keppninnar í kvöld.

Norðmenn þurfa ekki lengur að hafa áhyggjur af Rússum, Serbum eða Svartfellingum sem eru einu þjóðirnar sem hafa slegið út norska liðið á undanförnum tíu stórmótum.

Best var líklega að losna við Ólympíumeistara Rússa sem eru eina handboltaþjóðin sem hefur unnið norsku stelpurnar í undanúrslitaleik á stórmóti á þessari öld.

Fimm sinnum hefur Þórir stýrt norsku skútunni alla leið og unnið gullið.

Takist honum það í sjötta sinn mun hann jafna met Marit Breivik. Marit Breivik naut reyndar góðrar hjálpar frá Þóri við að vinna fern af sínum sex gullverðlaunum.

Marit Breivik tók við norska liðinu árið 1994 þegar liðið hafði aldrei unnið gull á stórmóti. Tvenn silfurverðlaun á Ólympíuleikum og tvenn bronsverðlaun á HM höfðu komið í hús en undir stjórn Marit braut norska liðið ísinn þegar liðið vann gull á EM 1998. Liðið varð heimsmeistari á HM árið eftir og vann brons á Ólympíuleikunum í Sydney 2000.

Þórir hafði þjálfað norska unglingalandsliðið frá 1994 til 2001 en sumarið 2001 var hann ráðinn sem aðstoðarþjálfari Marit Breivik. Þau áttu síðan eftir að vinna saman í sjö ár og á tíu stórmótum. Uppskeran var sjö verðlaun, þar af fjögur gull.

Þórir getur því ekki aðeins jafnað gullmet Marit Breivik heldur einnig tekið þátt í að vinna sitt tíunda gull á stórmóti sem þjálfari eða aðstoðarþjálfari norska landsliðsins.

Noregur mætir Frakklandi í seinni undanúrslitaleik kvöldsins en á undan mætast Holland og Danmörk.

Franska landsliðið er ekkert lamb að leika við. Liðið hefur aðeins tapað einum leik á mótinu og það var á móti Hollendingum í lokaleik riðilsins þar sem þær frönsku voru fimm mörkum yfir í hálfleik, 12-7.

Franska liðið fór í úrslitaleikinn á Ólympíuleikunum í Ríó þar sem liðið varð að sætta sig við silfur eftir tap á móti Rússum.

Noregur hefur ekki mætt Frökkum á stórmóti síðan á EM í Serbíu 2012 en þá unnu þær norsku með ellefu marka mun í leik liðanna í milliriðli.

Nokkrum mánuðum fyrr hafði norska liðið aftur á móti byrjað Ólympíuleikana í London á því að tapa með einu marki fyrir Frökkum.

Franska landsliðið hefur ekki unnið verðlaun á tveimur stórmótum í röð frá 2003 og aldrei tekið tvenn verðlaun á sama ári. Norska liðið á aftur á móti möguleika á því að taka tvenn stórmótaverðlaun á þriðja Ólympíuárinu í röð.

Þórir og norsku stelpurnar mættu hungruð til leiks á EM í ár eftir „vonbrigðin“ á Ólympíuleikunum. Brons er sigur á flestum bæjum nema hjá norska landsliðinu þar sem enginn er sáttur nema með gull um hálsinn.

ooj@frettabladid.is




Þórir Hergeirsson hefur skilað norska kvennalandsliðinu í undanúrslit á níu af síðustu tíu stórmótum og gæti verið á leið í sjöunda úrslitaleikinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

### Gullverðlaun þjálfara á 9 stórmótum í tíð Þóris 2009-2016:

**5 – Þórir Hergeirsson**
(Noregur, EM 2010 og 2014, HM 2011 og 2015, ÓL 2012)
**2 – Yevgeni Trefilov**
(Rússland, HM 2009 og ÓL 2016)
**1 – Morten Soubak**
(Brasilía, HM 2013)
**1 – Dragan Adzic**
(Svartfjallaland, EM 2012)




Marit Breivik endaði á því að vinna gull á EM árið 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

### Flest verðlaun þjálfara norska landsliðsins á stórmótum

**Marit Breivik**
13 verðlaun á 19 stórmótum á 15 árum
Þjálfaði frá 1994 til 2008

**6 GULL**
**5 SILFUR**
**2 BRONS**

**Þórir Hergeirsson**
8 verðlaun á 9 stórmótum á 7 árum
Hefur þjálfað liðið frá 2009

**5 GULL**
**1 SILFUR**
**2 BRONS**






# Appelsínugula handboltabyltingin

**HANDBOLTI** Holland hefur í gegnum tíðina ekki verið þekkt fyrir afrek sín á handboltavellinum. Þangað til nú. Appelsínugula handboltabyltingin er hafin.

Á síðustu tveimur árum hefur hollenska kvennalandsliðið skipað sér í hóp þeirra bestu í heiminum. Holland endaði í 7. sæti á EM 2014 og komst svo alla leið í úrslit á HM 2015. Í úrslitaleiknum reyndust norsku stelpurnar hans Þóris Hergeirssonar númeri of stórar og unnu 31-23 sigur.

Holland fylgdi silfrinu á HM í fyrra eftir með því að enda í 4. sæti á Ólympíuleikunum í Ríó í ágúst. Hollenska liðið hikstaði í riðlakeppninni á Ólympíuleikunum en rúllaði svo yfir heimaliðið, Brasilíu, í 8-liða úrslitum áður en það tapaði með minnsta mun fyrir Frökkum í undanúrslitunum. Í bronsleiknum steinlá Holland svo fyrir Noregi og þurfti því að sætta sig við 4. sætið.

Aðeins fjórum mánuðum síðar er hollenska liðið komið í undanúrslit á EM í Svíþjóð, á þriðja stórmótinu í röð. Andstæðingarnir að þessu sinni eru Danir en í boði er sæti í úrslitaleiknum á sunnudaginn.

Holland tapaði fyrir Þýskalandi, 30-27, í fyrsta leik sínum á EM en hefur síðan unnið fimm leiki í röð og sýnt góða takta. Ekkert lið hefur til að mynda skorað meira á EM en Holland (172 mörk). Varnarleikurinn er líka sterkur og markvörðurinn Tess Wester er öflug.

Þetta skemmtilega hollenska lið er í yngri kantinum. Stór hluti þess eru stelpur á aldrinum 23-24 ára sem áttu góðu gengi að fagna á stórmótum yngri landsliða fyrir nokkrum árum. Holland varð í 3. sæti á HM unglinga 2010 og 2. sæti á EM unglinga ári síðar.

Í þessum hópi eru leikmenn eins og Lois Abbingh, Estevana Polman, Angela Malestein og áðurnefnd Tess Wester. Þær spiluðu lengi saman í yngri landsliðunum og skína núna skært á stóra sviðinu. Auk þessarar kynslóðar eru í burðarhlutverkum aðeins eldri leikmenn á borð við línumanninn Yvette Broch, leikstjórnandann Nycke Groot og örvhentu skyttuna Lauru van der Heijden. Þær tvær fyrrnefndu spila báðar með hinu geysisterka ungverska félagsliði Győri ETO, sem tapaði í úrslitum Meistaradeildar Evrópu í vor. – iþs




Estevana Polman er markahæsti leikmaður Hollands á EM 2016 með 28 mörk. Hún er hluti af sterkri kynslóð hollenskra handknattleikskvenna. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA




# Einstök vinátta
## frá fyrstu hlustun

B&O PLAY

*Verið velkomin í glæsilega verslun Bang & Olufsen í Lágmúla 8 og heyrið hljóminn. Það breytir öllu.*

ORMSSON

*lágmúla 8 · sími 530 2800*



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðbrandur Árnason**
Fiskakvísl 13,

lést 13. desember síðastliðinn.

Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík
miðvikudaginn 21. desember kl. 13.00.

**Áshildur E. Daníelsdóttir**
**Daníel Guðbrandsson** **Birna Benediktsdóttir**
**Árni Guðbrandsson** **Kristín E. Björnsdóttir**
**Guðbrandur Guðbrandsson** **Sigrún Davíðsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Hjartans þakkir til allra þeirra sem
sýndu okkur samúð og vinarhug við
andlát og útför ástkærrar móður
okkar, tengdamóður, ömmu
og langömmu,

**Aðalheiðar Margrétar Snorradóttur**

Innilegar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins
Droplaugarstaða fyrir vinsemd við hana og
góða umönnun.

**Sigríður Bjarnadóttir**
**Sigrún Jóhannesdóttir** **Jón Sigurðsson**
**Pálmi Jóhannesson** **Soffía Kjaran**
**Sigurður Jóhannesson** **Halla Hafdís Guðmundsd.**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi, langafi og vinur,

**Jón Ólafur Kjartansson**
Ásavegi 12, Vestmannaeyjum,

lést 13. desember síðastliðinn.

**Einar Gylfi Jónsson** **Ingibjörg Pétursdóttir**
**Kjartan Jónsson** **Regína Eiríksdóttir**
**Helga Jónsdóttir** **Arnór Hermannsson**
**Ástþór Jónsson** **Ágústa Hafsteinsdóttir**
**Heimir Jónsson** **Anna María Ólafsdóttir**
**Þórey Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkæri sambýlismaður minn,
faðir, tengdafaðir og afi,

**Birgir Jónsson**
síðast til heimilis að
Austurströnd 4, Seltjarnarnesi,

varð bráðkvaddur 4. desember
síðastliðinn.
Jarðarförin fór fram í kyrrþey.

**Vigdís Pálsdóttir**
**Auður Birta Birgisdóttir** **Gunnar Rúnar Erlingsson**
**barnabörn.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

**Marta Kristjánsdóttir**
Faxabraut 13-15, Reykjanesbæ,

lést í faðmi fjölskyldunnar
á Landspítalanum Fossvogi,
sunnudaginn 11. desember.
Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, mánudaginn
19. desember kl. 13.00.

**Karl Antonsson** **Hrafnhildur Jónsdóttir**
**Eygló Antonsdóttir** **Ólafur Arthúrsson**
**Helen Antonsdóttir** **Þórhallur Guðmundsson**
**Guðrún Antonsdóttir** **Sæbjörn Þórarinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og
útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**




**Samtökin sinna meðal annars ráðgjafarþjónustu fyrir fjölskyldur sem eiga unglinga í vanda.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON.

# Foreldrasíminn er opinn allan sólarhringinn

**Foreldrasamtökin Vímulaus æska fagna þrjátíu ára starfsafmæli en þau voru stofnuð 20. september 1986 og sinna meðal annars námskeiðahaldi og ráðgjafaþjónustu fyrir fjölskyldur og foreldra sem eiga börn og unglinga í einhvers konar vanda segir Guðrún Björg.**

„Við héldum upp á þrjátíu ára afmæli Foreldrahúss í vetur, gáfum út afmælistímarit, héldum málþing á Grand hóteli og buðum fólki að koma til okkar og fagna með okkur," segir Guðrún Björg Ágústsdóttir fjölskylduráðgjafi, spurð út í þrjátíu ára afmæli Foreldrahúss sem rekið er undir foreldrasamtökunum Vímulaus æska.

Foreldrasamtökin Vímulaus æska eru landssamtök og þjónustan er því opin öllum landsmönnum. Samtökin voru formlega stofnuð fyrir framan fjölmenni í Háskólabíói 20. september 1986. Fyrsti formaður samtakanna var Bogi Arnar Finnbogason en meðal þeirra sem mættu á athöfnina í Háskólabíói var Vigdís Finnbogadóttir, forseti Íslands. Nokkrum vikum eftir þessa athöfn stóð Bylgjan, sem þarna var nýstofnuð, fyrir söfnun til styrktar samtökunum og þar var rekstur þeirra tryggður um sinn. Í dag reka samtökin starfsemi sína í Foreldrahúsi sem var stofnað árið 1999.

„Samtökin sinna námskeiðahaldi og ráðgjafarþjónustu fyrir fjölskyldur sem eiga börn og unglinga í einhvers konar vanda," segir Guðrún Björg.

Á fyrri árum var að mestu unnið með vímuefnavanda unglinga. Í dag er þjónustan fjölbreyttari og er einnig unnið með ýmis önnur vandamál, t.d. einelti, félagslega erfiðleika og kvíða- og hegðunarvanda. Rúna er fjölskylduráðgjafi með menntun og áratuga reynslu af vinnu við áfengis- og vímuefnameðferð á meðferðarstofnunum í Svíþjóð og á Íslandi.

„Reynsla skiptir miklu máli, við reynum að aðstoða fjölskyldur eins fljótt og hægt er," segir hún og bætir við að einnig sé í boði sjálfstyrkinganámskeið fyrir börn og unglinga á aldrinum 10-15 ára.

Samtökin hafa einnig staðið að fyrirlestrum víðsvegar á landinu í samstarfi við foreldrafélög, skólayfirvöld og sveitarfélög. Starfsemi Foreldrahússins skiptist í tvo meginflokka: forvarnir og ráðgjöf.

„Í Foreldrahúsi er starfrækt fjölskylduráðgjöf, foreldrahópar, sjálfstyrkingarnámskeið og stuðningsmeðferð fyrir unglinga í vímuefnavanda. Foreldrasíminn er neyðarsími fyrir foreldra og er opinn allan sólarhringinn. Í fjölskylduráðgjöfinni er boðið upp á foreldrafærninámskeið, vímuefnaráðgjöf og sálfræðiþjónustu fyrir börn og ungmenni með hegðunar- eða fíkniefnavanda, sem enn er mikil þörf fyrir þar sem við höfum fundið fyrir aukinni neysla unglinga á vímuefnum," segir Guðrún Björg að lokum. **gudrunjona@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST: 16. DESEMBER 1997

## Pokémon veldur fjaðrafoki

Þáttur úr teiknimyndaseríunni Pokémon olli flogaköstum hjá 685 börnum í Japan þegar hann var sendur út í fyrsta og eina skiptið þann 16. desember 1997.

Þetta var 38. þátturinn í fyrstu seríu Pokémon og þar voru notaðar tæknibrellur sem urðu til þess að börnin fengu alvarleg flogaköst.

Mörg þeirra voru flutt á sjúkrahús og tvö þeirra lágu á sjúkrahúsi í rúmar tvær vikur.

Mikil reiði greip um sig í Japan og í kjölfar atburðarins var þátturinn bannaður alls staðar í heiminum og framleiðslu þáttanna hætt í fjóra mánuði. Sýningar hófust þó að nýju í Japan í apríl 1998.

Margar teiknimyndaseríur hafa síðan skopstælt þennan fræga þátt, eða vísað til hans á einn aða annan hátt, þar á meðal The Simpsons og South Park.

*Heimild: www.wikipedia.org*



**Aðalpersóna Pokémon er Pikachu.**



# ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR




**Philips PUT6401**
Smart LED sjónvarp Ultra HD 4K 3840x2160P upplausn og Pixel Plus Ultra HD. Micro Dimming Pro. 800 Hz PPI. Quad Core örgjörvi. Ambilight 2 bakljós. Android 5.1. Nettenging með Google Play store. Wi-Fi 2x2 móttakari. NETFLIX - 4K. Stafrænn DVB-C/T2 móttakari. 3 x USB. USB upptaka. 4 x HDMI o.fl.

## 49"
Philips 49PUT6401
**VERÐ**
**109.995**
FRÁBÆRT VERÐ

## 55"
Philips 55PUT6401
**VERÐ**
**129.995**
FRÁBÆRT VERÐ

**Jólareikningur**
*EINGREIÐSLA 2. FEBRÚAR*
0% vextir, 2% lántökugjald og 199 kr. uppgjörsgjald.

**Heimilistæki** ht.is
*7 VERSLANIR UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRTORGI **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Föstudagur




Spáð er suðvestanhvassviðri eða stormi með skúrum eða éljum. Hvassast verður á svæðinu frá norðanverðum Faxaflóa og norður og austur að Skjálfanda. Einnig er spáð éljum á fjallvegum á þessum slóðum og geta akstursskilyrði orðið erfið. Veður skánar seinnipartinn því þá minnkar vindur og úrkoma.

### Laugardagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 6° | 1° | 1° |
| ↖10 | ↑5 | ↑6 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 0° | 3° | 1° |
| ↑5 | ←3 | ↑13 |

### Sunnudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 6° | 2° | 5° |
| ↗7 | ↗14 | ↑3 |
| **Egilsstaðir** | **Kirkjubæjarkl.** | **Hveravellir** |
| 8° | 7° | 1° |
| ↑12 | ↑5 | ↑10 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. dægurs
6. í röð
8. bjálki
9. draup
11. hreyfing
12. fet
14. helmings
16. fisk
17. tæfa
18. að
20. ung
21. tigna

**LÓÐRÉTT**
1. loga
3. strit
4. goðsagnavera
5. útsjónarsöm
7. afturhluti
10. bar
13. hnoðað
15. greinilegur
16. beita
19. tveir eins



**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. dags, 6. áb, 8. tré, 9. lak, 11. ið, 12. skref, 14. hálfs, 16. ál, 17. tík, 18. til, 20. ný, 21. aðla.
**LÓÐRÉTT:** 1. báls, 3. at, 4. griffin, 5. séð, 7. bakhlið, 10. krá, 13. elt, 15. skýr, 16. áta, 19. ll.

### Skák Gunnar Björnsson

Michael Adams (2.748) átti leik gegn Veselin Topalov (2.760) á London Chess Classic-mótinu.

**Hvítur á leik**

**32. Da8+! Kd7 33. Hxd5+! 1-0.** Einnig hefði verið hægt að leika **32. Hxd5.** Mikið er um að vera um helgina. Friðriksmót Landsbankans fer fram á morgun og Jólapakkamót Hugins á sunnudaginn.

**www.skak.is:** Skáklíf um helgina.



### Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | 6 | | 1 | | 7 | | |
| | | 1 | | | 6 | 5 | 8 | 3 |
| 8 | 9 | | | | | | 2 | 6 |
| 9 | | 7 | 6 | | | | | 8 |
| | 8 | 4 | | 2 | | | 3 | |
| 3 | | | 1 | | | | | |
| 6 | | 5 | | | 1 | | 9 | |
| | 2 | | 9 | | | 4 | | |
| | | | | 4 | | | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 7 | | 2 | 8 | 1 | | |
| | | 2 | | | 6 | | 3 | 5 |
| | | 6 | | | 5 | | | |
| | | | 7 | | | 2 | | 4 |
| | 1 | | | 9 | | | | |
| 9 | | | | 6 | | 7 | | 8 |
| 5 | 6 | 8 | | 1 | | | | 2 |
| 3 | | | | | 7 | | | 1 |
| 2 | | | | 8 | 9 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | 9 |
| | | 8 | | | 2 | 5 | | 3 |
| 2 | 4 | | | 8 | | | | |
| | 9 | | 4 | | 3 | 7 | | |
| 7 | | | | | 1 | | 2 | |
| 8 | | 4 | | | | | | |
| | 6 | | | 7 | | 3 | | |
| | | | 2 | 1 | | | | 4 |
| 9 | | | | | | | 7 | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 2 | 8 | 1 | 5 | 9 | 7 | 6 | 4 |
| 4 | 6 | 5 | 2 | 7 | 3 | 1 | 9 | 8 |
| 7 | 1 | 9 | 4 | 6 | 8 | 2 | 3 | 5 |
| 5 | 7 | 1 | 6 | 9 | 4 | 8 | 2 | 3 |
| 8 | 4 | 6 | 3 | 2 | 5 | 9 | 1 | 7 |
| 9 | 3 | 2 | 7 | 8 | 1 | 4 | 5 | 6 |
| 6 | 8 | 3 | 9 | 1 | 7 | 5 | 4 | 2 |
| 1 | 5 | 4 | 8 | 3 | 2 | 6 | 7 | 9 |
| 2 | 9 | 7 | 5 | 4 | 6 | 3 | 8 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 8 | 7 | 6 | 2 | 9 | 5 | 1 | 3 |
| 1 | 9 | 5 | 7 | 8 | 3 | 4 | 6 | 2 |
| 6 | 2 | 3 | 5 | 1 | 4 | 7 | 8 | 9 |
| 2 | 4 | 9 | 3 | 7 | 8 | 6 | 5 | 1 |
| 8 | 3 | 6 | 9 | 5 | 1 | 2 | 4 | 7 |
| 5 | 7 | 1 | 2 | 4 | 6 | 3 | 9 | 8 |
| 3 | 1 | 2 | 4 | 9 | 5 | 8 | 7 | 6 |
| 7 | 5 | 8 | 1 | 6 | 2 | 9 | 3 | 4 |
| 9 | 6 | 4 | 8 | 3 | 7 | 1 | 2 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 3 | 1 | 9 | 5 | 6 | 7 | 8 |
| 1 | 7 | 8 | 6 | 2 | 4 | 9 | 5 | 3 |
| 6 | 5 | 9 | 3 | 7 | 8 | 1 | 2 | 4 |
| 3 | 8 | 2 | 4 | 1 | 9 | 7 | 6 | 5 |
| 5 | 1 | 4 | 8 | 6 | 7 | 2 | 3 | 9 |
| 7 | 9 | 6 | 5 | 3 | 2 | 4 | 8 | 1 |
| 8 | 6 | 5 | 2 | 4 | 1 | 3 | 9 | 7 |
| 9 | 3 | 1 | 7 | 8 | 6 | 5 | 4 | 2 |
| 2 | 4 | 7 | 9 | 5 | 3 | 8 | 1 | 6 |


# FRÉTTABLAÐIÐ er Helgarblaðið



**Heimsókn til Heiðu fjalldalabónda**

Ég er dálítið ýkt í öllu, líka í jólahaldinu, segir **Heiða bóndi** á Ljótarstöðum í Skaftártungu sem sápuþvær hvern sentimetra á heimilinu fyrir jólin.

**Galdurinn er í mistökunum**

Mugison segist stundum hræddur við að staðna. Afi hans sem var hans mesti aðdáandi féll frá á árinu.





**Bestu og verstu bókarkápur jólabókaflóðsins**

Álitsgjafar velja bestu og verstu bókakápur jólabókaflóðsins í ár.

**„Eins og að vera á frystitogara“**

Þrátt fyrir miklar annir í Hollywood ákvað Atli Örvarsson tónskáld að flytjast búferlum á heimaslóðir á Akureyri. Hann líkir starfi sínu við að vera á frystitogara.


## Myndasögur

**PONDUS** — Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Villeroy & Boch 1748 · Kay Bojesen Denmark · Royal Copenhagen · WMF · Rosendahl Copenhagen · Georg Jensen

# *Úrval gjafavöru frá Rosendahl*

Salt og piparkvarnir
**VERÐ 4.390**

Ísskálar
4 saman
**VERÐ 4.220**

Kertastjakar - margir litir
**VERÐ 1.290**

Vatnskarafla
**VERÐ 3.940**

Bjórglös
2 saman
**VERÐ 3.590**

Rauðvínsglös Bordeaux
2 saman
**VERÐ 3.590**

Hvítvínsglös Bordeaux
2 saman
**VERÐ 3.590**

Koníaksglös
2 saman
**VERÐ 3.590**

Vískiglös
4 saman
**VERÐ 3.940**

Bakki undir olíur eða krydd
**VERÐ 3.990**

Eftirréttaskálar á fæti
4 saman
**VERÐ 4.960**

Espressobolli með undirskál
**VERÐ 3.450**

Bambus bakki - 36 sm
**VERÐ 9.890**

Kaffibolli með undirskál
**VERÐ 3.840**

Sendum frítt á næsta pósthús ef verslað er fyrir meira en 3.000 kr á kunigund.is

Ný verslun á Glerártorgi

Eldföst mót - 3 saman
**VERÐ 11.990**

# KÚNÍGÚND

SÉRVERSLUN MEÐ VANDAÐAR GJAFAVÖRUR

Laugavegur - Kringlan - Glerártorg - kunigund.is


NÝÁRSDAGUR | 2
FARÐU AFTUR TIL UPPHAFSINS
ILLUMINATION
Skósveinarnir
NÝÁRSDAGUR | 2
EVEREST
BASED ON THE INCREDIBLE TRUE STORY
ANNAR Í JÓLUM | 2
GRIMMD
AÐFANGADAGUR | 2
Aftansöngur í Grafarvogskirkju
JÓLADAGUR | 2
BRING HIM HOME
MATT DAMON
THE MARTIAN
ANNAR Í JÓLUM | 2
BRIDGE OF SPIES
GAMLÁRSDAGUR | 2
Kryddsíld 2016
AÐFANGADAGUR | 2
Jólatónleikar Fíladelfíu
JÓLADAGUR | 2
INTERN
GAMLÁRSDAGUR | 2
BUBBI
ÞORLÁKSMESSUTÓNLEIKAR
AÐFANGADAGUR | 2
Niko2
ANNAR Í JÓLUM | 2
PAN
JÓLADAGUR | 2
DOLLY PARTON'S COAT OF MANY COLORS
365
Skemmtipakkinn
9.990 KR.
Á MÁNUÐI EÐA
333 KR.
Á DAG
HAFÐU ÞAÐ NOTALEGT
2
3
Krakkastöðin
2 HEIMILI HBO
Tónlist
Vild
2 MARAÞON





# MEÐ OKKUR YFIR HÁTÍÐARNAR

365.is | Sími 1817 365



Um átta tugir manna skipa Karlakór Reykjavíkur sem á 90 ára sögu að baki.

# Kórstjórinn Friðrik lofar hátíð um helgina

**Friðrik S. Kristinsson ætlaði að raddþjálfa Karlakór Reykjavíkur í einn mánuð en hefur nú stjórnað honum í 27 ár og verður með veldissprotann á aðventutónleikunum í Hallgrímskirkju á morgun og hinn.**

Við erum með hefðbundin aðventu-og jólalög sem allir vilja heyra og svo nýtt efni í bland," segir Friðrik S. Kristinsson, kórstjóri Karlakórs Reykjavíkur, um árlega aðventutónleika í Hallgrímskirkju. Þeir eru á dagskrá á morgun og sunnudag, klukkan 17 og 20 báða dagana.

Um áttatíu söngmenn mynda þennan magnaða kór. Friðrik segir þá samstiga og mæta vel á æfingar. „Þetta verður 23. árið sem við höldum aðventutónleika í Hallgrímskirkju," segir hann og bætir við stoltur: „Elmar Þór Gilbertsson er einsöngvari okkar í ár. Hann hóf söngnám hjá mér á sínum tíma í Söngskóla Sigurðar Demetz og er nú orðinn atvinnusöngvari um allan heim, enda frábær tenór."

Spurður hvort hann hafi séð það fyrir þegar Elmar var á fyrstu stigum söngnámsins svarar Friðrik: „Ég sagði fljótlega við hann: „Þú átt eftir að verða söngvari og alveg örugglega leikari." Hann er nefnilega svo góður í hvoru tveggja. Svo erum við að vanda með trompetleikarana Ásgeir H. Steingrímsson og Eirík Örn Pálsson og Eggert Pálsson pákuleikara úr Sinfóníunni með okkur og Lenka Mátéová er á orgelinu. Stundum syngjum við líka án undirleiks, það er mjög skemmtilegt, sérstaklega í Hallgrímskirkju. Við erum farnir að kunna á hana,

**ÞAÐ ER MJÖG ÁHRIFAMIKIÐ ÞEGAR 80 KARLAR OG KANNSKI 600 MANNS STANDA Í KIRKJUNNI OG SYNGJA.**

eftir 23 ár." En hvað ætlar Elmar að syngja?

„Elmar kemur til með að syngja Ave-Maríu Sigvalda Kaldalóns og Ó, helga nótt sem allir þekkja. Svo syngur hann með okkur og tónleikagestum Guðs kristni í heimi, Nóttin var sú ágæt ein og Heims um ból. Það er mjög áhrifamikið þegar 80 karlar og kannski 600 manns standa í kirkjunni og syngja."

Karlakór Reykjavíkur varð 90 ára í upphafi þessa árs. Hann var stofnaður 3. janúar 1926 af Sigurði Þórðarsyni tónskáldi. Þrír stjórnendur hafa borið hann uppi í 86 ár, einn þeirra er Friðrik sem hefur stjórnað hátt í þrjá áratugi.

„Ég ætlaði bara að vera einn mánuð. Páll Pampichler, stjórnandi kórsins og líka Sinfóníunnar, bað mig að koma og raddþjálfa. En hann hætti fljótlega eftir að við kynntumst og sagði: „Þú tekur bara við," segir Friðrik og lofar mikilli hátíð um helgina.

gun@frettabladid.is



Friðrik er óþreytandi í kórstjórastarfinu, hann hefur sinnt því í 27 ár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# RAFMÖGNUÐ JÓL

**JBL Bluetooth heyrnartól**
JBL-T450BTBLACK
Öflug en fislétt Jbl Bluetooth heyrnatól
32mm driver
JBL Pure Bass sound
Tíðnisvið: 20Hz 20kHz
Innbyggður míkrafónn
Allt að 11 klst rafhlaða
Samanbrjótanleg
Litur: Svartur

7.995KR





**JBL Bluetooth hátalari**
JBL-GO
Þráðlaus bluetooth tenging v4.1
Lithium hleðslurafhlaða (allt að 5 klst ending)
Hægt er að taka við símtölum
USB kapall fylgir
6,8 x 8,3 x 3,1 cm
Litur: Margir litir

Verð nú 2.895KR
V.á 4.495KR

15% AFSLÁTTUR
Verð nú 5.946KR
V.á 6.995KR



**Philips rakvél**
PHS-S1310
CloseCut hnífar
4-Direction Flex hausar
Easy Grip þægilegt grip
8 klst hleðsla gefur 35 mín í rakstri
Virkar fyrir 100 - 240v kerfi
Notar SH30 hausa

40% AFSLÁTTUR
Verð nú 2.397KR
V.á 3.995KR



**Vidal Sassoon sléttujárn**
VID-VSST2957
25mm Keramík plötur
30 sekúndur að hitna
Glæsileg hönnun
Slekkur á sér sjálft

**2 in 1 Hárblásari með bursta**
REV-RVHA6475
1000W
2 hitastillingar
Lon conditioning tækni
CoolShot tækni
1.8 m snúra

7.995KR



20% AFSLÁTTUR
Verð nú 3.996KR
V.á 4.995KR



**Philips skeggsnyrtir**
PHS-BT405
Skeggsnyrtir með sjálfbrýnandi hnífum
Klippibreidd 32mm
20 stillingar (0.5-10m)
Gott grip
10klst hleðsla
Gefur 25 mín. notkun

**PHILIPS rakvél m.hleðslu + nefháraklippur**
PHS-HQ699680
CloseCut hnífar
Flex & Float - Reflex Action
Easy Grip þægilegt grip
Bartskeri
1klst hleðsla gefur 35+ mín í rakstri
Hægt að nota beint í rafmagn
Virkar fyrir 100 - 240v kerfi
Notar HQ56 hausa

Verð nú 10.396KR
V.á12.995KR
20% AFSLÁTTUR



25% AFSLÁTTUR



**Melissa Djúpsteikingarpottur**
MEL-16290024
2200 wött
Hitastig: 90-190°C
Tekur 3 Lítra
Gúmmífætur
Stór karfa með handfangi
Litur: Silfur

Verð nú 5.996KR
V.á 7.995KR



**ARIETE heilsu / hamborgaragrill**
ARI-185
1200W
Viðloðunarfríar grillplötur
Fínt fyrir Panini/samlokur /pylsur og kjúkling
Grillar 2 hamborgara á innan við 5 mín.
Brauðhitari

7.995KR

5.495KR



**ARIETE poppvél** - ARI-2952
1100W
Poppar með heitum blæstri, tekur 2 mínútur að poppa.
Gagnsætt lok með áfyllingar íláti

Allt úrval fæst í öllum búðum nema Eiðistorgi. Gildir til og með 31. desember.
Birt með fyrirvara um myndbrengl og prentvillur.



Tilvalin jólagjöf

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# Komnar frá Amsterdam með tónlist í farteskinu

**Þær Guja Sandholt mezzósópran og Helena Basilova píanisti halda ljóða- og jólatónleika í Fríkirkjunni annað kvöld. Þær eru báðar búsettar í Amsterdam.**

„Við erum ekki með alveg hefðbundið aðventuprógramm því þar er ekki einvörðungu íslensk og erlend jólatónlist heldur ætlum við að flytja líka hátíðlegan ljóðaflokk eftir Richard Wagner,“ segir Guja Sandholt mezzósópran spurð út í tónleika sem hún heldur í Fríkirkjunni annað kvöld, ásamt hinni hollensk/rússnesku Helenu Basilova píanista. Tónleikarnir hefjast klukkan 20.

Guja segir ljóðaflokkinn þá tónlist sem oftast heyrist eftir Wagner fyrir utan óperurnar. „Þetta eru fimm mjög fræg ljóð með fallegu og heimspekilegu þema, það fyrsta er um engil og það síðasta um drauma. Þau eru öll skrifuð af Mathilde Wisenbock og tónsett af Wagner en þau tvö voru víst mjög náin en ekki gift. Reynir Axelsson er búinn að þýða ljóðin svo það verður ekkert mál að skilja þau.“

Guja og Helena eru báðar búsettar í Amsterdam í Hollandi og þar vinna þær stundum saman. Guja kveðst hafa búið í tíu ár ytra, þar af sex í Amsterdam en áður í Salzburg og London. Nú er hún sjálfstætt starfandi söngkona og hefur nóg að gera. „En ég er alltaf að horfa heim og langar að verða virkari hér, þessir tónleikar eru liður í því,“ segir hún. „Mér fannst líka stórkostlegt að fá Helenu til að koma hingað sérstaklega til að spila með mér. Hún hefur komið fram víða um heim á sínum ferli og er einn af athyglisverðustu píanistum sinnar kynslóðar í Hollandi. Hún verður bara í fjóra daga á Íslandi en ég ætla að dvelja fram yfir hátíðarnar.“

Tveir ungir söngvarar sem eru í námi í Listaháskólanum og Tónlistarskólanum í Reykjavík ætla að koma fram með Guju að syngja með henni einn dúett hvort. Þau eru Sólveig Sigurðardóttir og Þórhallur Auður Helgason. Bæði eru þau í sönghópnum Fjárlaganefnd sem hefur vakið athygli að undanförnu.

„Ég hlakka mikið til tónleikanna,“ segir Guja. „Mér finnst æðislegt að fá að syngja hér heima. Við ætlum að lýsa upp kirkjuna með kertaljósum og skapa hátíðlega stemningu.“

**gun@frettabladid.is**



**Helena Basilova og Guja Sandholt á æfingu í Fríkirkjunni. Þær ætla að koma þar fram annað kvöld.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Að missa, gráta og sakna

**BÆKUR**

**Og aftur deyr hún**

★★★☆☆

**Ása Marín**

**Útgefandi:** Björt
**Fjöldi síðna:** 119
**Kápa:** Vilhjálmur Warén
**Prentun** Prentmiðlun

Alda Hjaltadóttir er látin, langt fyrir aldur fram. Í bókinni Og aftur deyr hún fylgjumst við með sorg hennar nánustu, móður hennar, bestu vinkonu og ástmanns en fáum líka innsýn í líf eiginkonu ástmannsins og sonar hans. Saman varpa þessar fimm manneskjur ljósi á líf Öldu og dauða og hvaða áhrif andlát hennar hefur á líf þeirra sem eftir eru, jafnvel þeirra sem þekktu hana ekki neitt.




Og aftur deyr hún er stutt saga sem skiptist í stutta kafla þar sem þriðju persónu sögumenn miðla sögunni. Sjónarhornið flakkar á milli persóna sem hver þekkti í raun aðeins sinn hluta af hinni látnu og með því að leggja saman þeirra sjónarhorn fáum við lesendur mynd af manneskju sem er þó fjarri því að vera heil því enn er mörgum spurningum ósvarað um hver við erum, hver þekkir okkur, hvern þekkjum við og hvernig er okkar upplifun af okkur sjálfum og öðru fólki í samhengi við raunveruleikann, ef hann er þá til sem eitthvað áþreifanlegt og óumbreytanlegt.

Bókin snýst mikið um sorg og söknuð, ekki bara eftir þeirri sem fór og því sem hún færði þeim sem eftir lifa heldur líka eftir þeim einstaklingum sem persónurnar eitt sinn voru og þeim aðstæðum og lífi sem þær eitt sinn áttu.

Kaflarnir sem fjalla um sorgina eru best unnir í bókinni og þar fá persónurnar lit.

Persónurnar hafa allar sína breyskleika og meira gert úr því að draga þá fram heldur en kosti þeirra, nema þá helst móðurinnar og lýsingarnar á því hvernig hún þræðir jarðarfarir til að veita sorg sinni útrás eru átakanlegar. Þá eru lýsingarnar á sorg ástmannsins og hvernig hann reynir að létta á henni með því að leita til fráhverfrar eiginkonunnar einnig vel gerðar. Í þeim köflum má sjá áhugaverða vinnslu úr persónum og tilfinningum sem alveg hefði mátt sjá víðar í bókinni því annars eru persónurnar meira eða minna huglausar og staðnaðar í frekar tilgangslausri sjálfselsku sem nær ekki alveg að fanga áhuga lesandans. Ekki einu sinni Alda, sem er örlagavaldur í lífi þeirra flestra auk þess sem líf sumra hreinlega virðist hverfast um hana, nær að vekja áhuga. Það hefði verið gaman að fá aðeins margvíðari mynd af öllum persónunum og ekki síst henni.

Sagan gerir einnig atlögu að því að vera spennusaga þar sem ýmsum þykir ólíklegt að Alda hafi í raun fyrirfarið sér og leita meðal annars svara í dagbókum hennar sem varpa reyndar ljósi á sitthvað fleira en einmitt hvort hún hafi í raun leitað hinnar endanlegu lausnar.

Og aftur deyr hún er að mörgu leyti ágætis bók sem heldur lesandanum við efnið með því að skipta ört um sjónarhorn og viðheldur áhuga á örlögum persónanna þrátt fyrir að þær sjálfar risti heldur grunnt. Það hefði þó mátt að ósekju gefa aðeins meiri tíma í að vinna með og dýpka persónurnar og söguþráðinn því það er fyllilega innistæða fyrir hvoru tveggja.

**Brynhildur Björnsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Ágætis saga, einkum kaflarnir sem fjalla um sorg og söknuð en hefði mátt vinna betur úr efniviðnum.




# „Einn af okkar öndvegishöfundum.“

Egill Helgason / Kiljan

★★★★

„Falleg og skemmtileg ...“

Brynhildur Björnsdóttir / Fréttablaðið

★★★★

„... Pétur er skemmtilegur penni – en honum ferst líka vel að róa á djúpin og hefur hann varla verið persónulegri í skrifum sínum áður.“

Maríanna Clara Lúthersdóttir / Morgunblaðið

„... Ég heillast af þessum heimi, þessu innliti inn í hugskot Péturs ...“

Þorgeir Tryggvason / Kiljan







LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið alla virka daga 10–19 | Opið um helgina 11–19 | **www.forlagid.is**








# Hvað? Hvenær? Hvar? Föstudagur

hvar@frettabladid.is

## 16. DESEMBER 2016

### Tónlist

**Hvað?** Guitar Islancio
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Café Rosenberg, Klapparstíg
Bjössi Thor, Gunnar Thordarson, Jón Rafnsson og Fúsi Óttars í Guitar Islancio ætla að bjóða upp á rafmagnað rokk, kraftmikinn blús og hvaðeina. Strákarnir verða sem sagt rafmagnaðir í kvöld og það verður söngur og allt.

**Hvað?** Prins Jóló
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Húrra, Naustunum
Prinsinn fylgir eftir nýja jólalaginu sínu með stórtónleikum á Húrra. Það er aldrei að vita nema að vinir hans, þeir Valdimar, Snorri Helga og Teitur Magnússon, mæti ásamt öðrum gestum. Með Prinsinum verður Árni plúseinn úr FM Belfast. Einungis 2.000 krónur inn.

**Hvað?** Pascal Pinon
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Pascal Pinon er dúett skipaður þeim systrum Áshildi og Jófríði Ákadætrum. Þær gáfu út plötu fyrir ekki margt löngu og munu þær spila lög af plötunni í Mengi í kvöld. Þetta er þriðja platan þeirra en það er alveg líklegt að eitthvað fleira verði leikið þarna.

**Hvað?** Jólahádegisdjass
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Kex hostel, Skúlagötu
Kvartett saxófón- og klarinettleikarans Hauks Gröndal mun sveifla nokkrum þekktum jólalögum í göróttan djassbúning. Ásgeir J. Ásgeirsson leikur á gítar, Þorgrímur Jónsson á kontrabassa og Erik Qvick á trommur. Ókeypis inn.


Jón Jónsson er draumasonur allra Íslendinga. Hann spilar fyrir stöppuðum Austurbæ í kvöld.

**Hvað?** Hádegistónleikar Tónlistarfélags Akureyrar
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Hof, Akureyri
Þetta eru síðustu hádegistónleikar Tónlistarfélags Akureyrar á þessu ári. Fram koma Þórhildur Örvarsdóttir söngkona og Eyþór Ingi Jónsson orgelleikari, sem mun leika bæði á harmóníum og flygil. Þau munu töfra fram ljúfar jólatónafreistingar þar sem á boðstólum verða íslensk og skandinavísk jólalög og sálmar. Þetta eru þekktar íslenskar jólaperlur í bland við skandinavísk lög sem minna hafa heyrst hér á landi. Þessi tónlist er einnig uppistaðan í nýrri jólaplötu Þórhildar, „Hátíð“ sem hlotið hefur einróma lof. Miðaverð er 2.000 krónur.

**Hvað?** Jón Jónsson
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Austurbær, Snorrabraut
Jón Jónsson heldur stórtónleika í Austurbæ í kvöld. Þetta er árlegur viðburður orðinn og ef við skoðum söguna er mjög líklegt að það seljist fljótt upp. Þetta eru ekki jólatónleikar þó kunni að vera að þarna verði ekki langt í jólaandann. Með Jóni verður hljómsveitin hans og síðan mæta góðir gestir. Miðaverð 3.900 krónur.

**Hvað?** Jólatónleikar KK og Ellenar
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Vídalínskirkja, Garðabæ
Að margra mati koma jólin ekki fyrr en að afstaðinni árlegri tónleikaröð systkinanna KK og Ellenar. Þetta er einn af þessum föstu punktum í tilverunni og árið í ár verður engin undantekning. Þessi söngelsku og sívinsælu systkini flytja sín eigin lög í bland við sígildar jólaperlur sem koma öllum í rétta skapið. Þeim til halds og trausts verður úrvalssveit tónlistarmanna undir stjórn hljómborðsleikarans Jóns Ólafssonar.

**Hvað?** Eitthvað fallegt
**Hvenær?** 20.00 og 22.30
**Hvar?** Fríkirkjan í Reykjavík
Söngvaskáldin Ragnheiður Gröndal, Kristjana Stefáns og Svavar Knútur halda sína árlegu jólatónleika sem heita eftir plötunni þeirra Eitthvað fallegt. Á tónleikunum kennir ýmissa grasa úr jólagarðinum, bæði verða flutt sígild íslensk jólalög og nokkur frumsamin lög eftir listafólkið og er áherslan lögð á látleysi, einfaldleika og einlægni í flutningi. Allur hljóðfæraleikur er í höndum tríósins og er hljóðheiminum þannig haldið eins lágstemmdum og mögulegt er. Ragnheiður, Kristjana og Svavar leggja upp úr því að stemningin á tónleikunum verði líkust kvöldvöku eða góðri samverustund og verða m.a. lesnar jólasögur og fundið upp á ýmsum gleðileik milli jólalaganna. Þetta á því að vera hin fínasta stund fyrir alla fjölskylduna. Miðaverð er 3.900 krónur.

**Hvað?** Dúndurfréttir
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Græni hatturinn, Akureyri
Hljómsveitin Dúndurfréttir fagnaði fyrir skömmu 20 ára afmæli sínu. Dúndurfréttir hafa flutt lög sveita á borð við Pink Floyd, Led Zeppelin, Deep Purple og Uriah Heep. Hljómsveitin hefur síðustu ár haldið stóra tónleika í Eldborgarsal Hörpu þar sem fluttar hafa verið í heild sinni plötur Pink Floyd, Dark Side of the Moon, Wish You Were Here og The Wall. The Wall var flutt fjórum sinnum fyrir fullu húsi með sinfóníuhljómsveit og voru tónleikarnir gefnir út á DVD. Á tónleikum kvöldsins mun hljómsveitin leika klassískt rokk eins og það gerist best. Hljómsveitina skipa: Matthías Matthíasson, Pétur Örn Guðmundsson, Einar Þór Jóhannsson, Ólafur Hólm og Ingimundur Óskarsson.

**Hvað?** Dikta
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Græna herbergið, Lækjargötu
Komu jólin snemma í ár? Svo sannarlega, því hljómsveitin Dikta mun bregða undir sig betri fætinum og stíga á svið föstudaginn 16. desember á skemmtistaðnum Græna herberginu. Miðaverð 3.000 krónur.

### Viðburðir

**Hvað?** Opin vinnustofa
**Hvenær?** 15.00
**Hvar?** Gullhöllin, Gufunesi
Listamennirnir Sigrún Lára Shanko og Þóra Björk Schram opna vinnustofu sína ásamt hönnuðinum Ólafi Þór Erlendssyni, grænmetiskokkinum Hönnu Hlíf Bjarnadóttur, rithöfundinum Ingibjörgu Kr. Ferdinandsdóttur og Þorgrími Kára Snævarr, rithöfundi og myndskreyti.

**Hvað?** Þriggja ára afmælisveisla Mengis
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Mengi, Óðinsgötu
Crystal Karma (Arnljótur Sigurðsson) þeytir skífum, Skúli Sverrisson og Ólöf Arnalds flytja tónlistaratriði og boðið verður upp á veitingar. Frítt inn og allir velkomnir.

**Hvað?** Listvísi útgáfuhóf
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Ekkisens, Bergstaðastræti
Í kvöld verður fagnað nýrri útgáfu af tímaritinu Listvísi – Málgagn um myndlist innan veggja Ekkisens á sérstökum Jóla Art Baazar. Þetta er 6. tölublað blaðsins en seinast var það gefið út í maí 2015. Tímaritið er hugsað sem sýningarrými fyrir listelskendur landsins. Sá bragur sem blaðið ber að þessu sinni endurspeglar af einlægum og kómískum hug það ástand sem hefur verið viðloðandi í landinu undanfarin ár.

**Hvað?** Hnallþórujól með Björgvin og Esther
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Gaflaraleikhúsið, Hafnarfirði
Söguviðið er Ísland í kringum 1950. Björgvin og Esther leika íslensk hjón og skemmtikrafta sem eru í heimsókn frá Bandaríkjunum. Þar hafa þau ferðast um, sungið með Ellu Fitzgerald, Dean Martin og fleirum, ásamt því að heilla frámáfólk á borð við Marilyn Monroe og Joe DiMaggio. Þau segja skemmtisögur af ríka og fræga fólkinu, jólum fortíðarinnar sem og nýjungum sem komu fram á þessum tíma eins og „Frozen TV dinner“, örbylgjuofninum og fyrsta litasjónvarpinu. Með þeim er úrvalslið frábærra tónlistarmanna þar sem áhersla er lögð á stórbrotnar raddútsetningar í anda sjötta og sjöunda áratugarins. Almennt miðaverð er 3.900 krónur en hópafsláttur er 3.500 krónur og þá er miðað við tíu manns.

**Hvað?** Litlu jólin í Ægisgarði
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Ægisgarður, Granda
Það eru Litlu jólin í Ægisgarði og gestgjafar okkar ætla að draga fram jólabjórinn frá bruggmeistara Víking ölgerðar og gefa gestum að smakka. Farið verður yfir sögu hvers bjórs fyrir sig og tekið létt spjall um hvernig hann bragðast. Að lokum svífum við inn í aðventuna með ljúfum tónum frá Sigríði Thorlacius.






Skrautlegt!
Nú höfum við lækkað verð á allri jólavöru í versluninni. Kíktu við og gerðu enn betri kaup.
© Inter IKEA Systems B.V. 2016
TILBOÐ
495,-/24 í setti
Nýtt VINTER 2016
skraut 750,-
JAFNLAUNA-VOTTUN VR
Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - www.IKEA.is
IKEA




**BJÁNALEGA STÓRI JÓLAÞÁTTURINN**
Jólastemningin verður allsráðandi þegar Logi Bergmann fyllir myndverið af tónlistarmönnum, skemmtikröftum og öðrum kærkomnum gestum. Við tökum stöðuna á stemningunni um bæinn og búumst við óvæntum og hressilegum uppákomum í setti. **Ekki missa af jólaþætti ársins!**

SPENNANDI
**FÖSTUDAGSKVÖLD**
Fáðu þér áskrift á **365.is**
**365**




**THE X-FACTOR UK**
Það er komið að hörkuspennandi lokaþætti í einum vinsælasta skemmtiþætti heims þar sem þau Sharon Osbourne, Louis Walsh og Nicole Scherzinger ásamt Simon Cowell munu krýna næstu stórstjörnu Bretlands.

**ALIEN ABDUCTION**
Spennutryllir um fjögurra manna fjölskyldu sem fer saman í útilegu. Allt gengur eins og í sögu þar til þau verða vör við mjög einkennilegan ljósagang á himni.



**THE OTHER GUYS**
Will Ferrell og Mark Wahlberg fara á kostum í þessari gamanmynd um tvo leynilögreglumenn sem reyna að feta í fótspor tveggja bestu lögreglumanna í New York.



**GILMORE GIRLS**
Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í smábæ ásamt dóttur sinni Rory. Þar rekur hún gistiheimili og hugsar vel um vini og vandamenn.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag. **365.is**

# DAGSKRÁ

# Föstudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Jóladagatal Afa
**07.05** The Simpsons
**07.25** Tommi og Jenni
**07.45** Kalli kanína og félagar
**08.05** The Middle
**08.30** Pretty Little Liars
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.20** Grand Designs Australia
**11.10** Restaurant Startup
**11.50** White Collar
**12.35** Nágrannar
**12.55** Beyond the Lights
**14.50** Home Alone 3
**16.30** Lego Batman: The Movie - DC Super Heroes United
**17.40** Jóladagatal Afa
**17.45** Bold and the Beautiful
**18.05** Nágrannar
**18.30** **Fréttir Stöðvar 2** Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá
**18.55** **Íþróttir** Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna
**19.05** Fréttir Stöðvar 2
**19.20** Bjánalega stóri jólaþátturinn
**21.05** **The X-Factor UK** Einn vinsælasti skemmtiþáttur veraldar þar sem efnilegir söngvarar fá tækifæri til að slá í gegn. Simon Cowell fer fyrir dómnefndinni en með honum við dómaraborðið situr söngkonan Nicole Scherzinger og svo hinn kunni umboðsmaður Louis Walsh en hann er sá sem stofnaði hið kunna strákaband Boyzone og að lokum framleiðandinn og hin fjölhæfa Sharon Osbourne.
**22.50** The X-Factor UK
**00.30** **Alien Abduction** Spennutryllir frá 2014 með hrollvekjandi ívafi og segir frá fjögurra manna fjölskyldu sem ætlar sér að hafa það náðugt eina helgi saman í útilegu. Allt gengur vel þar til komið er kvöld og þau verða vör við mjög einkennilegan ljósagang á himni. Brátt kemur í ljós að þar eru ógnvekjandi geimverur á ferð og áður en varir er fjölskyldan lögð á æsispennandi flótta.
**02.00** Gospel Hill
**03.35** Maze Runner: The Scorch Trials

## STÖÐ 2 SPORT

**07.20** Domino's-deild karla
**09.00** Domino's-deild karla
**10.40** UEFA Champions League
**12.20** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**12.45** Premier League
**14.30** Premier League
**16.15** Premier League World
**16.45** NFL Gameday
**17.15** Domino's-deild karla
**18.55** PL Match Pack
**19.25** Þýski boltinn
**21.30** La Liga Report
**22.00** Körfuboltakvöld
**00.00** Premier League Preview
**00.30** Bundesliga Weekly
**01.00** NBA

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.25** Premier League
**09.05** Premier League
**10.45** Enska 1. deildin
**12.30** Football League Show
**13.00** Premier League
**14.40** Premier League
**16.20** Premier League
**18.00** Domino's-deild karla
**19.40** Enska 1. deildin
**21.45** Premier League Preview
**22.15** PL Match Pack
**22.45** NBA
**23.10** La Liga Report
**23.40** Þýski boltinn

## STÖÐ 3

**17.45** Mike and Molly
**18.10** Married
**18.35** The Big Bang Theory
**19.00** New Girl
**19.25** Modern Family
**19.50** Community
**20.15** The New Adventures of Old Christine
**20.40** Gilmore Girls
**21.25** Last Ship
**22.10** Entourage
**22.45** Klovn
**23.15** Rita
**00.00** Fresh off the Boat
**00.20** Community
**00.45** The New Adventures of Old Christine
**01.10** Gilmore Girls
**01.50** Last Ship
**02.35** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Könnuðurinn Dóra
**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.47** Doddi litli og Eyrnastór
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveinsson
**08.49** Lalli
**08.55** Rasmus Klumpur og félagar
**09.00** Ævintýri Tinna
**09.25** Hvellur keppnisbíll
**09.37** Stóri og Litli
**09.49** Gulla og grænjaxlarnir
**10.00** Víkingurinn Viggó
**10.13** Kormákur
**10.25** Strumparnir
**10.47** Mæja býfluga
**11.00** Könnuðurinn Dóra
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.47** Doddi litli og Eyrnastór
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveinsson
**12.49** Lalli
**12.55** Rasmus Klumpur og félagar
**13.00** Ævintýri Tinna
**13.25** Hvellur keppnisbíll
**13.37** Stóri og Litli
**13.49** Gulla og grænjaxlarnir
**14.00** Víkingurinn Viggó
**14.11** Kormákur
**14.23** Strumparnir
**14.45** Mæja býfluga
**15.00** Könnuðurinn Dóra
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.47** Doddi litli og Eyrnastór
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveinsson
**16.49** Lalli
**16.55** Rasmus Klumpur og félagar
**17.00** Ævintýri Tinna
**17.25** Hvellur keppnisbíll
**17.37** Stóri og Litli
**17.49** Gulla og grænjaxlarnir
**18.00** Víkingurinn Viggó
**18.11** Kormákur
**18.23** Strumparnir
**18.45** Mæja býfluga
**19.00** Lási löggubíll

## GOLFSTÖÐIN

**08.30** Waste Management Phoenix Open
**14.35** PGA Tour – Highlights
**15.30** ANA Inspiration
**18.30** Golfing World
**19.20** AT&T Pebble Beach
**21.15** PGA Tour – Highlights
**22.10** 2016 Players Official Film
**23.05** 2016 FedExCup Playoffs Official Film

## BÍÓSTÖÐIN

**11.50** Tenacious D. in The Pick of Destiny
**13.25** Dolphin Tale
**15.10** The Citizen
**16.50** Tenacious D. in The Pick of Destiny
**18.25** Dolphin Tale
**20.15** The Citizen
**22.00** **The Other Guys** Will Ferrell og Mark Wahlberg fara á kostum í þessari spennandi gamanmynd frá 2010. Myndin fjallar um tvo leynilögreglumenn sem grípa tækifærið til þess að feta í fótspor tveggja bestu lögreglumanna í New York sem fallnir eru frá. Tvíeykið tekur að sér viðamikla rannsókn um leið og þeir neyðast til þess að líta fram hjá ólíkum persónuleikum sínum. Mun þeim takast að láta ljós sitt skína innan lögreglu-flotans?
**23.50** Need for Speed
**02.00** Mistress America
**03.30** The Other Guys

## RÚV

**16.20** Góð jól
**16.25** Ferð til fjár II
**16.50** Ferðastiklur
**17.35** Táknmálsfréttir
**17.45** KrakkaRÚV
**17.46** Jóladagatalið – Sáttmálinn
**18.13** Jóladagatalið – Leyndarmál Absalons
**18.45** Góð jól
**18.50** Öldin hennar
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veður
**19.40** Augnablik – úr 50 ára sögu sjónvarps
**20.00** Útsvar
**21.15** Vikan með Gísla Marteini
**22.05** Planes, Trains and Automobiles
**23.40** American Hustle
**01.50** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Síminn + Spotify
**08.00** America's Funniest Home Videos
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Biggest Loser
**09.45** The Biggest Loser
**10.30** Síminn + Spotify
**13.05** Dr. Phil
**13.45** The Odd Couple
**14.05** Man With a Plan
**14.25** Speechless
**14.50** The Office
**15.10** The Muppets
**15.35** Gordon's Ultimate Christmas
**16.25** The Tonight Show starring Jimmy Fallon
**17.05** The Late Late Show with James Corden
**17.45** Dr. Phil
**18.25** Everybody Loves Raymond
**18.50** King of Queens
**19.15** How I Met Your Mother
**19.35** America's Funniest Home Videos
**20.00** The Voice Ísland
**21.30** Little Fockers
**23.10** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**23.50** Killshot
**01.30** Sex & the City
**01.55** The Affair
**02.40** The Family
**03.25** Quantico
**04.10** The Tonight Show Starring Jimmy Fallon
**04.50** The Late Late Show with James Corden
**05.30** Síminn + Spotify

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


Allt í jólapakkann
og fyrir jólaundirbúninginn
HNÍFAPARASETT
24 stk. Windsor 18.
6.745kr.
Almennt verð: 8.995 kr.
41114127
TELEFUNKEN
STRAUJÁRN
2200W.
1.496kr.
Almennt verð: 1.995 kr.
41117062
TRISTAR
BRAUÐRIST
2.959kr.
Almennt verð: 3.945 kr.
42351799
BOSCH
RAFMAGNS-
SKRÚFJÁRN
IXO V + IXO Lino 3,6V.
5.995kr.
Almennt verð: 7.995 kr.
74864006
Harðir pakkar með notagildi!
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Tilboð gilda til 18.desember.
Dagskrá Breidd
LAUGARDAGINN 17.DES
MOSFELLSKÓRINN 13-14
JÓLAJAZZ (SPILASJÚKIR) 14-15
SUNNUDAGINN 18.DES
JÓLAJAZZ (SPILASJÚKIR) 13-13:45
ÁLAFOSSKÓRINN 14-15
SKOÐAÐU JÓLAGJAFAHANDBÓKINA Á BYKO.IS
NOKKRAR HUGMYNDIR
25% AFSLÁTTUR AF SPILUM OG LEIKFÖNGUM
25% AFSLÁTTUR AF MATAR- OG KAFFISTELLUM
HEIL SETT
25% AFSLÁTTUR AF BÍLAVÖRUM
HREINN BÍLL UM JÓLIN
25% AFSLÁTTUR AF POTTUM OG PÖNNUM
byko.is
Auðvelt að versla á byko.is
BYKO
SKREYTUM SAMAN

## ALLT FYRIR ÞORLÁKSMESSUVEISLUNA




998
kr. kg
**NF Saltfiskbitar**
Útvatnaðir, frosnir




1.298
kr. kg
**Fiskbúðin okkar Skata**
Kæst og söltuð

## NORÐLENSKT HANGIKJÖT




2.198
kr. kg
**Fjalla Hangiframpartur**
Úrbeinaður

2.598
kr. kg
**Fjalla Hangilæri**
Úrbeinað




169
kr. 100 g
**Toblerone**
100 g

700g




698
kr. 700 g
**Appolo Lakkrís**
700 g

1kg




979
kr. 1 kg
**Walkers Karamellur**
1 kg




95
kr. 0,5 l
**Víking Hátíðarblanda**
0,5 l




95
kr. 0,5 l
**Víking Malt**
0,5 l




95
kr. 0,5 l
**Egils Appelsín**
0,5 l

1,3kg




1.598
kr. 1,3 g
**Mackintosh Konfekt**
1,3 kg

1,5L




195
kr. 1,5 l
**Coca Cola**
1,5 l

2L




198
kr. 2 l
**Coke Zero**
2 lítrar

## ÓMISSANDI UM JÓLIN

2kg




2.498
kr. 2 kg
**Mackintosh Konfekt**
2 kg

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




**1.198** kr. 900 g

900g

**ES Kjúklingabringur**
Frosnar, 900 g

**BÓNUS**
**skilar til viðskiptavina ólöglegri gjaldtöku ríkisins við útboð á kvóta til innflutnings á kjöti.**



**3.198** kr. kg

**Nautalundir**
Þýskaland, frosnar

# GOTT VERÐ Í BÓNUS




98% kjöt

**1.998** kr. kg

**Kalkúnabringa**
Þýskaland, frosin

FRAMLEIDDUR AF Ali




**1.359** kr. kg

**Bónus Hamborgarhryggur**
Með beini




2,4kg

**2.498** kr. stk.

**Peking Önd**
Þýskaland, frosin, 2,4 kg

Ali

VINSÆLASTI HAMBORGARHRYGGURINN Í BÓNUS




**1.698** kr. kg

**Ali Hamborgarhryggur**
Með beini




**1.959** kr. kg

**Ali Hamborgarhryggur**
Úrbeinaður

## OPNUNARTÍMI

| | |
|---|---|
| 17. DES. LAUGARDAGUR | 10-19 |
| 18. DES. SUNNUDAGUR | 12-18* |
| 19. DES. MÁNUDAGUR | 11-19 |
| 20. DES. ÞRIÐJUDAGUR | 11-19 |
| 21. DES. MIÐVIKUDAGUR | 11-19 |
| 22. DES. FIMMTUDAGUR | 10-20 |
| 23. DES. FÖSTUDAGUR | 10-21 |
| 24. DES. LAUGARDAGUR | 10-22 |
| | 10-14 |

*LOKAÐ Í SKÚTUVOGI

BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

# Frægir á ferð og flugi

Fræga fólkið er augljóslega í miklu jólaskapi og flestallir brostu sínu breiðasta til papparassanna sem fylgja þeim yfirleitt hvert fótmál. Katrín hertogaynja lék til að mynda á als oddi þegar hún fagnaði 100 ára afmæli skátahreyfingarinnar Cub Scout Pack með börnunum í London í vikunni.



Fyrirsætan Chrissy Teigen spókar sig um götur New York ásamt litla krílinu sem hún á með leikaranum John Legend.



Katrín hertogaynja átti fund með ungum skátum á miðvikudaginn.




Leikkonan stórglæsilega Amanda Seyfried var afslöppuð í göngutúr með hundinn sinn í blíðunni í Los Angeles. NORDICPHOTOS/GETTY



Stórleikarinn og söngvarinn David Cassidy fékk mynd af sér með Sveinka þegar hann kom fram í hinum vinsæla þætti Hollywood Today Live.



Það var bjart yfir leikkonunni Jennifer Garner þar sem hún var í göngutúr með vinkonu sinni, og jólastressið hvergi nærri.



Leikkonan Nicole Kidman skellti upp sparibrosinu þegar hún steig út úr bílnum sínum í London, jafnvel tilbúin í jólagjafaleiðangur?

## Jón Jónsson með tónleika í Austurbæ

„Þetta er í raun allt saman tilviljun. Frikki bróðir fékk þá hugmynd árið 2011 að halda bræðratónleika í Bæjarbíói í Hafnarfirði svona skömmu fyrir jól. Það gerðum við tvö ár í röð en svo árið 2013 var hann í Flórída og ég einn og yfirgefinn á Íslandi. Þá plötuðu vinir mínir hjá Austurbæ mig til að halda tónleika ásamt hljómsveitinni minni og síðan hefur þetta verið gert á hverju ári," segir Jón Jónsson tónlistarmaður aðspurður um tilkomu árlegu tónleikanna sinna í Austurbæ.

Tónleikarnir fara fram föstudaginn 16. og laugardaginn 17. desember. Þó tónleikarnir séu haldnir skömmu fyrir jólin eru þeir ekki eiginlegir jólatónleikar.

„Þessir tónleikar snúast um að flytja lögin mín í sinni stærstu mynd. Í fyrra bættust blástursleikarar í hópinn og það lukkaðist svo vel að þeir hafa verið ómissandi hluti af bandinu síðan," segir Jón og bætir við að það geti vel verið að það verði einhver viðbót þetta árið en það verði að koma í ljós.

*En hvernig hefur undirbúningurinn gengið?*

„Hann hefur gengið virkilega vel enda undirbúningurinn ekkert nema skemmtilegur. Áskorunin um að gera betur en árið á undan er líka hvetjandi og þá hjálpar að hafa gott fólk með sér í liði sem er tilbúið að leggja hönd á plóginn og redda hinum ótrúlegustu hlutum. Stór hluti af undirbúningnum er svo auðvitað miðasalan og maður er alltaf jafn ótrúlega hoppandi glaður þegar maður sér fleiri miða fara en maður átti nokkru sinni von á. Góð miðasala er bensín á vél tónlistarmannsins og hún gerir mann staðráðinn í að gera vel á sviðinu," útskýrir Jón þakklátur.

gudrunjona@frettabladid.is



Jón Jónsson heldur sína árlegu tónleika í Austurbæ í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

blómaval

# PAKKAJÓL
# 20-30% afsláttur



ÖLL SMÁRAFTÆKI
20-30%

**8.690kr**
~~11.590kr~~

**Blandari**
Mix&Go.
1804553



ÖLL RAFMAGNS-VERKFÆRI
20-30%

BLACK&DECKER

**16.995kr**
~~27.495kr~~

**Höggborvél**
18V, 2 rafhlöður, 1,3Ah Li-ion.
5245557



ÖLL BÚSÁHÖLD
20-30%

**7.490kr**
~~9.990kr~~

**Eldhúshnífar**
5 stk. í standi.
2007431



ALLUR TRUE NORTH FATNAÐUR
20-30%

TRUENORTH

**4.499kr**
~~5.999kr~~

**Jakki dömu**
5852678-89

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl, úrval getur verið mismunandi milli verslana.

## FRÍ HEIMSENDING Á HUSA.IS

**Sendum frítt ef verslað er í vefverslun fyrir 5.990 kr eða meira**

**Jólagjafirnar eru á husa.is**

# JÓLATRÉ
# VERÐLÆKKUN

**Blómaval lækkar verð á innfluttum jólatrjám um 11-15% vegna styrkingar íslensku krónunnar**

**Opið til 21:00 Skútuvogi alla daga til jóla**



Byggjum á betra verði

www.husa.is

# Hresstu upp á jólalagalistann



Radiohead flytja hið klassíska lag Winter Wonderland.



Stefán Þór Hjartarson
stefanthor@
frettabladid.is



Kanye West á lagið Christmas in Harlem.

Lífið tekur hér saman nokkur jólalög sem ættu að lífga upp á hvaða jólapartí sem er, hvort sem um er að ræða gífurlega hressa veislu eða mjög erfitt jólaboð með ókunnugum.

Einn umdeildasti þáttur jólanna er líklega jólalögin. Á hverju ári fer í gang deilan um hvenær sé best að byrja að spila þau. Sumir vilja byrja í nóvember, sumir segja að fyrsti sunnudagur aðventu sé heppilegasti tíminn, enn aðrir spila þau bara einhvern tímann og þá til að koma sér í jólagírinn. Síðan kemur deilan um hvort þessi lög séu óþolandi eða frábær, er Ef ég nenni með Helga Björns snilld eða er það alveg hræðilegt, hvað með öll þessi ítölsku lög og svo framvegis og svo framvegis.

Eitt er víst að það eru ekkert sérstaklega mörg lög sem fólk hugsar um þegar það hugsar um jólin. Það virðast alltaf vera nánast sömu lögin sem eru langsamlega mest spiluð. Við hjá Lífinu erum auðvitað algjörir englar og þvílík jólabörn og höfum því tekið saman slatta af lögum sem eru ekki spiluð jafn mikið og eru kannski öðruvísi en þessi týpísku lög sem fá að hljóma hvað mest í útvarpinu í desember. Hér ætti að vera eitthvað fyrir alla, bæði þá sem þola ekki jólalög almennt og líka fyrir alla þá sem elska jólin og vilja lífga upp á play-listann sinn.

## ÖÐRUVÍSI ÚTGÁFUR AF ÞEKKTUM LÖGUM

**Sum jólalög eru bara klassísk og verða að fá að hljóma hjá sumum. Hér á eftir fylgja nokkrar ferskar útgáfur af þessum lögum**

**Radiohead – Winter Wonderland**
Radiohead með klassískt jólalag og tekur það bara í nokkuð hefðbundna átt.

**Low – Little Drummer Boy**
Low gera eitt besta jólalagið algjörlega að sínu. Þetta kemur af jólaplötu Low sem heitir einfaldlega Christmas.

**Sigur Rós – Ég fæ jólagjöf**
Sigur Rósar útgáfan af þessu hressa lagi er ekki alveg jafn hress, en stórgóð engu að síður.



Carly Rae Jepsen neglir Last Christmas alveg þvílíkt. NORDIC PHOTOS/GETTY



Sigur Rós setur ávallt sinn svip á allt sem þeir snerta. NORDIC PHOTOS/GETTY

**Carly Rae Jepsen – Last Christmas**
Carly hendir í nútíma poppútgáfu af þessu jólapoppi, algjört popp óverlóð.

**Weezer – Christmas with Weezer**
Hljómsveitin Weezer bjó til heila jólaplötu þar sem hún tók nokkur þekkt jólalög eins og Silent Night og O Holy Night. Platan var upphaflega hljóðsporið fyrir samnefndan símaleik hljómsveitarinnar sem er af einhverjum ástæðum til.



Strákarnir í The Ramones kunnu að koma fólki í alls konar gír, þar á meðal jólagírinn. NORDICPHOTOS/GETTY

## NOKKUR DÚNDRANDI HRESS FYRIR JÓLABÖRNIN

Nokkur frumsamin jólalög sem setja okkur á Lífinu alveg í bullandi gír. Þetta er það eina sem við höfum hlustað á þennan mánuðinn.

**Run DMC – Christmas in Hollis**
Jólin koma líka til Hollis eins og kemur svo skýrt fram í þessu ótrúlega hressa jólalagi. Til að komast almennilega í jólastuðið er nauðsynlegt að horfa á myndbandið með.

**Outkast – Player's Ball**
Kannski ekkert sérstaklega jólalegt lag, en er þó í raun jólalag. Það er reyndar aldrei minnst á hátíð ljóss og friðar í laginu. Strákarnir í Outkast voru fengnir til að semja jólalag og þetta var útkoman. Þess má geta að Player's Ball er hittingur melludólga sem fer fram í Chicago á hverju ári.

**The Ramones – Merry Christmas (I Don't Want to Fight Tonight)**
Griðarhresst lag um ákveðna erfiðleika í sambandi, en samt einhvern veginn svo kjánalegt að það verður að vera í hressa flokknum.

**Gucci Mane – St. Brick Intro**
Gucci Mane hefur líklega átt besta ár allra jarðarbúa og hann toppar það með því að gefa út þetta stórskemmtilega jólalag sem er inngangurinn á jólaplötunni hans East Atlanta Santa. Segja má að lagið fjalli um hvernig hann Gucci kýs að eyða jólunum sínum.

**Jim Jones – Bad Santa Intro**
Jim Jones er mikið jólabarn og hefur gefið út tvær jólaplötur. Þetta er fyrsta lagið á annarri þeirra, Bad Santa. Hérna fjallar hann um jólin í Harlem sem eru ansi súrsæt enda er árið 2008 þegar þetta lag kom út og bullandi kreppa í gangi. Samt alltaf gaman á jólunum.

**Kanye West – Christmas in Harlem**
Meira um jólin í Harlem. Kanye West gerði þetta lag ásamt þvílíku gengi af listamönnum, hér eru það þau CyHi the Prynce, Teyana Taylor, Cam'ron, Jim Jones, Vado, Pusha T, Big Sean og Musiq Soulchild sem fagna jólunum með Kanye okkar West.

## OG SMÁ FYRIR TRÖLLIÐ

Sumir bara hata jólin og það er bara þannig. Hér eru lög fyrir hatarann.

**Run The Jewels – A Christmas f*cking miracle**
Íslandsvinirnir í Run the Jewels eru ekkert sérstaklega hrifnir af jólunum og ákváðu því að gera lag um það.

**Sufjan Stevens – Songs for Christmas**
Jólaplata/plötur Sufjan Stevens eru ekkert sérstaklega hressar. Eitt vinsælasta lagið af þessum safnpakka er That Was the Worst Christmas Ever en það fjallar um jólin hjá mjög brotinni fjölskyldu.

**LCD Soundsystem – Christmas Will Break Your Heart**
Ástarsorg á jólum, ekkert verra en það og um það fjallar þetta tregafulla lag með hinni annars hressu sveit LCD Soundsystem.

**Tvíhöfði – Jólasveininn**
Tvíhöfði fjallar um ansi alvarlegan misskilning á jólum en þetta lag er afsökunarbeiðni manns sem heldur að jólasveininn sé innbrotsþjófur og gengur í skrokk á honum.

**Hurts – All I Want for Christmas Is New Years Day**
Hurts vill bara að jólin endi sem fyrst.



Sufjan Stevens virðist vera frekar efins um jólin svona almennt, þó að hann sé nokkuð jólalegur hér. NORDIC PHOTOS/GETTY



Gucci Mane hefur látið útbúa handa sér þessa líka fínu jólakeðju. NORDICPHOTOS/GETTY



Tvíhöfðamenn komu jólasveininum í hjólastól. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**HEIÐA** EFTIR **STEINUNNI SIGURÐARDÓTTUR**

# MEST SELDA & BESTA ÆVISAGAN







FYRIRSÆTA & FJALLDALA-BÓNDI




★★★★

Júlía Margrét Alexandersdóttir, Morgunblaðinu

FJÖRU VERÐLAUNIN TILNEFND

1\. Metsölulisti Eymundsson
Handbækur / Fræðibækur / Ævisögur

*„ … eiginlega bara fullkomið.“*

Stefán Jón Hafstein, Kjarninn.is

Starfsfólk Bókmenntaverðlaun 2016 bókaverslana

1\. SÆTI Í FLOKKI ÆVISAGNA

1. prentun uppseld
2. prentun uppseld
3. prentun uppseld
4. prentun á leið í verslanir!

BJARTUR

# Nokkur eftirminnilegustu dress ársins

Á rauða dreglinum snýst þetta allt um að fanga athyglina með klæðnaði. Hér er samantekt á nokkrum misfögrum dressum sem vöktu eftirtekt og umtal á þessu ári.



Söngkonan Cassie mætti í óvenjulegu dressi sem vakti athygli á hátíðinni MTV Video Music Awards í sumar. Því miður vakti hún ekki athygli fyrir flottan klæðnað, síður en svo.



Leikarinn Jared Leto vakti lukku í grænum frakka frá Gucci á frumsýningu Suicide Squad í Englandi í sumar. Bleiku buxurnar gerðu „lúkkið“ svo enn áhugaverðara.



Michelle Obama var ansi glæsileg þegar hún og eiginmaður hennar tóku á móti ítalska forsætisráðherranum og konu hans í Hvíta húsinu. Hún klæddist gylltum Atelier Versace kjól sem metinn var á rúma milljón króna.



Leikkonan og fyrirsætan Emily Ratajkowski klæddist ansi sérstökum kjól í partíi á vegum Harper's Bazaar í september. Kjólinn er úr smiðju Julien Macdonald og hylur ekki mikið.



Fyrirsætan Bella Hadid var aðalnúmerið á rauða dreglinum á Cannes-hátíðinni í sumar. Hún klæddist rauðum satínkjól frá Alexandre Vauthier. Kjóllinn var með vægast sagt hárri klauf þannig að fótleggir hennar nutu sín vel.



Beyoncé mætti í heldur betur svölu dressi á verðlaunahátíðina CDFA Fashion Icon í júní. Hún klæddist glitrandi dragt frá Givenchy og var með risastóran hatt.



Madonna tryggði að allir tækju eftir henni á MET gala-ballinu snemma í sumar með því að mæta í einstökum kjól. Um gegnsæjan blúndukjól var að ræða þannig að rass hennar og brjóst blöstu við.



**Tónlistarmaðurinn** Kanye West vakti athygli á MET gala-ballinu í sumar. Hann klæddist rifnum gallabuxum og ansi skrautlegum jakka frá Balmain. Punkturinn yfir i-ið voru svo ljósbláu augnlinsurnar sem hann var með.





NÓA Konfekt
Gullni miðinn
Til hamingju, þú hefur unnið í konfektleiknum, vinsamlegast hafðu samband við Nóa Siríus í síma 5751800 eða í gegnum netfang noi@noi.is
NÓI SÍRÍUS
LEYNIST GULLNI MIÐINN
Í ÞINNI ÖSKJU?
Kauptu konfektöskju og þú gætir **unnið 65" Samsung sjónvarp** að verðmæti 299.995 kr.*
NÓA Konfekt
*Gildir um 800 g, 1 kg og 1,2 kg öskjur.

# Stjörnurnar sem sprungu út á árinu

Á þessum tíma árs er vel við hæfi að líta yfir farinn veg og sjá hvaða stjörnur voru mest áberandi á árinu. Þetta eru þau sem tóku sín fyrstu skref og blómstruðu á árinu 2016.



**BELLA OG GIGI HADID:** Systurnar og fyrirsæturnar hafa gjörsamlega átt tískuheiminn á þessu ári. Þær prýddu forsíður allra helstu tímarita, meðal annars **GLAMOUR**, sátu fyrir í herferðum, gengu eftir mörgum tískupöllum, nú síðast í fyrsta sinn fyrir undirfataframleiðandann ***Victoria's Secret***.




**ZAYN MALIK:** Fyrrverandi meðlimur *One Direction* sem sagði skilið við sveitina í fyrra og hóf **sólóferil**. Það voru ekki margir sem höfðu trú á honum en lagið Pillow Talk sló heldur betur í gegn og getur hann kannski þakkað kærustu sinni, Gigi Hadid, sem lék eftirminnilega í myndbandinu, fyrir eitthvað af vinsældunum.



**ALICIA VIKANDER:** Sænska leikkonan hefur heldur betur átt gott ár. Hún byrjaði það með því að fá *Óskarsverðlaun* og hefur svo leikið í fjölda kvikmynda á árinu. Vikander hefur einnig verið eftirsótt af fjölmiðlum og prýtt forsíður tímarita á árinu.



**LILY ROSE DEPP:** Þetta var gott ár fyrir **dóttur Johnnys Depp** og Vanessu Paradis sem sprakk heldur betur út árinu. Þar ber helst að nefna að hún er andlit nýjasta ilmvatns Chanel og hefur Karl Lagerfeld tekið hana undir sinn verndarvæng. Hún vill ekki skilgreina sig sem fyrirsætu og stefnir á leiklistina eða listasenuna í framtíðinni.



**KYLIE OG KENDALL JENNER:** Það kemur varla út tímarit í heiminum í dag án þess að þar sé að finna mynd af *Jenner-systrum*. Önnur sem ein heitasta **fyrirsæta** ársins og hin með varalitalínu sína, **Kylie lip kit**, sem hefur slegið í gegn. Báðar eru vinsælar á samfélagsmiðlum og það má næstum segja að allt sem þær snerta verði að gulli.



**SOFIA RICHIE:** ***Dóttir Lionels Richie*** sem komst almennilega á stjörnukortið eftir orðróm um að hún væri byrjuð að slá sér upp með poppprinsinum **Justin Bieber** fyrr á árinu. Hún lauk svo árinu með því að sýna fyrir Chanel í París í byrjun desember. Þetta var því óneitanlega mikilvægt ár hjá Richie.




**ASHLEY GRAHAM:** Ein af stofnendum *Alda samtakanna* og talskona fjölbreyttra líkamsmynda í tískuheiminum. Hún hannar sína eigin undirfatalínu og hefur setið fyrir hjá fjölda fyrirtækja. Nú síðast prýddi hún forsíðu breska Vogue og fékk mjög jákvæð viðbrögð.

GLAMOUR
Farðu inn á Glamour.is og fáðu daglegar fréttir úr heimi hönnunar, lífsstíls og tísku.
• Facebook • Instagram • Twitter
*#Glamouriceland*




24 Hagkaup
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Spöng & Eiðistorg

Netgíró

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla









Þeir sem vilja verja áramótunum með Páli geta keypt miða á áramótaballið á midi.is. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Verður heima þessi áramótin

**Páll Óskar verður með Pallaball á Spot í Kópavogi um áramótin en þetta er í fyrsta sinn í 12 ár sem Páll verður í bænum á gamlárskvöld. Hingað til hefur hann haldið uppi stuðinu á Akureyri.**

„Ég ætla að telja í Pallaball með öllu tilheyrandi á Spot í Kópavogi um áramótin. Ég er nú ekki vanur að spara glingrið og glamúrinn og það verður engin breyting þar á,“ segir Páll Óskar og hlær. Hann lofar alvöru balli þar sem öllu verður til tjaldað. Páll mun spila sína eigin tónlist í bland við gamalt diskó og klassíska partítónlist. „Já, ég blanda alltaf saman, minni eigin tónlist við aðra bæði nýja og gamla tónlist. Ég „performera“ þetta svo með dansi, búningaskiptum og látum.“

Eins og áður sagði hefur Páll varið seinustu 12 áramótum fyrir norðan. „Ég hef alltaf verið í Sjallanum á Akureyri og ég elska að spila þar. En málið er bara að nú er fjölskyldan mín farin að sakna mín og ég er farinn að sakna fjölskyldunnar. Mig langar bara að prófa að vera heima hjá mér á gamlárskvöld,“ segir Páll sem er yngstur af sjö systkinum. „Þetta er stór fjölskylda. Mig langar að borða með þeim áramótamatinn, taka Skaupið með þeim og skjóta nokkrum bombum.“

> **MÁLIÐ ER BARA AÐ NÚ ER FJÖLSKYLDAN MÍN FARIN AÐ SAKNA MÍN OG ÉG ER FARINN AÐ SAKNA FJÖLSKYLDUNNAR.**

## Kominn tími á að vera með fjölskyldunni

„Þetta hefur yfirleitt verið þannig að fjölskyldan hittist hjá elsta bróður mínum á meðan ég hef verið ... ekki kannski einmana um áramótin, en ég meina, ég kaus að gera þetta svona,“ segir Páll sem finnur að nú er kominn tími til að verja áramótunum með sínum nánustu. „Þegar maður spilar og túrar svona mikið þá kallar það á að maður sé fjarri fjölskyldunni á einhverjum tímapunktum, og þú þarft stundum að hafa mikið fyrir því að hitta fjölskylduna og vinina. En ég get ekki sagt að ég sjái eftir neinu. Þessi vinna gefur mér svo mikið og á meðan mér líður eins og ég geti gefið af mér, þá er þess svo sannarlega þess virði.“

Þó að Páll hafi viljað breyta til þessi áramótin þá kom ekki til greina að taka sér frí. „Nei, þetta er eitt það skemmtilegasta sem ég geri í lífinu. Ég passa mig samt á að vera í fríi þegar tækifæri gefst. Ég vinn mjög mikið og það líður varla sú helgi að ég sé ekki að troða einhvers staðar upp. En í staðinn þá eru mánudagar og þriðjudagar eins og sunnudagar hjá mér,“ útskýrir Páll.

En er hann búinn að strengja áramótaheit? „Já, áður en árið 2017 er liðið þá langar mig að vera búinn að halda mína fyrstu stórtónleika í Laugardalshöll. Ég er að undirbúa það núna og líkurnar á að ég sé að fara að vera með stórtónleika á næsta ári eru mun meiri en minni. Það yrði þá með haustinu. Þetta krefst gríðarlega mikils undirbúnings, þetta verður eins og að setja söngleik um líf mitt á svið,“ segir hann bjartsýnn. **gudnyhronn@365.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




Geysir Skólavörðustíg 7 & 16 & Kringlan, Reykjavík. Hafnarstræti, Akureyri. Geysir, Haukadalur. Sími 519 6000 — geysir.com.

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.

Póstdreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

Bakþankar

Hildar Björnsdóttur



# Jól eftir þessi jól?

Hughrifin færa okkur árstímann. Dísætur bökunarilmur faðmar skilningarvitin. Veðurbarinn gluggi ljómar við ylhýran loga. Litríkt ljósaskrúð miskunnar sig yfir sótsvart skammdegið. Ljúfar minningar – kannski ljúfsárar – verma guðhræddar sálir.

Ég hef alltaf verið sannkallað jólabarn. Í barnæsku voru jólin slíkur tilhlökkunartími að gjarnan var grátið þegar yfir lauk. Eitt var þó alltaf huggun harmi gegn. Það kæmu jól eftir þessi jól.

Með hækkandi aldri færðist eilítill skuggi yfir árstímann. Allt í kring vesladist fólk upp af kvíða. Einhverjir forfölluðust jafnvel úr vinnu. Ekki nægir fjármunir til veglegra jólagjafa. Rykfallnir gardínukappar og klístraðir hornskápar. Óbakaðar smákökusortir. Smánarleg jólabráð og óflokkaðar skúffur.

Jólin eru mörgum erfiður tími. Raunverulega átakanlegur tími. Til eru þeir sem eiga hvergi húsaskjól og aðrir sem búa í stríðshrjáðum löndum. Sumir syrgja ástvini sem kvöddu alltof fljótt. Einhverjir horfa í augu barna sinna og hafa áþreifanlega ástæðu til að óttast að jólin verði ekki fleiri. Þessi verði mögulega þau síðustu. Það komi kannski ekki jól eftir þessi jól.

Auðvitað hafa allir rétt til að fjargviðrast yfir eigin tilveru. Komast í uppnám stöku sinnum. Munum þó að ofantaldir myndu allir á augabragði skipta sorgum sínum út fyrir smálegar áhyggjur annarra. Hversdagsleg tilbúin vandræði.

Hvernig væri að setja hlutina í samhengi þessi jólin. Leggja til hliðar óþarfa. Staldra við í augnablikinu. Gera það sem færir okkur ánægju. Með þeim sem færa okkur ánægju. Við vitum aldrei hvað morgundagurinn færir. Hvort það komi jól eftir þessi jól. Skiljum hismið frá kjarnanum. Gleðjumst og njótum.

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN Í ENGIHJALLA, VESTURBERGI OG ARNARBAKKA
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland







VERÖLD HVÍLDAR – BETRA BAK LEGGUR GRUNN AÐ GÓÐUM DEGI

FRÁBÆR JÓLATILBOÐ

CHIRO UNIVERSE HEILSURÚM

25% AFSLÁTTUR JÓLATILBOÐ!


Aukahlutur á mynd: gafl

- Fimm svæðaskipt yfirdýna.
- Laserskorið Conforma Foam heilsu- og hægindalag tryggir réttan stuðning við neðra mjóbak og axlasvæði.
- Vandað pokagormakerfi. Minni hreyfing, betri aðlögun.
- Vandaðar kantstyrkingar.
- Slitsterkt og mjúkt bómullaráklæði.
- Þykkt: 29 cm.

CHIRO UNIVERSE MEÐ COMFORT BOTNI

| STÆRÐ | FULLT VERÐ | JÓLATILBOÐ |
|---|---|---|
| 120X200 | 151.460 KR. | 113.595 KR. |
| 140X200 | 166.460 KR. | 124.845 KR. |
| 160X200 | 189.020 KR. | 141.765 KR. |
| 180X200 | 204.020 KR. | 153.015 KR. |

15% AFSLÁTTUR

TIMEOUT HÆGINDASTÓLLINN STÓLL OG SKEMILL

Stóll, fullt verð: 299.900 kr.
Skemill, fullt verð: 79.900 kr.



JÓLATILBOÐ
322.980 kr. með skemli

25% AFSLÁTTUR

STILLANLEG RÚM



VERÐDÆMI: C&J Platinium botn með tveimur Serta Therapist heilsudýnum, 2 x 90 x 200 cm. Fullt verð: 589.800

Jólatilboð 442.350 kr.

15% AFSLÁTTUR

CLIO SVEFNSÓFI

Fáanlegur í rauðu og gráu áklæði.



Fullt verð: 369.900 kr.

Jólatilboð 314.415 kr.

BYLTING FYRIR ÞREYTTA FÆTUR

UNDRI HEILSUINNISKÓR

Með fimm svæða nuddinnleggi UNDRA heilsuinniskónna nærðu slökun og vellíðan sem dregur úr spennu og örvar blóðflæði. Skórnir eru fallegir, hlýir og einstaklega þægilegir. Dökkgrá eða ljós Merino-ull.
Komdu og prófaðu!

5 reflex zones
BYLTINGAKENNT 5 SVÆÐA NUDDINNLEGG

7.900 KR.







ÖRVUN MEÐ SVÆÐANUDDS-INNLEGGI MIÐAR AÐ ÞVÍ AÐ:



- Auka blóðflæði í höfði;
- Slaka á vöðvum í hnakka;
- Bæta öndun með því að slaka á axlasvæði;
- Samhæfa ósjálfráða taugakerfið;
- Slaka á vöðvum í efri hluta kviðar;
- Bæta virkni meltingarkerfisins;
- Bæta blóðflæði í nára.

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477
DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100
SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566
AFGREIÐSLUTÍMI Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16 | Sun. 13–17
www.betrabak.is

Betra BAK